

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um einbeittan brotavilja stjórnmálamanna. 23



**MENNING** Hæg breytileg átt frestast um sólarhring vegna veðurofsans í vikunni. 30



**LÍFIÐ** Edda Guðmundsdóttir stíliseraði Taylor Swift fyrir tónlistarmyndband. 50



**SPORT** Íslenska kvennalandsliðið setti óvinsæl met á Algarve-mótinu. 44


Til hvers að flækja hlutina?
SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!
365
365.is
Sími 1817



# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
12. mars 2015
60. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



**Sækja í sprotana**
Áhugi erlendra sprotafyrirtækja á fjárfestingu í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum í sjávarklasanum fer vaxandi. Íslenskir fjárfestar horfa til rótgróinna fyrirtækja við fjárfestingar. 20

**Garðyrkja fyrir fátæka** Hafnarfjarðarbær mun úthluta skjólstæðingum Hjálparstarfs kirkjunnar matjurtagörðum næsta sumar. 2

**Svara ekki kvörtun** Heiðar Már Guðjónsson fjárfestir bíður enn svars frá umboðsmanni Alþingis vegna kvörtunar sem hann sendi árið 2010. 8

**Einu sem draga í sæti** Alþingi Íslendinga er eina þjóðþingið sem dregur í sæti. Þingmenn una fyrirkomulaginu vel. 16





22

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | | ASA | 5 |
| Akureyri | 0° | | ASA | 4 |
| Egilsstaðir | 3° | | SA | 9 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | | SA | 15 |
| Reykjavík | 3° | | A | 9 |

**HVASST SYÐRA** SA 8-15 m/s, en 15-20 SA-til síðdegis. Víða úrkoma og talsverð SA-til síðdegis, en úrkomulítið NA- og A-lands. Gengur í hvassa V-átt S-til í kvöld. Hlýnandi veður. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk





# Mikill meirihluti vill skylda foreldra til að bólusetja börn

Yfir áttatíu prósent þeirra sem afstöðu taka vilja skylda foreldra til að láta bólusetja börn sín. Konur eru ívið meira fylgjandi því en karlar. Heilbrigðisráðherra segir niðurstöðuna ekki koma á óvart í ljósi umræðunnar.

**HEILBRIGÐISMÁL** Yfirgnæfandi meirihluti landsmanna vill skylda foreldra til að láta bólusetja börn sín. Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins. Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 82 prósent vilja skylda foreldra til slíks en 18 prósent sögðust ekki vilja það.

Þegar tekið er tillit til allra svara segjast 75 prósent vera fylgjandi því að skylda foreldra til að láta bólusetja börn sín, 16 prósent segjast ekki fylgjandi því, 8 prósent eru óákveðin og 1 prósent svaraði ekki spurningunni. Af þeim sem taka afstöðu segjast 85 prósent fylgjandi því að skylda foreldra en 15 prósent svara spurningunni neitandi. En 79 prósent karla segjast fylgjandi því að skylda foreldra til að bólusetja börn sín en 21 prósent er ekki fylgjandi.

Í febrúar var birt svar Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn á Alþingi þar sem fram kemur að á bilinu fimm til tólf prósent barna hér á landi eru ekki bólusett.

Kristján sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að niðurstöður skoðanakönnunarinnar kæmu sér ekki á óvart.

„Í ljósi umræðu síðustu vikna kemur þetta ekki ýkja mikið á óvart, en er ágætis vitnisburður um mjög ríkan vilja Íslendinga til þess að halda bólusetningum við. Við höfum séð þetta endurspeglast ágætlega í þátttöku fólks í bólusetningu hér á landi. Í raun er það umhugsunarefni og á vissan hátt ánægjulegt, að minni hyggju, að sjá hversu ríkur vilji er til þess að halda þessu hlutfalli sem hæstu,“ segir Kristján.

Könnunin var gerð dagana 10. og 11. mars. Hringt var í 1.024 manns, þar til 800 svör fengust. Svarhlutfallið er því 78,1%. **- jhh**

**➜ Finnst þér að skylda eigi foreldra til að bólusetja börn sín?**







**LEITARAÐGERÐIR VEGNA LÍKFUNDAR** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitaði í gær vísbendinga við strandlengjuna við Sæbraut til að freista þess að bera kennsl á lík um sextugrar konu sem fannst nærri Sólfarinu í fyrradag. Þyrla Landhelgisgæslunnar og kafarar sérdeildar Ríkislögreglustjóra aðstoðuðu við leitina sem hefur enn ekki borið árangur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**TÓGA** Hjá fjölda skóla tíðkast að klæðast að rómverskum sið eitt kvöld í ferðinni. MYND/KRISTÍN RELEENA JÓNASDÓTTIR

Ferðast í tvær vikur til Balí:

# Útskriftarferðir kostnaðarsamar

**SKEMMTUN** Kostnaður við útskriftarferðir framhaldsskólanema getur hlaupið á rúmri kvartmilljón fyrir hvern nemanda.

Fréttablaðið gerði úttekt á ferðum sex framhaldsskóla með bekkjakerfi. Lengd þeirra er frá viku og upp í hálfan mánuð. Dýrasta ferðin var ríflega helmingi dýrari en sú sem ódýrust var.

Misjafnt er milli ferða hvort matur og drykkur er innifalinn í verðinu. Hjá sumum skólum er ótakmarkað áfengi á hótelbarnum innifalið í verðinu hluta ferðarinnar. **- jóe /** **sjá síðu 38**

Tveir undir læknishendur vegna notkunar ólöglegra skjaldkirtilshormóna:

# Hormónalyf á svörtum markaði

**HEILBRIGÐISMÁL** Karl Andersen, prófessor í hjartalækningum, vill vara fólk við að taka inn skjaldkirtilshormón til að léttast. Tvö alvarleg tilfelli hafa orðið nýverið vegna þess að fólk hefur tekið inn skjaldkirtilshormón sem það keypti á svörtum markaði. Inntaka lyfjanna olli gáttaflökti og hjartastoppi.

„Ég hef áhyggjur af því magni sem fólk er að taka inn af óhefðbundnum lyfjum. Fullfrískt fólk er að taka inn skjaldkirtilshormón sem eru flutt inn til landsins og seld á svörtum markaði. Fólk er að taka þetta inn til að létta sig en veldur sér miklu heilsutjóni,“ segir Karl sem segist hafa rætt við sjúkling í vikunni sem var með hormónin í höndunum. Sá hafði fengið þau í gegnum vinnufélaga sem flutti lyfin inn frá Kína. „Þetta er stórhættulegt og fólk er að veikjast af þessu.“

Um er að ræða skjaldkirtilshormónið T3. „Það þarf að stöðva þetta,“ segir Karl.

Þegar fullfrískt fólk tekur lyf sem ætlað er að örva starfsemi kirtilsins getur fólk fengið alvarleg einkenni ofvirks skjaldkirtils. Hyperthyroidism eða thyrotoxicosis er það ástand þegar skjaldkirtillinn seytir óhóflega miklu magni af hormónum út í blóðið.

Embætti landlæknis varaði nýverið við ofnotkun og rangri notkun skjaldkirtilshormóna. **- kbg /** **sjá síðu 12**



**HEILSUTJÓN** Karl Andersen varar fólk við því að taka inn lyf af gáleysi og án eftirlits lækna. Það geti valdið heilsutjóni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin
Engin venjuleg upplifun





Heimilistæki
ht.is




## SPURNING DAGSINS



Kemur þetta aftan að mönnum?

**„Nei, það er aldrei of seint í rassinn gripið.“**

Ásgerður Sverrisdóttir krabbameinslæknir segir nauðsynlegt að koma á skipulagðri skimun vegna ristilkrabbameins. Karlar þurfi að vera meðvitaðri um hættuna á ristilkrabbameini en þeir fara mun síður í ristilspeglun en konur.

Grískir ráðamenn halda fast við kröfur sínar á hendur Þýskalandi um stríðsskaðabætur:

# Merkel vísar skaðabótakröfunum á bug

**ÞÝSKALAND** Þýska stjórnin hafnar alfarið kröfum grískra stjórnvalda um skaðabætur vegna framferðis Þjóðverja í Grikklandi á árum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Steffen Seibert, talsmaður Angelu Merkel Þýskalandskanslara, segir málið löngu afgreitt, bæði lagalega og pólitískt. Reuters-fréttastofan skýrði frá þessu.

Seibert segir engar viðræður í gangi við Grikki, hvorki af hálfu Merkel kanslara né Wolfgangs Schäuble fjármálaráðherra.

Þá hefur Reuters eftir talsmanni þýska fjármálaráðuneytisins að kröfur Grikkja séu einungis tilraun til að beina athyglinni frá hinum alvarlega fjárhagsvanda Grikkja.

Þýskir nasistar hertóku Grikkland og drápu þar tugi þúsunda manna á árunum 1941 til 1944. Þá eyðilögðu nasistar hundruð þorpa í Grikklandi og hirtu fé úr gríska ríkissjóðnum.

Þjóðverjar segja allar kröfur um frekari stríðsskaðabætur vera úr sögunni eftir að bæði Austur- og Vestur-Þýskaland gerðu samning við hernámsveldin fjögur, Bretland, Frakkland, Rússland og Bandaríkin, árið 1990, stuttu fyrir endursameiningu þýsku ríkjanna. - gb



**JANIS VARÚFAKIS OG ALEXIS TSIPRAS** Fjármálaráðherra og forsætisráðherra nýju grísku vinstristjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**SIGRI HRÓSANDI** Íraskir hermenn komnir til Tikrit. NORDICPHOTOS/AFP

Sókn íraska hersins gegn vígasveitum Íslamska ríkisins:

## Hafa náð hluta Tikrit á sitt vald

**ÍRAK Íraskir hermenn og stuðningslið þeirra hafa nú náð á sitt vald hluta borgarinnar Tikrit, sem vígasveitir Íslamska ríkisins hertóku á síðasta ári.**

**Hálf önnur vika er liðin frá því Írakar hófu innrás sína í Tikrit. Meira en tuttugu þúsund manna herlið stendur þarna að verki, bæði frá íraska stjórnarhernum og frá sjálfstæðum hersveitum bæði sjía- og súnní-múslima.**

**Hörð átök geisa nú í borginni, sem er fæðingarborg Saddams Hussein sem í eina tíð var einræðisherra í landinu.** - gb

Verðlaun fyrir fordóma:

## Charlie Hebdo svarað í gríni

**BRETLAND** Franska skoptímaritið Charlie Hebdo hefur fengið verðlaun fyrir fordóma gegn íslam, aðeins tveimur mánuðum eftir að stór hluti ritstjórnar blaðsins var myrtur af öfgaíslamistum.

Það eru bresk alþjóðasamtök, sem nefnast Mannréttindanefnd Íslams, sem gerðust svo djörf að senda skopteiknurum blaðsins þessa köldu kveðju.

Allt var það þó í gríni gert, segir talsmaður samtakanna, til að sýna að múslimar geti líka verið ósvífnir húmoristar. - gb

Svíar hætta að selja vopn:

## Svíar og Sádar elda grátt silfur

**SVÍÞJÓÐ** Sendiherra Sádi-Arabíu í Svíþjóð var kallaður heim í gær eftir að Svíar sögðu upp vopnasölusamningi á milli ríkjanna.

Vopnasala Svía til Sádi-Araba hefur staðið yfir í mörg ár en vopnasalan hefur verið afar umdeild eftir að ríkisstjórn jafnaðarmanna og græningja tók við völdum í fyrra.

Áður hafði Margot Wallström, utanríkisráðherra Svíþjóðar, gagnrýnt stöðu mannréttinda í Sádi-Arabíu við litla hrifningu ráðamanna í Sádi-Arabíu. - srs

# Garðyrkja til að efla fátækar fjölskyldur

**Hafnarfjarðarbær mun úthluta skjólstæðingum Hjálparstarfs kirkjunnar matjurtagarða næsta sumar. Markmiðið er að auka samveru fátækra fjölskyldna, efla hollustu og auka sparnað. Fleiri sveitarfélög eru með verkefnið inni á borði sínu.**

**FÉLAGSMÁL** Umhverfis- og framkvæmdasvið Hafnarfjarðar samþykkti í gær beiðni vegna samstarfs um matjurtagarða fyrir skjólstæðinga Hjálparstarfs kirkjunnar.

Samkvæmt verklýsingu verkefnisins er því ætlað að úthluta um 40 fjölskyldum matjurtagarða þeim að kostnaðarlausu til að rækta grænmeti sumarið 2015. „Foreldrar fá með því tækifæri til að vera góð fyrirmynd fyrir börn sín og það skapar sameiginlegar gæðastundir sem eru svo mikilvægar fyrir barnið að setja í minningabankann,“ stendur í verklýsingu verkefnisins. Þá er verkefninu ætlað að fá fátækar barnafjölskyldur til að rækta sitt eigið grænmeti og spara þannig útgjöld heimilisins.

Að sögn Vilborgar Oddsdóttur, félagsráðgjafa hjá Hjálparstarfi kirkjunnar, hafa samtökin einnig leitað til Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar, Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar vegna verkefnisins en Hafnarfjörður og Reykjanesbær hafa samþykkt úthlutun matjurtagarða vegna verkefnisins.

„Við höfum verið með svona sjálfstyrkingarnámskeið fyrir skjólstæðinga okkar, á borð við fatasaum og eldamennsku,“ segir Vilborg. „Nú ætlum við að stíga næsta skref og bjóða skjólstæðingum okkar upp á að rækta matjurtagarða. Þetta er eins konar virkniúrræði og lýðheilsumál, hér getur fjölskyldan komið saman og ræktað sér hollan mat án útgjalda,“ segir Vilborg.



**VILBORG ODDSDÓTTIR** Verkefninu er ætlað að styrkja fátækar fjölskyldur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Umhverfis- og framkvæmdasvið Hafnarfjarðar hefur samþykkt málið en skjólstæðingar Hjálparstarfs kirkjunnar munu fá aðgang að þeim matjurtagörðum sem til eru fyrir á svæði Hafnarfjarðar.

„Það hefur ekki verið mikil sókn í garðana upp á síðkastið þannig að þarna er svigrúm til að hleypa Hjálparstarfi kirkjunnar að,“ segir Helga Ingólfsdóttir, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Hafnarfjarðar.

„Hafnarfjarðarbær er ekki að ráðstafa neinu fjármagni í þetta verkefni heldur bara opna garðana okkar fyrir þeim og við erum bara glöð með að vera í þessu samstarfi með Hjálparstarfi kirkjunnar,“ segir Helga. - srs

> **Hér getur fjölskyldan komið saman og ræktað sér hollan mat án útgjalda.**
> *Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi Kirkjunnar.*






Um fjögur hundruð tilnefningar bárust en verðlaun eru veitt í fimm flokkum:

# Tilnefnd til Samfélagsverðlauna

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða afhent að viku liðinni, þann 19. mars. Dómnefnd hefur valið úr þeim hundruðum tilnefninga sem bárust frá lesendum blaðsins og tilnefnt þrjú félagasamtök og þrjá einstaklinga í hverjum flokki sem verðlaun eru veitt í.

Í flokknum Hvunndagshetjan eru tilnefnd Ísleifur Patrik Friðriksson, starfsfólk Grensáss fyrir framlag sitt til að bæta heilsu fólks og Gunnar Kvaran tónlistarmaður fyrir að opna umræðu um þunglyndi.

Í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar eru tilnefnd þau Jón Freyr Þórarinsson, kennari og skólastjóri, Þórunn Björnsdóttir, söngstjóri Kórs Kársnesskóla, og Jónína Ómarsdóttir, kennari í Rimaskóla.

Í flokknum atlaga gegn fordómum eru tilnefnd Kristín Vilhjálmsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar á Borgarbókasafni, Halldór og Kári Auðar og Svanssynir sem tjáðu sig opinskátt um sálræn veikindi sín í Fréttablaðinu, og Miriam Petra Ómarsdóttir Awad, sem er hálfur Íslendingur og hálfur Egypti og er stolt af hvoru tveggja.

UN Women, Rótin og Stígamót eru svo tilnefnd til aðalverðlauna Samfélagsverðlaunanna en vinningshafinn fær tvær milljónir króna að launum. Þetta verður í tíunda sinn sem Fréttablaðið veitir Samfélagsverðlaunin. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, mun afhenda verðlaunin. Dómnefnd er skipuð þeim Kristínu Þorsteinsdóttur, ritstjóra og útgefanda Fréttablaðsins, Guðmundi Andra Thorssyni rithöfundi og Guðrúnu Ögmundsdóttur, starfsmanni innanríkisráðuneytisins.



**HANDHAFAR AÐALVERÐLAUNA 2014** Klúbburinn Geysir hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins árið 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON




ford.is

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## SVONA ERUM VIÐ



**24** **farþegaþotur á eða leigir Icelandair til að þjónusta viðskiptavini sína.**

**Þær voru 18 árið 2013.**

Forstjóri Haga segir að álagning fyrirtækisins á seldar vörur hafi ekki hækkað að undanförnu:

# Segir Haga ekki hagnast á gengisbreytingu

**NEYTENDUR** Verð á innfluttum vörum hefur ekki lækkað í samræmi við styrkingu íslensku krónunnar frá árinu 2010. Þetta má lesa úr skýrslu Samkeppniseftirlitsins um matvörumarkaðinn, sem kom út í fyrradag.

Hagar eru með 48-49 prósenta markaðshlutdeild í dagvöru. Finnur Árnason, forstjóri fyrirtækisins, segir fyrirtækið ekki hafa hækkað álagningu á þessum tíma.

„Við erum að birta okkar álagningu fjórum sinnum á ári, eitt fyrirtækja á þessum markaði. Það kemur fram í opinberum gögnum okkar að yfir þetta tímabil þá hefur okkar álagning frekar verið að lækka en að hækka,“ segir Finnur.



**FINNUR ÁRNASON**

Finnur vísar í töflu í skýrslunni um framlegð verslunarinnar á árunum 2010 og 2014. „Þar kemur fram að vegið meðaltal er 20,2 prósent á báðum tímapunktum. Sem segir að ef það er einhver gengisbati umfram verðlag, þá er hann ekki í versluninni,“ segir Finnur. Hann vill engu svara um það hvort birgjar hafi hirt gengishagnaðinn. - jhh

### VEGIÐ MEÐALTAL FRAMLEGÐAR

| | 2010 | 2014 |
|---|---|---|
| Innlendar vörur frá innlendum framleiðendum | 19,1% | 19,2% |
| Innlendar vörur frá tengdum fyrirtækjum | 17,1% | 20,6% |
| Erlendar vörur frá innlendum heildsölum | 21,2% | 20,4% |
| Erlendar vörur innfluttar af verslanasamstæðum | 24,6% | 24,6% |
| Vegið meðaltal | 20,2% | 20,2% |



**EKKI SÁTT UM VELFERÐARKERFIÐ** Sigríður Lillý Baldursdóttir segir ekki sátt ríkja um velferðarkerfið sé það opið fyrir svikum. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR

Mörg hundruð milljóna svik:

## Úrskurður kom forstjóra á óvart

**STJÓRNSÝSLA** Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar, segir stofnunina stöðva bótagreiðslur að upphæð 100 milljónir króna á ári vegna svika. Snemma í mánuðinum úrskurðaði Persónuvernd að fyrirkomulag við móttöku nafnlausra ábendinga stæðist ekki lög.

Sigríður segir úrskurðinn hafa komið sér og öðrum starfsmönnum í opna skjöldu. „Nafnlausar ábendingar eru hluti af eftirlitsumhverfinu í nágrannaríkjunum og þar er sams konar persónuverndarlöggjöf. Ég er viss um að við finnum á þessu flöt. Þetta kom okkur í opna skjöldu. Við töldum að þetta væri eins og vera bæri, að það væri sátt um aðferðir okkar.“ - kbg

### LEIÐRÉTT

Ranglega var farið með föðurnafn ráðuneytisstjórans í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í undirfyrirsögn í Markaðnum í gær. Hún heitir Sigríður Auður Arnardóttir, eins og fram kom í meginmáli textans.

# Í verkfall stefnir eftir páska

Til verkfalla gæti komið eftir viðræðuslit SGS og SA. Ótrúverðugt að fólk á lágmarkslaunum eigi að standa undir stöðugleikanum, segir formaður SGS. Aldrei þessu vant snúi kröfur ekki að ríkinu vegna svikinna loforða.

**KJARAMÁL** Aðildarfélög Starfsgreinasambandsins (SGS) kjósa um mögulegar verkfallsaðgerðir í rafrænum kosningum fyrir páska, segir Björn Snæbjörnsson, formaður SGS. Heimild til að boða aðgerðir segir hann liggja fyrir eftir árangurslausan samningafund hjá Ríkissáttasemjara á þriðjudag.

Björn segir að atkvæðagreiðsla um verkfallsboðun verði sameiginleg hjá öllum sextán félögunum sem að SGS standa. „Þetta á því að verða búið fyrir páska og svo verður boðað til verkfalls og það verður þá einhvern tímann eftir páska.“

„Þetta var svolítið snubbótt. Þeir neituðu bara að ræða við okkur um okkar kröfur,“ segir Björn um fund samninganefndar SGS við fulltrúa Samtaka atvinnulífsins (SA) hjá Ríkissáttasemjara á þriðjudag.

„Við höfum talað um að lægsti taxti færi í 300 þúsund krónur innan þriggja ára. Við erum tilbúin til að ræða hlutfallslega styttri samning, en markmiðið er að ná þessum tölum innan þriggja ára.“ Félagið hefði hins vegar verið til í að ræða aðrar tölur, mögulega 50 þúsund króna hækkun, í samningi sem þá næði kannski til eins og hálfs árs. SA hafi hins vegar bara hafnað kröfugerð sambandsins og þar standi málið.

Í tilkynningu á vef SA er SGS sagt hafa hafnað stöðugleika og nálgun SA um að „halda áfram að byggja upp kaupmátt launa á grundvelli verðstöðugleika“. Í stað þess sé nálgun SGS að krefjast tuga prósenta launahækkana sem leiða muni til mikillar verðbólgu á skömmum tíma og stökkbreyta verðtryggðum skuldum heimila og fyrirtækja, hækka vexti og fella gengi krónunnar.

Björn segir SGS ekkert gera með fullyrðingar SA. „Við erum með 0,8 prósenta verðbólgu og kaupmáttaraukningu á sama tíma og fullt af hópum hafa fengið fínar launahækkanir.“ Björn segir einkennilegt að sumir geti hækkað og aðrir ekki. „Ég man ekki eftir því að rætt væri um að þjóðfélagið færi á hliðina ef læknar fengju kauphækkun. En svo er alltaf sami söngurinn ef fólkið sem er með taxta upp 200 þúsund krónur ætlar að fara fram á kauphækkun, 100 þúsund kall á þremur árum. Þá er eins og allir séu að flýja skerið.“

Björn spyr hvar sé ábyrgð þeirra hópa sem fengið hafi hækkanir umfram þau markmið sem lagt var upp með í kjarasamningum í fyrra. „Á almennt verkafólk bara að sitja eftir og lofa hinum að leika sér?“

Í nýrri grein sem Gylfi Zoëga, hagfræðiprófessor og nefndarmaður í Peningastefnunefnd Seðlabankans, skrifar í efnahagsritið Vísbendingu, segir hann ríkið þurfa að koma að samningum á almennum markaði með einhverjum hætti takist ekki að lægja öldur á vinnumarkaði.

Björn segir ekkert hafa verið rætt við stjórnvöld í tengslum við nýja samninga. Það hafi verið venjan á árum áður, en núna hafi menn engan áhuga á því. „Ríkisstjórnin lofaði ýmsu síðast og er búin að svíkja það þannig að menn hafa bara engan áhuga á að tala við stjórnvöld sem ekki standa við það sem þau lofa.“ olikr@frettabladid.is




**VERKFALLSVÖRÐUR** Mikið ber á milli í viðræðum Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambandsins. Viðræðum var slitið í fyrradag og stefnir í átök. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ➜ Samþykkktu viðræðuslitin einróma

Á vef Starfsgreinasambandsins kemur fram að fulltrúar allra 16 aðildarfélaga sambandsins sem það fari með samningsumboð fyrir hafi einróma samþykkt viðræðuslit við Samtök atvinnulífsins. Félögin eru: AFL Starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Eining-Iðja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélagið Samstaða, Stéttarfélag Vesturlands, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga og Verkalýðsfélag Þórshafnar.



**❞ Menn hafa bara engan áhuga á að tala við stjórnvöld sem ekki standa við það sem þau lofa.**

*Björn Snæbjörnsson, formaður Starfsgreinasambandsins.*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 24° | Friedrichshafen | 9° | New York | 8° |
| Aþena | 13° | Gautaborg | 6° | Orlando | 29° |
| Basel | 13° | Kaupmannahöfn | 6° | Ósló | 6° |
| Berlín | 7° | Las Palmas | 21° | París | 13° |
| Billund | 9° | London | 12° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 11° | Mallorca | 24° | Stokkhólmur | 5° |




**Á MORGUN** 10-23 m/s síðdegis og annað kvöld, hvassast S- og V-til.




**LAUGARDAGUR** 8-18 m/s.

**HLÝNANDI** Suðaustanátt í dag með hlýnandi veðri og rigningu um sunnan og vestanvert landið. Vestanstormur syðst á landinu í kvöld en á morgun gengur aftur í hvassa suðaustanátt með mikilli úrkomu og frekari hlýindum.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Markhönnun ehf

# netto

Kræsingar & kostakjör

**BURRITO KRYDD**
40 GR
~~VERÐ ÁÐUR 169,-~~
**135,-**

**TACO SKELJAR**
135 GR
~~VERÐ ÁÐUR 299,-~~
**239,-**

**TORTILLAS 8 STK**
20 CM
~~VERÐ ÁÐUR 299,-~~
**239,-**

**TORTILLA FLÖGUR**
PLAIN/CHILI/OSTA
~~VERÐ ÁÐUR 199,-~~
**159,-**

**TACOSÓSUR**
MILD/MED/HOT 225 GR
~~VERÐ ÁÐUR 249,-~~
**199,-**

**SÓSA F. VEFJUR**
225 GT
~~VERÐ ÁÐUR 249,-~~
**199,-**

**ÍDÝFUR**
OSTA 300 GR
~~VERÐ ÁÐUR 359,-~~
**287,-**

**ÍDÝFUR**
GUACAMOLE 300GR
~~VERÐ ÁÐUR 379,-~~
**303,-**

**ÍDÝFUR**
SALSA 315 GR
~~VERÐ ÁÐUR 339,-~~
**271,-**

**TORTILLAS 4 STK**
24 CM
~~VERÐ ÁÐUR 279,-~~
**223,-**

**TORTILLAS HEILHVEITI 4 STK**
24 CM
~~VERÐ ÁÐUR 339,-~~
**271,-**




# 20% afsláttur af Casa Fiesta vörum!



**KJÚKLINGABRINGUR**
DANSKAR/FROSNAR - 900G
**-21%**
**1.391**
ÁÐUR 1.761 KR/PK

**Tilboðin gilda 12. – 15. mars 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir nýr ráðuneytisstjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu?
**2.** Í hvaða landi er fótboltamaðurinn Sölvi Geir Ottesen með samning?
**3.** Hvað hefur hluthöfum í félögum skráðum í Kauphöllinni fækkað mikið frá 2007?

**SVÖR:**

**1.** Sigríður Auður Arnardóttir. **2.** Kína. **3.** Úr 7.000 í 1.400.

Tollstjóri hefur kært sterasendingu til lögreglu. Flestar stera- og lyfjasendingar koma frá Hong Kong:

# Meira magn stera í tolli en allt síðasta ár

**LÖGREGLUMÁL** Tollurinn stöðvaði á dögunum tvö kíló af sterum sem reynt var að koma til landsins.

Tollverðir stöðvuðu póstsendingu frá Hong Kong sem innihélt stera í duftformi. Sendingin var stíluð á einstakling innanlands. Tollstjóri hefur kært innflutninginn til lögreglu.

Sterunum var pakkað inn í matvælaumbúðir og áttu það sameiginlegt með öðrum álíka sendingum að koma frá Hong Kong.

Árið 2014 var stærsta einstaka sterasendingin stöðvuð en um var að ræða þrjú kíló af lyfjum í duftformi sem reyndust við nánari athugun vera tvær tegundir staðdeyfilyfja. Sú sending kom einnig frá Hong Kong á sínum tíma.

„Það virðist vera nokkuð um það að þessar sendingar séu að koma frá Hong Kong,“ segir Kári Gunnlaugsson yfirtollvörður. „Magnið sem er flutt inn hefur verið breytilegt á milli ára en það sem hefur verið flutt inn það sem af er þessu ári er um tveir þriðju af magninu sem var flutt inn í fyrra. Þetta er sjötta sendingin sem við stöðvum á þessu ári,“ segir Kári. - srs



> **Það virðist vera nokkuð um það að þessar sendingar séu að koma frá Hong Kong.**
>
> *Kári Gunnlaugsson yfirtollvörður.*



**STERAR** Tollverðir lögðu hald á tvö kílógrömm af sterum. MYND/TOLLSTJÓRI



**ÓNÝTT HEIMILI** Tárvot eldri kona stendur fyrir utan húsið sitt, sem farið hefur illa út úr átökunum í Úkraínu. NORDICPHOTOS/AFP

Leiðtogar Evrópusambandsins undirbúa áróðursstríð:

## Ráðast gegn blekkingum Pútíns

**BELGÍA Leiðtogar Evrópusambandsins búa sig nú undir áróðursstríð gegn „blekkingarherferð“ Vladimírs Pútín Rússlandsforseta varðandi Úkraínu.**

**Á leiðtogafundi ESB í næstu viku stendur til að fela Federicu Mogherini, utanríkismálafulltrúa sambandsins, að undirbúa gagnaðgerðir gegn því sem í drögum að ályktun er kallað „viðvarandi blekkingarherferðir Rússa“.**

**Það er Reuters-fréttastofan sem skýrir frá þessu. Mogherini á að fá þrjá mánuði til að undirbúa aðgerðir sem eiga að styðja við fjölmiðlafrelsi í Rússlandi og efla þar „evrópsk gildi“.** - gb

Ber ekki ábyrgð á Byrginu:

## Ríkið sýknað af skaðabótakröfu

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði ríkið af skaðabótakröfu konu sem vistuð var í Byrginu þegar hún var ólögráða. Hún segist hafa orðið fyrir varanlegu tjóni af vistun og meðferð þeirri sem forstöðumaður Byrgisins, Guðmundur Jónsson, viðhafði þar.

Kröfuna byggði konan á því að Byrgið hefði verið sjúkrastofnun og því fallið undir eftirlit landlæknisembættisins. Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði því að ríkið bæri ábyrgð og hafnaði því skaðabótakröfunni. - vh

Dýralæknaþjónusta tryggð:

## Bændur fagna samningum

**LANDBÚNAÐUR** Matvælastofnun hefur gert samkomulag við tvo dýralækna um að sinna tímabundið almennri dýralæknaþjónustu á Austurlandi og Norðausturlandi.

Fréttablaðið hefur greint frá mikilli óánægju bænda á Norðausturlandi með dýralæknaþjónustu Matvælastofnunar eftir að ekki hafði tekist að fullmanna þjónustusamninga á tveimur svæðum landsins.

„Við bændur fögnum þessu,“ segir Hermann Aðalsteinsson, bóndi á Lyngbrekku í Reykjadal. - sa

# Skrifstofustjóri í stjórnarframboði

Skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu býður sig fram til stjórnar Vátryggingafélags Íslands. Nýtur stuðnings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Stjórnarformaður lífeyrissjóðsins segir fjármálaráðuneytið ekki hafa gert athugasemdir við framboðið.

Skrifstofustjóri skrifstofu skattamála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Maríanna Jónasdóttir, er í framboði til stjórnar Vátryggingafélags Íslands. Aðalfundur er haldinn í dag. Maríanna er fyrrverandi stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hefur jafnframt gegnt öðrum trúnaðarstörfum fyrir sjóðinn.

Maríanna nýtur stuðnings lífeyrissjóðsins í framboði sínu, en A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á 6,42 prósent í fyrirtækinu. Líkt og önnur tryggingafyrirtæki lýtur VÍS eftirliti Fjármálaeftirlitsins og því hafa vaknað upp spurningar um hvort til hagsmunaárekstra kæmi ef Maríanna hlyti kjör til stjórnar.

„Við þekkjum Maríönnu afskaplega vel. Hún starfaði lengi í stjórn lífeyrissjóðsins og oftar en ekki sem formaður eða varaformaður. Þegar sú hugmynd kom upp, þá var svona gengið úr skugga um það hvort þetta samrýmdist hennar stöðu innan fjármálaráðuneytisins. Það kom svar að þeir sæju enga meinbugi á því. Og þá stöndum við á bak við framboð hennar,“ segir Árni Stefán Jónsson, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Í svari fjármálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að sú óskráða regla gildi í ráðuneytinu að starfsfólki tveggja skrifstofa er ekki heimilt að taka sæti í stjórnum eftirlitsskyldra aðila. Það eru skrifstofur efnahagsmála og fjármálamarkaðar og lögfræðisvið. Að öðru leyti gildi ekki takmarkanir umfram það sem kveðið er á um í starfsmannalögum um trúnaðarskyldur og aukastörf.

Þá segir að gegni starfsfólk störfum í stjórnum eða á öðrum vettvangi utan ráðuneytisins og þar er fjallað um mál sem einnig eru á starfssviði viðkomandi í ráðuneytinu skal það samkvæmt tilmælum ráðuneytisins víkja þar sæti.

Sex eru í framboði til stjórnar en einungis fimm stjórnarsæti eru í boði. Af þessum sex frambjóðendum eru fjórar konur en tveir karlar. Vegna laga um kynjakvóta eru karlarnir öruggir inn í stjórnina en ekki konurnar.

Eins og fréttavefurinn Vísir greindi frá fyrr í vikunni gefur núverandi stjórnarformaður, Hallbjörn Karlsson, ekki kost á sér til setu í stjórn næsta árið.

jonhakon@frettabladidid.is



**Í FRAMBOÐI** Maríanna Jónasdóttir, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, hefur unnið lengi fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Við þekkjum Maríönnu afskaplega vel. Hún starfaði lengi í stjórn lífeyrissjóðsins og oftar en ekki sem formaður eða varaformaður.**
>
> *Árni Stefán Jónsson, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.*






TILBOÐ

Við bjóðum takmarkað magn af Miele þvottavélum og þurrkurum á sérstöku tilboðsverði.
Gildir á meðan byrgðir endast.

✔ Íslenskt stjórnborð
✔ Íslenskar leiðbeiningar

Þvottavél:
verð frá kr. 139.900

Þurrkari:
verð frá kr. 114.900

vilborga@centrum.is

best brands

Miele Besta vörumerkið í Þýskalandi 2015

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is







# EINSTAKT BMW TÆKIFÆRI.

## BJÓÐUM NOKKRA FJÓRHJÓLADRIFNA BMW X1 OG GLÆSILEGA BMW 1 SERIES Á EINSTÖKU VERÐI.

Það er komið að þér að gera einstök kaup og upplifa BMW gæði, sparneytni og afl. Komdu og reynsluaktu fjórhjóladrifnum BMW X1 xDrive 18d eða BMW 1 series 116d og upplifðu aksturseiginleika BMW og aflmiklar dísilvélar sem eiga fáa sína líka.

**BMW X1 xDrive18d – 5,4 l/100 km***
**Verð 6.590 þús. kr. sjálfskiptur.**

**BMW 1 series 116d – 4,1 l/100 km***
**Verð 3.490 þús. kr. beinskiptur.**

Búnaður í **BMW X1 xDrive 18d**: x-Line pakki, Steptronic 8 þrepa sjálfskipting, 18" álfelgur, hleðslujöfnun, þakbogar, þokuljós, bakkskynjarar, loftkæling, handfrjáls símabúnaður (Bluetooth)

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

# GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

**bilaland.is**

ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN




DACIA DUSTER 4x4
Nýskr. 07/13, ekinn 90 þús. km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 142458.

Frábært verð!
2.780 þús.



NISSAN NAVARA SE
Nýskr. 07/09, ekinn 155 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.880 þús.
Rnr. 282370.



HYUNDAI iX35 COMFORT
Nýskr. 11/13, ekinn 11 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 4.990 þús.
Rnr. 120575.



SUZUKI GRAND VITARA
Nýskr. 06/11, ekinn 56 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.690 þús.
Rnr. 102377.



RENAULT MEGANE SP TOURER
Nýskr. 06/13, ekinn 55 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr. 142531.



HYUNDAI i30 COMFORT
Nýskr. 04/12, ekinn 36 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr. 142621.



FORD C-MAX TITANIUM
Nýskr. 07/13, ekinn 22 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr. 142746.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is




Forseti Íslands var viðstaddur 25 ára sjálfstæðisafmæli Litháen í gær:

# Hugrekki Íslands gott fordæmi

**LITHÁEN** Í gær fagnaði Litháen 25 ára sjálfstæði sínu en Ísland var fyrsta ríkið til að viðurkenna sjálfstæði Litháen. Í tilefni af því verður forseti Íslands viðstaddur hátíðarhöld í Litháen. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Dalia Grybauskaite, forseti Litháen, héldu sameiginlegan blaðamannafund í Vilníus í gær.

Í erindi sínu sagði Grybauskaite að Ísland væri fyrirmynd hvað varðaði hugrekki, virðingu fyrir frelsi og samstöðu með öðrum smáríkjum. Ólafur tók í svipaðan streng og lagði mikla áherslu á samstöðu og samvinnu smáríkja.

Á fundinum nýttu forsetarnir tækifærið til að ræða ástandið í Úkraínu, samstarf ríkjanna innan Atlantshafsbandalagsins og á samstarfsvettvangi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Grybauskaite sagði að fordæmið sem Íslendingar settu fyrir 25 árum væri innblástur fyrir Litháen til að hjálpa Úkraínumönnum að byggja upp eigin þjóð á ný. Jafnframt sagði hún brýnt að standa saman gegn oki Rússa sem væri ógn við alla Evrópu. **- srs**



**FORSETAR OG FRÚ** Litháen fagnar 25 ára sjálfstæði. ROBERTAS DACKUS



**SEÐLABANKINN** Eignarhaldsfélag Seðlabanka Íslands seldi öðrum fjárfestum Sjóvár fyrir um 1,6 milljarði minna en Ursus vildi kaupa félagið á. Að mati Heiðars Más hafa skattgreiðendur orðið af þeirri upphæð.

# Ekki svarað fjögurra ára gamalli kvörtun

Heiðar Már Guðjónsson fjárfestir bíður enn svars umboðsmanns Alþingis vegna kvörtunar sem hann sendi embættinu árið 2010. Segir tjón sitt vegna málsins vera um þrjá milljarða króna. Vildi kaupa Sjóvá en aðrir keyptu á mun lægra verði.

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis hefur enn ekki svarað kvörtun Heiðars Más Guðjónssonar fjárfestis, sem hann sendi embættinu árið 2010. „Hann hefur lofað því vel á þriðja ár að svar komi í næstu viku svo ég veit ekki hvað ég á að halda lengur,“ segir Heiðar Már.

Heiðar Már kvartaði til umboðsmanns Alþingis í nóvembermánuði árið 2010 sökum þess að eignarhaldsfélag Seðlabanka Íslands hefði ekki staðið nægilega vel að málum varðandi sölu ríkisins á Sjóvá. Ursus, félag í eigu Heiðars Más, hefði boðið tæplega ellefu milljarða króna í félagið en að hans sögn hefði honum verið ýtt út úr söluferlinu.

Síðar var Sjóvá selt öðrum aðilum fyrir lægri upphæð en Ursus bauð. „Þetta mál snýr að sölu á eigum ríkisins. Þar buðum við tæpa ellefu milljarða króna. Félagið er síðan selt fyrir um 9,3 milljarða. Tjón skattgreiðenda er því mikið. Eins og hlutirnir hafa þróast er mitt tjón um þrír milljarðar króna,“ segir Heiðar Már.

Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, segir rétt að málið hafi dregist en von sé á að svar berist fljótlega. „Þegar málið kemur hingað inn á borð er því ekki lokið af hálfu stjórnvalda en það er skilyrði þess að umboðsmaður geti fjallað um kvörtun. Það var síðan niðurstaða ríkissaksóknara árið 2012 að rannsókn hinna meintu brota skyldi hætt og þá var ekki tilefni til þess að umboðsmaður skoðaði þau atvik. Hins vegar vörpuðu atvik sem fram komu í þessari kvörtun ljósi á ýmis almenn atriði svo sem um birtingu á reglum Seðlabankans á sínum tíma og fyrirkomulag ákveðinna atriða í starfi bankans og í lögum um þessi mál. Það hefur legið fyrir um nokkurn tíma að þessu máli yrði lokið af minni hálfu sem frumkvæðismáli um þessi almennu atriði. Ég hafði vonast til þess að þessu máli væri lokið nú en annir við afgreiðslu á kvörtunum hafa leitt til þess að það hefur ekki tekist,“ segir Tryggvi. Umboðsmaður Alþingis hefur ítrekað tjáð Alþingi að auka



**TRYGGVI GUNNARSSON**



**HEIÐAR MÁR GUÐJÓNSSON**

þurfi fjárveitingar til embættisins ef stofnunin eigi að geta sinnt öllum þeim verkefnum sem hún á að sinna.

Í júní á síðasta ári benti Heiðar Már á að enn hefði ekkert svar borist frá umboðsmanni. „Ég inni hann eftir svörum opinberlega síðastliðið sumar. Þá var lofað bót og betrun. Síðan hefur ekkert gerst og ég bíð áfram. Þessi kvörtun mín snýr að íslenskri stjórnsýslu. Svo virðist sem einstakir embættismenn hafi hugsanlega látið persónulega skoðun á mönnum ráða ferðinni frekar en hvað lögin segja,“ segir Heiðar Már.

sveinn@frettabladid.is

Samband sveitarfélaga hefur farið yfir þriggja ára fjárhagsáætlanir:

# Spá hóflegum launahækkunum

**VINNUMARKAÐUR** Sveitarfélögin gera ráð fyrir því að launahækkanir verði fremur hófstilltar fram til ársins 2018 ef marka má fjárhagsáætlanir þeirra. Heildarafkoma þeirra mun einnig batna hægt og bítandi á næstu fjórum árum. Heildartekjur sveitarfélaganna munu vaxa úr rúmum 240 milljörðum króna á þessu ári í um 270 milljarða árið 2018. Þetta kemur fram í fréttabréfi hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, um niðurstöður úr fjárhagsáætlunum sveitarfélaga landsins.

Samkvæmt fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna sést að þau telja skatttekjur vaxa milli ára á tímabilinu. Skatttekjurnar munu hækka um 25 milljarða króna á þessu fjögurra ára tímabili.

Á sama tíma og stjórnendur sveitarfélaga telja hag sveitarfélaganna batna munu fjárfestingar þeirra lækka úr 18 milljörðum á þessu ári í um 12 milljarða árið 2018. **- sa**



**VÖXTUR** Heildartekjur sveitarfélaga hækka um tugi milljarða á næstu árum ef marka má fjárhagsáætlanir þeirra til ársins 2018.

# HOLI

fimm rétta hátíðarmatseðill

*5.990 kr. mán.-mið.*
*6.990 kr. fim.-sun.*

### *FORRÉTTUR*

**Kottayam Tiger Prawn**
*Snöggeldaðar risarækjur í kóríander, chillí, karrýlaufum og sinnepsfræjum*

### *AÐALRÉTTIR*

**Boti Kebab**
*Lambafillet marínerað í kúmíni, engiferi og garam masala - grillað í Tandoori ofninum*
*og*
**Lasooni Murgh**
*Grillaðar kjúklingalundir, maríneraðar í hvítlauk, kúmíni og grænum chillí*
*og*
**Shahi Kurma**
*Blandað grænmeti, eldað í ríkulegri sósu með kanil, kardimommum og negul*

### *MEÐLÆTI*

*Hvítlauks Naan-brauð*
*Raitha jógúrtsósa*
*Basmati-hrísgrjón*

### *EFTIRRÉTTUR*

*Kulfi - heimalagaður indverskur pistasíuís með saffran*









# HOLI-hátíð hjá Austur-Indíafjelaginu

## Gleði, litir og dásamlegur matur

Um þessar mundir halda Indverjar hina litríku HOLI-hátíð. Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi fram í apríl með ríkulegum fimm rétta HOLI-hátíðarmatseðli á frábæru verði: **5.990 kr.** mán.-mið. og **6.990 kr.** fim.-sun.

Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.
**Tryggðu þér sæti núna í s. 552 1630.**

# AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is

**Borðapantanir: 552-1630** Hverfisgata 56 Opið: sun.-fim. 17:30 - 22:00 og fös.-lau. 17:30 - 23:00

# ÁSTAND HEIMSINS






**SJÁLFSTÆÐI FAGNAÐ Í LITHÁEN** Í gær var aldarfjórðungur liðinn frá því Litháen fékk sjálfstæði eftir að hafa áratugum saman tilheyrt Sovétríkjunum. Þessa var minnst í höfuðborginni Vilníus. NORDICPHOTOS/AFP



**MINNAST HAMFARANNA Í FUKUSHIMA** Starfsmenn orkuveitunnar í Tókíó lutu höfði í þögn í tilefni þess að fjögur ár voru liðin í gær frá jarðskjálftanum mikla og flóðbylgjunni sem lagði meðal annars kjarnorkuverið í Fukushima í rúst. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**MÓTMÆLI Í ISTANBÚL** Óeirðir brutust út í Tyrklandi í gær þegar efnt var til mótmæla í tilefni þess að ár er liðið frá því að Berkin Elvan lést. Hann var fimmtán ára skólapiltur sem særðist illa þegar hann varð fyrir gashylki frá lögreglubjóni í mótmælum gegn byggingaráformum í Gezi Park í Istanbúl árið 2013. Elvan lá í dái á sjúkrahúsi í 296 daga áður en hann lést þann 11. mars í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA





**Lögfræðiþjónusta Lögréttu** veitir endurgjaldslausa ráðgjöf við gerð skattframtala í samstarfi við KPMG og Arion banka.

Ráðgjöfin verður veitt laugardaginn 14. mars kl. 13-17 í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1 í Sólinni (aðalbyggingu) og eru **allir velkomnir**.

**Hvað þarf að hafa meðferðis?**

- Lykilorð og auðkennislykil til að komast inn í heimabanka
- Veflykil inn á rsk.is
- Verktakamiða síðasta árs (ef við á)

Skilafrestur á skattframtali einstaklinga er til 20. mars.

Pólskur túlkur á staðnum

LÖGRÉTTA KPMG Arion banki HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK




**Á FLÓTTA UNDAN SPRENGJUÁRÁS** Ekki hefur tekist að verja almenning í Sýrlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ráðið fær falleinkunn

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur gjörsamlega brugðist íbúum Sýrlands, að mati Barnaheilla, Oxfam og nítján annarra mannúðar- og hjálparsamtaka.

**SÝRLAND** Um tveir tugir mannréttindasamtaka hafa sent frá sér skýrslu þar sem farið er yfir ályktanir Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna varðandi stríðsátökin í Sýrlandi, sem nú hafa staðið yfir í nærri fjögur ár.

Niðurstaðan er sú að ályktanirnar hafa ekki komist til framkvæmda og ekki haft nein áhrif í þá veru að bæta ástandið í Sýrlandi.

„Orð Öryggisráðsins eru innantóm,“ segir Andy Baker hjá Sýrlandsdeild Oxfam, alþjóðasamtaka sem berjast gegn fátækt. „Það er tími til kominn að ríkisstjórnir sem hafa kynt undir átökunum hætti því og leggi áherslu á að auka hjálparstarf til að mæta lífsnauðsynlegum þörfum fólks og þrýsti á um friðsamlega lausn.“

Teknar eru fyrir fjórar ályktanir sem Öryggisráðið samþykkti á árinu 2014. Þar er þess krafist að almenningur njóti verndar, aðgengi hjálparstarfsfólks verði bætt, hjálparstarf verði eflt og unnið verði að pólitískri lausn á deilunum.

Kröfur ráðsins eru síðan bornar saman við það sem gerðist eftir að ályktanirnar voru samþykktar, og niðurstaðan er sú að ráðið hafi gjörsamlega brugðist íbúum Sýrlands.

**76** þúsund manns létu lífið af völdum stríðsátaka í Sýrlandi á árinu 2014.

Þrjár af fjórum einkunnum eru F en ein einkunnin er D. F er falleinkunn sem þýðir að ástandið hafi hreinlega versnað eftir að viðkomandi ályktun var samþykkt, en D er næstlægsta einkunnin og þýðir að ástandið hafi hvorki versnað né skánað.

Augljóst þykir að almenningur njóti ekki verndar, aðgengi fyrir hjálp hafi ekki batnað, þörf fyrir hjálparstarf hafi aukist og fjármunir til hjálparstarfs hafi minnkað miðað við þörf.

Aðgerðarleysi þeirra sem eiga að sjá um að hrinda ályktunum Öryggisráðsins í framkvæmd hafi orðið til þess að árið 2014 varð það alversta fyrir sýrlenskan almenning frá upphafi átakanna.

Stríðsátökin í Sýrlandi hafa kostað 220 þúsund mannslíf undanfarin fjögur ár, þar af létu 76 þúsund manns lífið á árinu 2014.

gudsteinn@frettabladid.is


DEBENHAMS
COLLECTION PETITE
DEBENHAMS
principles petite
BY BEN de LISI
Ertu þreytt á að stytta?
HJÁ OKKUR FÆRÐU FATNAÐ FYRIR KONUR LÆGRI EN 160 CM Á HÆÐ. TIL Í STÆRÐUM 6-18.
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ COLLECTION & PRINCIPLES
Gerðu lífið skemmtilegra
Opið 11 - 21 í dag
Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Ráðgjöf um málefni aldraðra:

# Öldungaráðið kom saman

**VELFERÐARMÁL** Öldungaráð Reykjavíkurborgar kom saman í fyrsta skipti í gær. Ráðið mun verða nefndum og ráðum borgarinnar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Það mun stuðla að upplýsingagjöf og samstarfi borgarinnar við hagsmunasamtök, móta stefnu og tillögur.

Fimm fulltrúar eru í ráðinu og jafn margir til vara. Guðrún Ágústsdóttir er formaður.

- vh

Rússnesk lögregla sögð hafa pyntað mann grunaðan um morðið á Nemtsov:

# Játningin sögð þvinguð fram

**RÚSSLAND** Zaur Dadajev, fyrrverandi lögreglumaður sem játaði á sig morðið á stjórnarandstæðingnum Boris Nemtsov, gerði það að öllum líkindum eftir að hafa sætt pyntingum.

Þetta fullyrðir Andrei Babúshkin, sem á sæti í mannréttindaráði Rússlands. Hann segir Dadajev hafa sagt sér að hann hafi verið tvo daga í handjárnum með poka yfir höfði sér, auk þess sem hann hafi fengið raflost.

Babúshkin heimsótti Dadajev í fangelsið á þriðjudaginn. Hann segir fjölda sára á líkama Dadajevs benda til þess að játningin hafi verið fengin fram með pyntingum.

Dadajev er frá Tsjetsjeníu, rétt eins og frændi hans, Shagid Gúbasjev, sem einnig situr í fangelsi grunaður um morðið á Nemtsov. Þrír aðrir menn hafa einnig verið í fangelsi í tengslum við rannsókn á morðinu.

Boris Nemtsov hafði um árabil verið einn helsti gagnrýnandi Vladimírs Pútíns forseta. Hann var myrtur á göngu í Moskvu, rétt hjá Kreml, í síðasta mánuði.

- gb



**ANDREI BABÚSHKIN** Fulltrúi í rússneska mannréttindaráðinu heimsótti Dadajev í fangelsið. NORDICPHOTOS/AFP

Margir komu að skrifunum:

# Framhaldsskólarnir fá bókina

**MENNTAMÁL** Komin er út Handbók um geðrækt í framhaldsskólum frá Embætti landlæknis. Bókinni verður dreift í alla framhaldsskóla auk þess að vera aðgengileg rafrænt.

„Handbókin er gefin út í tengslum við geðræktarhluta Heilsueflandi framhaldsskóla en auk þess hefur embættið gefið út gátlista fyrir geðrækt þar sem er að finna ýtarlegri leiðbeiningar um hvernig styðja má við vellíðan nemenda og starfsfólks,“ segir í tilkynningu.

- óká

# Skjaldkirtilshormón seld á svörtum markaði á Íslandi

Tvö alvarleg tilfelli hafa komið upp á Landspítalanum vegna inntöku fólks á skjaldkirtilshormónum. Karl Andersen, prófessor í hjartalækningum, varar við notkun lyfja án læknasamráðs sem geti valdið heilsutjóni.

**HEILBRIGÐISMÁL** Prófessor í hjartalækningum vill vara fólk við að taka inn skjaldkirtilshormón til að léttast. Tvö alvarleg tilfelli hafa orðið nýverið vegna þess að fólk hefur tekið inn skjaldkirtilshormón sem það keypti á svörtum markaði. Inntaka lyfjanna olli gáttaflökti og hjartastoppi.

Karl Andersen, prófessor í hjartalækningum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi segir um að ræða skjaldkirtilshormónið T3. „Ég hef áhyggjur af því magni sem fólk er að taka inn af óhefðbundnum lyfjum. Fullfrískt fólk er að taka inn skjaldkirtilshormón sem eru flutt inn til landsins og seld á svörtum markaði. Fólk er að taka þetta inn til að létta sig en veldur sér miklu heilsutjóni,“ segir Karl sem segist hafa rætt við sjúkling í vikunni sem var með hormónin í höndunum. Sá hafði fengið þau í gegnum vinnufélaga sem flutti lyfin inn frá Kína. „Þetta er stórhættulegt og fólk er að veikjast af þessu. Inntaka lyfjanna hjá frísku fólki getur valdið gáttaflökti og alvarlegustu tilfellin valda hjartastoppi. Skjaldkirtilslyfið T3 er notað í tilfellum þar sem fólk glímir við vanvirkan skjaldkirtil. Í þeim tilfellum er lyfjanotkun undir ströngu eftirliti læknis, þar sem fylgst er vel með sjúklingnum. Þetta er lyf sem á alls ekki að nota nema í samráði við lækni,“ segir Karl og segir fólk gálaust að taka við lyfjum með þessum hætti.

Hann vill sérstakt átak vegna þessa og ítrekar tvö ný tilfelli þar sem fólk lenti í hættu vegna inntöku lyfjanna. „Það þarf að stöðva þetta, ég þekki að minnsta kosti tvö nýleg alvarleg dæmi um gáttaflökt og hjartastopp vegna inntöku þessara lyfja án samráðs við lækni.“

Hormónið T3, sem Karl varar við, er náttúrulegt en unnið úr dýraafurðum. Skjaldkirtillinn seytir skjaldkirtilshormónum út í blóðið. Þau eru tvö (T4 og T3) en helsta hormónið er týroxín (thyroxine: T4). Hlutverk þeirra er að stjórna efnaskiptum líkamans í víðum skilningi. Raskanir á starfsemi skjaldkirtils eru með algengustu viðfangsefnum lækna. Lyfið er stundum gefið við vanstarfsemi skjaldkirtils. Þegar fullfrískt fólk tekur lyf sem ætlað er að örva starfsemi kirtilsins getur fólk fengið alvarleg einkenni ofvirks skjaldkirtils. Hyperthyroidism eða thyrotoxicosis er það ástand þegar skjaldkirtillinn seytir óhóflega miklu magni af hormónum út í blóðið. Þetta líkist því ástandi að vera í yfirgír og gefur því fólki oft mikla orku og þrek í upphafi en þetta getur auðvitað endað í yfirkeyrslu og alvarlegum einkennum frá hjarta.

Lyfjastofnun hefur til umfjöllunar erindi vegna málsins og Embætti landlæknis varaði nýverið við ofnotkun og rangri notkun skjaldkirtilshormóna. Í grein Magnúsar Guðmundssonar læknis í Læknablaðinu í desember á síðasta ári er orðum vikið að því að hormónanotkunin virðist vera einhvers konar tískufyrirbæri og bent er á mikla aukningu á lyfjum til meðhöndlunar við skjaldkirtilssjúkdómum. Magnús ræðir þá helst um notkun T4-lyfja sem algengast er að læknir ávísi til meðhöndlunar á skjaldvakabresti. „Slík notkun byggir ekki á gagnreyndri þekkingu, heldur falskenningum um orsakir almennra einkenna sem yfirleitt eiga sér aðrar skýringar en skjaldkirtilssjúkdóma,“ segir Magnús og bendir enn fremur á að tæplega 5 prósent þjóðarinnar hafi fengið ávísað slíkum hormónum.

kristjanabjorg@frettabladid.is



**HJARTASTOPP OG GÁTTAFLÖKT** Tvö nýleg tilfelli á Landspítalanum urðu vegna inntöku skjaldkirtilshormóna sem fengin voru á svörtum markaði. Karl Andersen, prófessor í hjartalækningum, varar við gáleysi í inntöku lyfja án samráðs við lækni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Notkun skjaldkirtilshormóna á Íslandi

Fyrstu níu mánuði ársins 2014 fengu 15.324 einstaklingar ávísað skjaldkirtilshormónum, eða tæplega 5 prósent þjóðarinnar. Frá árinu 2008 til 2013 jókst heildarnotkun levótýroxíns (T4) á Íslandi um 36 prósent og á sama tíma fjölgaði notendum um 43 prósent. *Heimild: Læknablaðið, 2014, tbl. 12*



**ENGIN LÆKNING** Ekki er til lækning við garnaveiki en hægt er að bólusetja fyrir sjúkdómnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einkenni í tveimur kindum:

# Garnaveiki staðfest

**LANDBÚNAÐUR** Nýverið var garnaveiki staðfest á bæ í Skútustaðahreppi sem er í Skjálfandahólfi að því er fram kemur í tilkynningu frá Matvælastofnun. Þar segir að bóndinn á bænum greindi einkenni í tveimur kindum, kallaði til dýralækni og í kjölfarið var sent sýni á Keldur og var veikin staðfest í liðinni viku. Síðast greindist garnaveiki í Skútustaðahreppi árið 2013.

Engin lækning er þekkt við garnaveiki. Þó er hægt að bólusetja gegn sjúkdómnum en skylt er að bólusetja fé á þeim svæðum landsins þar sem hún er landlæg. Einnig er óheimilt að flytja sauðfé, geitur eða nautgripi til lífs frá garnaveikibæjum í tíu ár frá síðustu greiningu sjúkdómsins á viðkomandi bæ.

- bo

**BANDARÍKIN**

### Aftökusveitir endurvaktar

Þingmenn á ríkisþinginu í Utah hafa samþykkt að endurvekja aftökusveitir, þannig að þær sjái um að taka fanga af lífi ef banvæn lyfjablanda er ófáanleg.




Kæru húseigenda á Rjúpnahæð hafnað af úrskurðarnefnd umhverfismála:

# Vildi einbýlishúsabyggð óbreytta

**SKIPULAGSMÁL** Kæru eigenda einbýlishúss í Austurkór á hendur Kópavogsbæ vegna breytinga á skipulagi hverfisins var hafnað af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Húseigandinn sagði bæinn hafa reynt að færa eigið tjón yfir á húseigendur með því að fjölga parhúsum og íbúðum í blokkum í hverfinu eftir að einbýlishúsalóðum hafi verið skilað inn. Umferð um götu hans myndi aukast verulega.

Vísar kærandinn til þess að upprunalega hafi svæðið að stórum hluta átt að fá yfirbragð sérbýlishúsabyggðar.

„Einkum hafi verið úthlutað glæsilegum einbýlishúsalóðum sem skapað hafi ákveðið byggðarmynstur og hafi það vegið þungt í ákvörðun kæranda um að kaupa byggingarrétt,“ segir í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar um rök kærandans. „Í stað stílhreins einbýlishúsahverfis verði til mjög óstílhreinn bræðingur húsa sem líti klasturslega út.“

Kópavogsbær sagði hins vegar að ekki væri á nokkurn hátt hróflað við eign kærandans. „Stærð lóðar hans og byggingarskilmálar séu hinir sömu og áður, útsýni sé ekki skert með skipulagsbreytingunni og skuggavarp á lóð hans sé ekki meira en áður hafi verið gert ráð fyrir,“ segir nefndin meðal annars um sjónarmið bæjarins.

Kærunefndin sagði sveitarstjórnir hafa vald til að þróa byggð í samræmi við lög. Fyrra deiliskipulag hafi gert ráð fyrir 139 íbúðum en hið nýja 161 íbúð. Þá væri áætluð aukning umferðar um 16 prósent ekki talin veruleg. Kröfu kærandans um ógildingu nýja skipulagsins væri því hafnað.

- gar



**AUSTURKÓR** Húseigandi sagði það hafa vegið þungt er hann keypti byggingarrétt að úthlutað hafi verið glæsilegum einbýlishúsalóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ORIGAMI SUSHI

# FÆST Í ÖLLUM MATVÖRUVERSLUNUM HAGKAUPS

BÚIÐ TIL DAGLEGA

RÚLLA MÁNAÐARINS!



## HOISIN PEKING ÖND

PEKING ÖND, SPÍNAT, AGÚRKA, AVOCADO, RAUÐLAUKUR, HOISIN SÓSA, SPICY MAJÓNES, TEMPURAFLÖGUR OG TERIYAKI SÓSA

# Tískuvaka í miðborginni í kvöld





## REYKJAVÍK FASHION NIGHT OUT

Allt litróf tísku og hönnunar er speglað í ljúfri tónlist, léttum veitingum, sértilboðum og uppákomum af ýmsum toga í miðborginni. Opið í fjölmörgum verslunum til kl. 22:00 í kvöld og Tískuvagninn kemur þér milli staða.

Opnun HönnunarMars í Hörpu kl. 18:00. Opnun Reykjavík Fashion Festival á Sky Bar kl. 19:00. Tískusýningar RFF í Hörpu á föstudags-kvöld og laugardag og fjöldi sérviðburða alla helgina.

**Næg bílastæði og bílastæðahús um alla miðborg.**

BORÐ FYRIR TVO

**15% afsláttur af öllum stellum.**

**Laugavegi 97**

EINVERA

**10–20% afsláttur. Sólbert, nýr aldinbjór frá Ölgerðinni, sér um að svala þorstanum.**

**Laugavegi 35**

hrím

**Hrím búðirnar eru fullar af nýjum vörum!**

**Laugavegi 25 og 32**

STURLA

**15% afsláttur af öllum kjólum og herraskyrtum. Gildir frá fimmtudegi til laugardags.**

**Laugavegi 27**

kroll

**15% afsláttur af nýjum vörum og 20% afsláttur af loðfeldum.**

**Laugavegi 49**

SIGURBOGINN

**20% afsláttur af öllum buxum.**

**Laugavegi 80**

Kjólar & Konfekt

**20% af öllum snyrtivörum, 20% af PILGRIM og 30% af öllum barnakjólum.**

**Laugavegi 92**

Lífstykkjabúðin

**15% afsláttur af öllum vörum.**

**Laugavegi 82**

Ígló & Indí

**Full búð af nýjum vörum. Glaðningur fylgir kaupum.**

**Skólavörðustíg 4a**






BÍLASTÆÐASJÓÐUR
ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ



**Couture**

Nýjar vörur.

Laugavegi 86

**Penninn Eymundsson**

Frábær tilboð á hönnunar-vörum.

Laugavegi, Skólavörðustíg og Austurstræti.

**GÞ 1925 SKARTGRIPIR & ÚR**

TAX FREE: 19,35% afsláttur af öllum vörum, aðeins í dag. www.skartgripirogur.is

Bankastræti 12

**GullBúðin BANKASTRÆTI**

TAX FREE: 19,35% afsláttur af öllum vörum, aðeins í dag. www.gullbudin.is

Bankastræti 6



**eva**

Full búð af glænýjum vörum. Léttar veitingar í boði. Hlökkum til að sjá þig.

Laugavegi 26

**Kraum icelandic design**

Hönnun og hamingja í Kraum. www.kraum.is

Aðalstræti 10

**ANNARANNA**

20% afsláttur af öllum skóm og yfirhöfnum. DJ Óli Dóri spilar frá kl. 19 til 21.

Laugavegi 77

**SUOMI PRKL! DESIGN**

30% af völdum fatnaði. 10% af Moomin by IvanaHelsinki.

Laugavegi 27



**BLUE LAGOON ICELAND**

Nýja SPA ilmkertið á kr. 5.900. Léttar veitingar á boðstólum í verslun.

Laugavegi 15

**HERRAFATAVERZLUN KORMÁKS & SKJALDAR**

Nýja línan frá Kormáki & Skildi komin í hús. 10% afsláttur af íslenskri hönnun.

Laugavegi 59

**Dúkkuhúsið**

20% afsláttur af öllum vörum.

Vatnsstíg 3

**Ullarkistan**

20% afsláttur af Black Wool fyrir dömur og herra.

Laugavegi 25

MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!

— WWW.MIDBORGIN.IS —



ÞINGSJÁ



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

GJALLARHORNIÐ



**Árni Páll Árnason**

*í umræðum um innheimtuaðgerðir LÍN*

„Hér heyrðum við varnarræðu fyrir hið gamla Ísland, regluna um að þriðja manns ábyrgðir séu alltaf skynsamlegar og að fólk eigi endurkröfu á hendur aðalskuldara. Þetta er gamla ræðan sem fór með okkur á hörmulegan stað og gróf undan ábyrgðarkennd í fjármálakerfinu. Það er hrikalegt að heyra að það skuli vera menntamálaráðherra landsins og ríkisstjórnin sem núna gangi á undan og láti opinberar stofnanir ganga harðar fram en bankar voga sér að gera gagnvart þriðja manns ábyrgðum.“



**Illugi Gunnarsson**

*í umræðum um innheimtuaðgerðir LÍN*

Það er alveg rétt sem háttvirtur þingmaður Árni Páll Árnason] hefur sagt, það er búið að gera breytingar á ábyrgðarmannalögunum, en hér er um að ræða ábyrgðir sem sannarlega eru til staðar og voru samþykktar fyrir þau lög. Lánasjóðurinn og stjórn hans eru bara að uppfylla þá skyldu sem lög kveða á um. Lánasjóðsstjórnin hefur engar heimildir til að fella niður skuldir eða ábyrgðir.



**Lilja Rafney Magnúsdóttir**

*í umræðum um stöðu veikra byggða*

„Það hefur ekki farið fram hjá neinum sá mikli vandi sem fjöldi minni sjávarbyggða hefur staðið frammi fyrir undanfarin ár þegar þær hafa misst frá sér aflaheimildir og óvissa og atvinnuleysi blasir við íbúum. Við getum farið hringinn í kringum landið og horft til staða eins og Raufarhafnar, Breiðdalsvíkur, Djúpavogs, Bíldudals, Tálknafjarðar, Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar og nú síðast bárust þær fréttir frá Hólmavík að hugsanlega yrði helmingur aflaheimilda Strandabyggðar seldur burtu.“

# Eina þingið sem dregur um sæti

**Alþingismenn draga um sæti í upphafi hvers þings. Þeir vita því ekki hver kemur til með að verða sessunautur þeirra næsta árið. Tíðkast hvergi í öðrum þjóðþingum. Almenn ánægja ríkir með fyrirkomulagið á meðal þingmanna sem skiptast á tískuráðum og almennu gríni.**

Alþingi Íslendinga er eina þjóðþing heimsins þar sem þingmenn draga um sæti. Aldrei þessu vant er því innistæða fyrir því þegar Íslendingar segjast vera einstakir í einhverjum efnum, þótt deila megi um það hve merkilegt það er. Þar sem engir þingfundir eru þessa vikuna beinir Fréttablaðið nú þingsjánni að sætaskipan þingmanna.

Þorsteinn Magnússon, aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis, skrifaði grein í tímaritið Stjórnmál og stjórnsýslu í desember þar sem hann rekur sögu sætisdráttarins. Á fyrstu árum endurreists Alþingis giltu engar sérstakar reglur um sætaskipan, en árið 1915 er dregið í sæti. Það liðu þó 40 ár þar til sá siður festi sig í sessi. Líklegast er það tekið upp frá fulltrúadeild Bandaríkjanna, þar var dregið um sæti fram til ársins 1913. Í öðrum þjóðþingum er venjan hins vegar sú að setið sé eftir flokkadráttum.

„Það má segja að það felist ákveðin þversögn í því að á Alþingi, sem er samkoma fulltrúa sem kjörnir eru af flokkslistum en ekki sem einstaklingar, skuli mönnum skipað til sætis í þingsal út frá einstaklingum en ekki flokkum,“ segir Þorsteinn í grein sinni.

Í gegnum tíðina hafa menn tekið ástfóstri við ákveðin sæti. Eysteinn Jónsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, skipti til að mynda alltaf við þá sem drógust í hans uppáhaldssæti og vermdi það í rúman áratug. Þingmenn eru þó ánægðir með þetta fyrirkomulag, að mati Þorsteins.

Einnig eru til dæmi um að þingmenn hafi ekki viljað sitja við hliðina á kollegum sínum. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir skipti til að mynda um sæti við flokkssystur sína úr Kvennalistanum, Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, árið 1993. Með því losnaði hún við að sitja við hliðina á Hjörleifi Guttormssyni, en þau höfðu eldað grátt silfur saman varðandi aðild að EES.

kolbeinn@frettabladid.is

## SÆTASKIPAN Á HÁTTVIRTU ALÞINGI ÍSLENDINGA




## RUGLAST HVORT Á ÖÐRU OG DEILA TÍSKURÁÐUM

**Vigdís Hauksdóttir og Óttarr Proppé eru sessunautar á yfirstandandi þingi. Fréttablaðinu lék forvitni á að vita hvernig þeim líkaði vistin hvoru við annars hlið, þar sem við fyrstu sýn virðast þau ekki eiga mikið sameiginlegt, hvorki í stjórnmálum né áhugamálum. Þau bera hvort öðru hins vegar vel söguna.**

### Við ljóskurnar sitjum saman í þinginu

„Það er náttúrulega frábært að sitja við hliðina á Óttari og við göntumst stundum með það að við ljóskurnar sitjum saman í þinginu,“ segir Vigdís.

„Það er gaman að sjá myndir af okkur því það má oft vart á milli sjá hvort er með síðara hár. Ég er stundum í vafa um það hvort það er ég eða hann sem er á myndum sem teknar eru af okkur aftan frá. Nú er hann búinn að stytta hárið þannig að ég er farin að þekkja okkur í sundur. En Óttarr Proppé er náttúrulega bara mikill öðlingur. Hann er víðsýnn og mikill pælari og ég er virkilega ánægð með að hafa hann fyrir sessunaut.“

Vigdís er hrifin af þeirri hefð að draga um sæti. Það sé skemmtilegt að sjá þegar drætti við þingsetningu er lokið hverjir sitji saman.

„Ég hef átt marga skemmtilega sessunauta. Ég held líka að það sé betra að gera þetta einu sinni á ári, þannig að maður verði ekki fastur í fjögur ár í sæti við hliðina á einhverjum sem manni ekki líkar. Það væri bömmer.“

> **Nú er hann búinn að stytta hárið þannig að ég er farin að þekkja okkur í sundur.**
> *Vigdís Hauksdóttir*



### Virðum tískuflokk hvort annars

„Það getur verið mjög ánægjulegt að sitja við hliðina á Vigdísi. Við erum oft ósammála í pólitík en látum það ekki stoppa okkur í að vera sætavinir,“ segir Óttarr.

„Ég á ákveðinn hauk í horni í Vigdísi þegar kemur að tískumálum. Við ræðum oft saman um klæðaburð og styðjum hvort annað í tískumálum. Þó að við séum kannski ekki alveg í sama flokki berum við mikla virðingu fyrir tískuflokkum hvort annars.

En síðan er ég með ljómandi góðan sessunaut hinum megin við mig sem er Birgir Ármannsson. Ég hef það á tilfinningunni að Birgir búi yfir lúmskari húmor en margir aðrir í þingsal. Við höfum mjög gaman af því að ræða saman um það sem er til umræðu og tengja það sérviskulegum áhuga okkar beggja og komumst þá að skemmtilegum niðurstöðum og skemmtilegum fordæmum sem hafa yfirleitt ekkert gildi nema skemmtanagildi fyrir okkur,“ segir Óttarr. Hann segir þá Birgi þó ekki ræða tískumál mikið.

> **Við ræðum oft saman um klæðaburð og styðjum hvort annað í tískumálum.**
> *Óttarr Proppé*









4.623kr
verð áður 5.779

3.591kr
verð áður 4.489

# 20%
## afsláttur af ÖLLU LEGO á dönskum dögum









5.183kr
verð áður 6.479







2.383kr
verð áður 2.979

Gildir til 15. mars á meðan birgðir endast.

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**Í ÁRBÆJARSKÓLA** Nemendur fengu að kynnast hugtökum eins og persónuafslætti og skatti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verkefni á vegum Samtaka fjármálafyrirtækja:

# Vekja athygli unglinga á fjármálalæsi

Viðbrögðin við tilraun til að fá unglinga til að byrja að hugsa skynsamlega um peninga hafa verið afar jákvæð, að sögn Kristínar Lúðvíksdóttur, verkefnastjóra hjá Samtökum fjármálafyrirtækja. Vegna þátttöku Íslands í Evrópsku peningavikunni var efnt til verkefnis sem ber heitið Fjármálavit og hefur það verið kynnt í þessari viku í tíunda bekk í níu skólum á landinu.

Markmiðið með vikunni er að vekja athygli á þörfinni fyrir auknu fjármálalæsi hjá ungu fólki og skapa umræðu. Við þróun efnisins voru haldnar vinnustofur með nemendum, kennurum og starfsfólki í fjármálafyrirtækjum til að fá fram hvað það er sem skiptir máli þegar kemur að kunnáttu um fjármál og var efnið unnið í samvinnu við kennara og kennaranema.

Kennsluefnið byggir á stuttum myndböndum með unglingum sem velta fyrir sér hvað skiptir máli í fjármálum. Myndböndin eru kveikjan að umræðum og verkefnum sem kennarinn leggur fyrir nemendur í kjölfarið. Efnið endurspeglar raunverulegt umhverfi ungs fólks. Meðal gagnlegra hugtaka sem hafa verið kynnt fyrir nemendum eru til dæmis persónuafsláttur og skattur sem gott er að kunna skil á þegar farið er út á vinnumarkaðinn.

# Hættuleg fita í blóði barna eftir helgar

Sælgætisát og hreyfingarleysi barna um helgar hefur áhrif á heilsu þeirra, að því er niðurstöður nýrrar danskrar rannsóknar sýna. Nóg að gera sér dagamun í einn eða tvo daga um helgar í stað þriggja, segir stjórnandi rannsóknarinnar.



**NAMMIBAR** Allir þurfa að hafa það notalegt og slappa af en ekki er nauðsynlegt að gera sér dagamun þrjá daga vikunnar. Þetta er mat stjórnanda rannsóknarinnar á áhrifum lífsstíls danskra barna um helgar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Talsvert hærra magn hættulegrar fitu og insúlíns mælist í blóði danskra barna á mánudögum en öðrum dögum vikunnar. Þetta eru niðurstöður rannsóknar vísindamanna við Kaupmannahafnarskóla á áhrifum sælgætisáts og svefn- og hreyfingarleysis um helgar hjá 800 börnum í þriðja og fjórða bekk grunnskólans.

Í frétt á vef danska ríkisútvarpsins er bent á að þessir þættir séu taldir auka hættu á hjarta- og æðasjúkdómum hjá fullorðnum. Haft er eftir Mads Fiil Larsen, stjórnanda nýju rannsóknarinnar, að ekki sé jafnljóst hvaða áhrif þetta hafi á heilsu barna. Hann segir þetta slæmt tákn en að ekki sé hægt með vissu að segja hversu slæmt það er eða hvaða áhrif það hafi á heilsu barna eftir 30 til 40 ár. „Við höfum hins vegar ekki efni á því að bíða og sjá hvað verður,“ segir hann.



En þótt vísindamaðurinn sé á þeirri skoðun að það sé neikvætt hversu mikil áhrif lífsstíll þeirra um helgar hefur þá er það ekki mat hans að börn eigi að sleppa því að borða helgarnammi eða kúra um helgar.

„Ég held að allir þurfi að hafa það notalegt og slappa af en við erum að taka upp lífsstíl þar sem haldið er upp á helgina þrjá daga vikunnar með öllu sem því tilheyrir. Mér finnst að maður þurfi að íhuga þetta og gera sér dagamun bara í einn eða tvo daga í viku í staðinn,“ segir Larsen í viðtali við danska ríkisútvarpið.

Rannsóknin tók til barna úr öllum stéttum og með alls konar holdafar. Rannsökuð voru yfir tvö þúsund blóðsýni úr börnunum. Að sögn Larsens er ekki hægt að segja að óhollur lífsstíll komi verr niður á einhverjum einum hóp en öðrum. Vandamálið eigi við um alla hópana.

ibs@frettabladid.is



NISSAN
Innovation that excites

# NÝR NISSAN PULSAR

## AFBURÐA RÚMGÓÐUR OG HLAÐINN BÚNAÐI




## NISSAN PULSAR

ACENTA DÍSIL / EYÐSLA 3,6 L/100 KM*

**3.650.000 KR.**

ENNEMM / SÍA / NM67832 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. **Staðalbúnaður í NISSAN PULSAR TEKNA útgáfu.

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. |
|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi |
| www.bilahusid.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 |

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Arion býður allt að 14 prósenta hlut í Eik til sölu:

# Útboð hefst 17. apríl

Stefnt er að því að útboð á hlutum í fasteignafélaginu Eik verði haldið dagana 17.-20. apríl næstkomandi. Í framhaldi verður félagið skráð á markað.

Í útboðinu hyggst Arion banki hf. bjóða til sölu allt að 14% eignarhlut sinn í félaginu en frekari upplýsingar um stærð og fyrirkomulag útboðsins verða birtar í lýsingu félagsins. Í tilkynningu frá Arion segir að með fyrirvara um staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á lýsingu Eikar fasteignafélags verði hún birt á vefsvæði félagsins í aðdraganda útboðsins.

Eik fasteignafélag sinnir rekstri og útleigu á atvinnuhúsnæði. Fjöldi eigna félagsins er yfir 100 og telja þær samtals um 273 þúsund fermetra. Virði fjárfestingaeigna félagsins er um 62 milljarðar króna og heildarfjöldi leigutaka er yfir 400. Eins og fram kom í Markaðnum í gær stækkaði efnahagsreikningur félagsins verulega á árunum 2013-2014 þegar Eik keypti Landfestar og EF1. - jhh





Láttu nýja hleðslutækið vera það síðasta sem þú kaupir.

FrayFix fylgir með öllum hleðslutækjum á meðan birgðir endast.

Hleðslutæki 11.990.-
FrayFix 3.990.-






KOMONO
Winston Regal
18.990.-
HÚRRA REYKJAVÍK
HVERFISGATA 50 | 101 REYKJAVÍK | 571 7101 | WWW.HURRAREYKJAVIK.IS




**HJÁ KERECIS** Vara Kerecis, sem er úr þorskroði og ætluð til að meðhöndla þrálát sár, er orðin gjaldgeng hjá félagslega hluta bandaríska heilbrigðiskerfisins, Medicare og Medicaid, sem og öllum þeim þúsundum einkarekinna tryggingafyrirtækja sem þjónusta heilbrigðiskerfið þar í landi. Erlendir fjárfestar horfa í áttina til fyrirtækisins, segir í greiningu Sjávarklasans. MYND/KERECIS

# Erlendir fjárfestar sækja í sprotana

Áhugi erlendra fjárfesta á nýsköpunarfyrirtækjum innan sjávarklasans fer vaxandi. Íslenskir fjárfestar horfa til rótgróinna fyrirtækja við fjárfestingar sínar.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is

Erlendir fjárfestar sýna fyrirtækjum sem tengjast vannýttum náttúruauðlindum og líftækni hér á landi aukinn áhuga, og eiga umtalsverðan eða ráðandi hlut í fiskeldisfyrirtækjum, þörungavinnslum og sjávarlíftæknifyrirtækjum hérlendis.

Íslenskir fjárfestar og lífeyrissjóðir keppast á hinn bóginn um að kaupa rótgróin íslensk fyrirtæki á innlendum hlutabréfamarkaði.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri greiningu þeirra Bjarka Vigfússonar og Hauks Más Gestssonar, hagfræðinga Íslenska sjávarklasans, um sókn erlendra fjárfesta í íslenska sjávarlíftækniiðnaðinn.

**Vandi líftæknifyrirtækja**

Í greiningu sinni benda þeir Bjarki og Haukur Már á að þótt velta í greinum á borð við líftækni, fiskeldi og þörungavinnslu sé einungis brotabrot af veltu sjávarútvegsins í dag þá er það nú einu sinni svo að þessar greinar geta vaxið langt umfram hefðbundnari sjávarútveg. Á þetta hafa þeir bent í fyrri greiningum sínum frá hendi Sjávarklasans og sýnt fram á mikinn vöxt þessara greina, enda skapast fjölmörg tækifæri til vöruþróunar og verðmætasköpunar innan fyrirtækja í þessum fyrrnefndu greinum.

Vandi líftæknifyrirtækja hérlendis hefur fyrst og fremst falist í takmörkuðum fjármunum og vanþróuðum fjárfestamarkaði. Í skýrslu um umsvif, tækifæri og áskoranir í sjávarklasanum sem gefin var út árið 2011 var bent á þetta. Þar lýstu fulltrúar sumra líftæknifyrirtækja því hversu erfiðlega gengi að fá fjármagn enda mörg þeirra svo gott sem fjárvana. Samkeppnissjóðir hins opinbera væru frekar sniðnir að þörfum stofnana en fyrirtækja, og þá héldu fjárfestar að sér höndum. Þeir sem þó báru sig vel virtust flestir hafa þá sögu að segja að öflugt sjávarútvegsfyrirtæki kom inn í hluthafahópinn sem gaf meira andrúm til þróunar og vaxtar.

**Þegar barnið vex**

Hér er vísað til þess að öflug sjávarútvegsfyrirtæki koma að uppbyggingu í líftækni, og í greiningu Sjávarklasans eru nefndar fjárfestingar Vísis og Þorbjarnar í Grindavík, Ramma, FISK Seafood og Síldarvinnslunnar í nokkrum þeirra.

En það er takmarkað hvað þessar fjárfestingar ná langt. Þegar líftæknifyrirtækin ná þeirri stærð að þau þurfa annars konar þekkingu, fjárfesta og alþjóðleg tengsl á nýjum mörkuðum sem íslensku sjávarútvegsfyrirtækin hafa jafnan ekki yfir að ráða, þá vandast málið. Þá hafa innlendir fjárfestar og fjármálamarkaðir afar takmarkaða þekkingu á þessu sviði, og því er í fá skjól að venda og erlendir fjárfestar verða oft næstir í röðinni sem hluthafar hinna vaxandi nýsköpunarfyrirtækja.



HAUKUR MÁR GESTSSON

**Mörg dæmi**

Bjarki og Haukur Már taka nokkur nærtæk dæmi um að erlendir aðilar sýni íslenskum þekkingar- og líftæknifyrirtækjum í sjávarklasanum áhuga.

Nýverið var Stofnfiskur, eitt stærsta líftæknifyrirtæki í sjávarútvegi á Íslandi, selt til breska líftæknirisans Benchmark Holdings plc. Stærsti seljandinn var HB Grandi. Þá var 60% hlutur í þörungalíftæknifyrirtækinu Marinox einnig seldur nýverið til írska fyrirtækisins Marigot, sem jafnframt er eigandi Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal. Þá er Þörungaverksmiðjan á Reykhólum einnig að stórum hluta (71,6%) í eigu bandarískra aðila, auk þess sem tvö önnur íslensk nýsköpunarfyrirtæki sem hagnýta þörunga eru að hluta í eigu norskra aðila. Erlendir fjárfestar hafa svo sýnt ísfirska lækningavörufyrirtækinu Kerecis áhuga.

„Þessi áhugi erlendra fjárfesta kemur ekki á óvart. Á alþjóðafjármálamarkaði má greina mikinn áhuga fjárfesta á hagnýtingu rannsókna í sjávarlíftækni. Hérlendis er takmörkuð þekking á fjármálamarkaði þegar kemur að sjávarútvegi en mjög takmörkuð í því sem kalla má hinn „nýja sjávarútveg“. Það er því líka eðlilegt að innlendir frumkvöðlar horfi til erlendra aðila um samstarf og fjárfestingar,“ segir í greiningunni um þetta atriði.

**Blikur á lofti?**

En er þessi þróun á einhvern hátt hættuleg, að erlendir fjárfestar komi hérna inn með þessum hætti, eða er hún eðlileg og nauðsynleg?

„Áhugi eða fjárfestingar erlendra aðila í þessum geirum er ekki sérstakt áhyggjuefni. Koma fjármagnsins er þvert á móti mikið gleðiefni fyrir þessi fyrirtæki og frumkvöðlana að baki þeim. Þetta er hins vegar hugsanlegt áhyggjuefni fyrir íslenska fjárfesta, allavega eitthvað sem þeir ættu að velta fyrir sér; eru þarna tækifæri sem þeir sem fjárfestar eru að fara á mis við og hvernig má þá bæta úr því?“ segir Bjarki en telur að íslenskir fjárfestar muni taka við sér þegar fram líða stundir.

„Það skiptir engu grundvallarmáli af hvaða þjóðerni fjárfestir er. Það skiptir hins vegar máli að tækifæri glatist ekki vegna skorts á nauðsynlegum fjárfestingum og því betur sem íslenskir fjárfestar eru að sér í þessum geirum því betra. Við finnum að áhugi þeirra er að vaxa og það er mikið ánægjuefni. Fjárfestar á þessum seinni stigum þurfa alltaf að koma með eitthvað meira heldur en fjármagn, einhverja þekkingu, tengsl o.s.frv. og þetta mun allt þróast hér. Ég held því að það sé ekkert að bregðast neitt við þessum erlendu fjárfestingum, þær eru jákvæðar.“



> **Þetta er hins vegar hugsanlegt áhyggjuefni fyrir íslenska fjárfesta, allavega eitthvað sem þeir ættu að velta fyrir sér; eru þarna tækifæri sem þeir sem fjárfestar eru að fara á mis við og hvernig má þá bæta úr því?**
>
> *Bjarki Vigfússon, hagfræðingur Sjávarklasans.*

## RÍK ÞÖRF Á TRYGGU REGLUVERKI

**Í greiningu Sjávarklasans er þrennt tiltekið sem mikilvægt er að hafa í huga við þátttöku erlendra fjárfesta hér innanlands í sjávarlíftækniiðnaði.**

- Í norskum lögum eru ákvæði um að ekki megi selja eða miðla til annarra réttinum til að nýta erfðaefni úr auðlindum sjávar nema með leyfi. Þótt lög um efnahagslögsögu Íslands taki til allra lífrænna og ólífrænna efna hafsins við landið er ákvæði sem þetta ekki að finna í íslenskum lögum. Mikilvægt er að skoða hvort slík lagasetning geti tryggt íslenska hagsmuni.
- Brýnt er að við sölu hlutabréfa líftæknifyrirtækja úr landi sé reynt eftir mætti að halda áfram þróun og rannsóknum hérlendis. Í það minnsta þarf að vekja sem mestan áhuga og skilning erlendra fjárfesta á þeim öflugu rannsóknum sem hér fara fram og þeim áhuga sem íslenskur sjávarútvegur hefur sýnt á samstarfi um ýmis þróunarverkefni.
- Innlendir fjárfestar þurfa að efla kunnáttu sína í haftengdum greinum. Kynna þarf betur nýju íslensku líftæknistarfsemina fyrir innlendum fjárfestum og efla um leið tengsl fjármálafyrirtækjanna við erlenda fjármögnunaraðila á þessu sviði.




Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 Erum á Facebook • www.pier.is

ANTON&BERGUR

Ár er liðið frá yfirlýsingum um mikilvægi EES:

# Stefna í skötulíki

Um þessar mundir er ár liðið síðan utanríkisráðuneytið kynnti og ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum „Áherslur og framkvæmd Evrópustefnu“. Ársafmælið var raunar í gær, því 11. mars í fyrra fór kynningin fram. Ríkisstjórnin boðaði Evrópustefnu sem byggðist á „efldri hagsmunagæslu á vettvangi samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði (EES) og annarra gildandi samninga Íslands og Evrópusambandsins (ESB)“.



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Evrópa var í plagginu réttilega sögð mikilvægt markaðs- og menningarsvæði fyrir Ísland og nauðsynlegt að tryggja áfram opinn og frjálsan aðgang að innri markaði ESB á grundvelli EES-samningsins. Í því augnamiði var meðal annars boðuð efld hagsmunagæsla í Brussel, við mótun laga þeirra sem hér hafa áhrif í gegnum EES og um leið áhersla á skilvirka framkvæmd EES-samningsins. Hluti af því var að snúa við sleifarlagi sem verið hefur á innleiðingu Evrópulöggjafar og reglugerða hér á landi, sem við höfum skuldbundið okkur til að gera á grundvelli EES. Í þeim efnum erum við langt á eftir Noregi og Liechtenstein, sem einnig eru aðilar að EES.

Frá því að kúrsinn var settur í fyrra hefur ótrúlega lítið heyrst af efndum þeirra góðu fyrirheita sem í nýrri Evrópustefnu var lýst. Hvað ætli hafi orðið um fjölgun starfsmanna í Brussel eða skýrslu þar sem leggja átti mat á hagsmuni Íslands af EES-samningnum sem utanríkisráðherra var sagður ætla að vinna? Þeirri skýrslu átti að skila í fyrrahaust. „Efnt verður til sérstakra umræðna um hana og EES-samninginn í tilefni af 20 ára gildistöku hans í samstarfi við helstu hagsmunasamtök og fræðasamfélag,“ segir í kafla um framkvæmd Evrópustefnunnar. Þetta afmæli er komið og farið.

Sömuleiðis átti að gera gangskör að því að flýta innleiðingu löggjafar ESB í EES-samninginn. Ísland var fyrir ári með verstu frammistöðuna á EES-svæðinu í þeim efnum, bæði hvað varðaði lög og reglugerðir. Lítil breyting virðist hafa orðið á þessari stöðu og langt í land að „innleiðingarhalli“ EES-gerða verði kominn úr þremur prósentum undir eitt prósent, eins og ríkisstjórnin sagðist ætla að gera „eigi síðar en á fyrri hluta árs 2015“.

Í fyrradag kom út ársskýrsla ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, þar sem Oda Helen Sletnes, forseti ESA, fer yfir stöðuna og gagnrýnir sérstaklega tregðu EFTA-ríkjanna við að lögfesta sameiginlegar reglur innri markaðar Evrópu. „Á Íslandi virðist vera við sérstakan vanda að glíma á sviði dýraheilbrigðismála og miklar tafir hafa verið á að taka löggjöf á því sviði upp í landsrétt,“ bendir hún á. Í ársskýrslunni kemur fram að ESA hafi þurft að höfða 17 mál fyrir EFTA-dómstólnum í fyrra vegna tafa á innleiðingu Evrópureglna. Metfjöldi, þar sem þrettán málanna voru á hendur Íslandi, þrjú gegn Noregi og eitt á hendur Liechtenstein.

Óneitanlega vakna spurningar um hversu mikil alvara hafi fylgt yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar, sem vel að merkja hefur líka á stefnuskrá sinni að ekki skuli gengið inn í Evrópusambandið (né heldur gengið úr skugga um hvernig aðildarsamningur gæti litið út), þegar Evrópustefnan var kynnt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Siðleysi eða hvað?**

Björn Valur Gíslason, varaformaður Vinstri grænna, sparar hvergi stóru orðin þegar kemur að stuðningi sjávarútvegsfyrirtækja við Framsóknar- og Sjálfstæðisflokk. Hann segir styrkina vera greiðslu til þingmanna og stjórnmálaflokka „gegn gjaldi sem felst þá í því að viðkomandi þingmenn og stjórnmálaflokkar gæti hagsmuna þeirra sem styrkja þá“, eins og hann orðaði það í Bylgjufréttum í gær. Björn Valur er ekki sá eini sem hefur gripið til stórra orða vegna fregna af umræddum styrkjum. Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, segir þetta siðlaust og tekur Björn Valur undir það. Þetta vekur upp umræðuna um slíka styrki. Allir stjórnmálaflokkar taka við þeim frá fyrirtækjum. Hvenær verða styrkirnir siðlausir?



**Umræðan endalausa**

Hér er ekki spurt til að vera með hártoganir. Styrkir af þessum toga einkenna íslenskt stjórnmálaumhverfi og lengi hefur verið reynt að ná utan um þá. Allir flokkar hafa þegið styrki af sjávarútvegsfyrirtækjum, en hvenær verða þeir siðlausir? Er það við ákveðna upphæð, eða þegar ákveðinn fjöldi fyrirtækja í sama geira styður sömu flokkana? Eða eru fyrirtæki alltaf að kaupa sér stuðning stjórnmálamanna ef þau styrkja þá? Áhugaverð umræða, en ólíklegt að við komumst nokkuð áfram í henni frekar en fyrri daginn.



**Ókeypis ráðgjöf afþökkuð**

Lekamálið virðist vera mest ráðgefna mál í Íslandssögunni, ef marka má fregnir af almannatengslafyrirtækjum og lögfræðistofum sem hafa fengið greitt fyrir ráðgjöf vegna þess. Fréttastofa RÚV upplýsti í gær að ekki aðeins hefði innanríkisráðuneytið greitt fyrir ráðgjöf vegna málsins, það hefði lögreglan einnig gert. Kannski hafa ráðgjafarnir verið í frí, í það minnsta bárust þau skilaboð úr ráðuneyti Ólafar Nordal að ekki yrði rætt frekar við fjölmiðla vegna málsins. Af því tilefni eru hér endurbirtar ókeypis ráðleggingar til ráðamanna, sem fyrst birtust í gær: Segið satt og skilmerkilega frá. Ekki forðast fjölmiðla. Veitið aðgang að gögnum. Talið hreint út.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hvað með þarfir íbúanna?

**SKIPULAG**



**Dóra Magnúsdóttir**
*íbúi í Bústaðahverfi og formaður hverfisráðs Háaleitis og Bústaða*

Dóttir mín á unglingsaldri fer yfir Grensásveginn á hverjum degi á leið til skóla, rétt eins og fjölmörg börn og ungmenni í Bústaðahverfinu en við búum við götu sem liggur að Grensásvegi milli Bústaðavegar og Miklubrautar. Akstursshraði þarna hefur mælst allt að 80 km/klst. enda var gatan upphaflega lögð sem hraðbraut úr Reykjavík til Kópavogs. Mælingar hafa sýnt að gatan er of stór fyrir þá umferð sem um hana fer og því óþarfi að hafa ígildi hraðbrautar í þéttri íbúðabyggð.

Fólk hefur ýmsar skoðanir á framkvæmdinni en mikilvægt er að virða óskir íbúa hverfisins. Á fundum sem haldnir hafa verið í hverfinu undanfarin ár við undirbúning nýs aðal- og hverfisskipulags hefur skýrt komið fram að íbúar líta á mikla og hraða bílaumferð í Bústaða- og Háaleitishverfinu og í gegnum þau til helstu ókosta borgarhlutans. M.a. vegna þessara ábendinga leggur borgin nú áherslu á aðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar sem umlykur borgarhlutann og þverar skóla- og frístundahverfi. Mikilvægt er að þeir sem fara reglulega yfir götuna fótgangandi eða hjólandi, oftar en ekki börn og ungmenni, þurfi ekki að fara yfir ígildi hraðbrautar á hverjum degi.

**➜ Með framkvæmdinni fæst öruggari og vistlegri gata sem hægt verður að hjóla án þess að leggja líf og limi í hættu.**

Hverfið verður öruggara með hægari bílaumferð.

Ég talaði nýlega fyrir þessari framkvæmd á Facebook. Vinur minn úr netheimum sagðist vera mótfallinn framkvæmdinni vegna þess að heppilegt sé að nota götuna þegar umferðin er þung á Miklubrautinni. Þannig hef ég heyrt fleiri tala sem ekki eru sáttir við framkvæmdina; að það sé fínt að nýta þennan spotta til að bruna í gegn. Hins vegar er það deginum ljósara að slíkur hraðakstur hentar ekki íbúum hverfisins.

Með framkvæmdinni fæst öruggari og vistlegri gata sem hægt verður að hjóla án þess að leggja líf og limi í hættu. Endurbættur Grensásvegur er liður í metnaðarfullu langtímaverkefni að gera Reykjavík að frábærri hjólaborg en þessi tiltekni hluti götunnar er nú stórhættulegur fyrir hjólandi umferð.

Þegar öllu er á botninn hvolft, þá hljóta það að vera óskir og þarfir íbúa hverfanna sem skipta mestu máli.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Einbeittur brotavilji



Í DAG
**Þorvaldur Gylfason**
hagfræðiprófessor

Æ ljósara verður, eftir því sem tíminn líður, hvers vegna Alþingi hefur stungið undir stól nýju stjórnarskránni, sem 2/3 hlutar kjósenda samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012. Augljósasta skýringin er ofurvald útvegsmanna yfir alþingismönnum. Engum þarf að koma það á óvart. Allir vita, hvernig fer fyrir þeim, sem leggja upp í útreiðartúr á tígrisdýri.

**Babb í bátinn**

Kannski hefur enginn lýst vandanum betur og úr næmara návígi en Styrmir Gunnarsson, fv. ritstjóri Morgunblaðsins. Í bók sinni Umsátrið (bls. 206) líkir hann því við sjálfsmorð, þegar alþingismenn reyna að rísa upp gegn útvegsmönnum. Vandinn er vel þekktur víðs vegar að, t.d. frá Rússlandi. Þar eystra eru stjórnarandstæðingar skotnir á færi, ef þeir ganga of langt. Margir vöruðu við hættunni strax í árdaga kvótakerfisins, þar á meðal við Styrmir Gunnarsson (hann varaði beinlínis við hættunni á borgarastyrjöld). En spilling og græðgi stjórnmálamanna og flokka varð ofan á, sama spilling og sama græðgi og keyrði bankana í kaf. Því fór sem fór.

Sjónarvottar hafa vitnað um, að í tíð ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – Græns framboðs á síðasta kjörtímabili voru uppi ráðagerðir um að svíkjast aftan að þjóðinni í fiskveiðistjórnarmálinu með því að afhenda útvegsmönnum sjávarauðlindina langt fram í tímann, án þess að fullt gjald kæmi fyrir. Hugmyndin var – og er! – að lýsa því yfir í orði, að þjóðin eigi auðlindina, en afhenda þjóðareignina samt sem áður í hendur útvegsmanna til langframa án fulls endurgjalds. Fyrirætlun fyrri ríkisstjórnar fór út um þúfur. Vitað er, að sömu svik voru ráðgerð eins og um sjálfsagðan hlut væri að ræða í tíð núverandi ríkisstjórnar. En nú virðist af einhverjum ástæðum vera komið babb í bátinn. Kannski þingmenn kvíði dómi þeirra 83% kjósenda, sem lýstu stuðningi við ákvæðið um auðlindir í þjóðareigu og fullt gjald fyrir nýtingu auðlindanna í nýju stjórnarskránni í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012.

**Upplýsingaleynd og umhverfisspjöll**

Fleira hangir á spýtunni. Mörgum stjórnmálamönnum, sem hafa tekið sér margföld lífeyrisréttindi á við óbreytta launþega, er meinilla við stjórnarskrárvarinn rétt fólksins í landinu á aðgangi að upplýsingum um ýmislegt, sem stjórnmálastéttinni þætti þægilegra, að leynt fari sem fyrr. Dæmið er ekki valið af handahófi. Einni af nefndum stjórnlagaráðs var neitað um aðgang að upplýsingum um greiðslur úr opinberum lífeyrissjóðum, en nefndin óskaði eftir þessum upplýsingum við undirbúningsvinnu sína að nýjum upplýsingafrelsisákvæðum.

> Kannski hefur enginn lýst vandanum betur og úr næmara návígi en Styrmir Gunnarsson, fv. ritstjóri Morgunblaðsins. Í bók sinni Umsátrið (bls. 206) líkir hann því við sjálfsmorð, þegar alþingismenn reyna að rísa upp gegn útvegsmönnum. Vandinn er vel þekktur víðs vegar að, t.d. frá Rússlandi. Þar eystra eru stjórnarandstæðingar skotnir á færi, ef þeir ganga of langt. Margir vöruðu við hættunni strax í árdaga kvótakerfisins, þar á meðal við Styrmir Gunnarsson (hann varaði beinlínis við hættunni á borgarastyrjöld).

Mörgum stjórnmálamönnum er með líku lagi meinilla við umhverfisákvæði nýju stjórnarskrárinnar, þar eð þau tryggja fólkinu í landinu ríkari rétt en nú til að laða fram eða knýja á um betri umgengni um náttúru landsins og meiri virðingu fyrir henni. Nýja stjórnarskráin segir umbúðalaust: „Fyrri spjöll skulu bætt eftir föngum.“ Við þá tilhugsun rennur umhverfisböðlum trúlega kalt vatn milli skinns og hörunds. En það er í lagi, því að þeir eru miklu færri en við hin eins og úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2012 leiddu í ljós. Þeir þurfa því fyrr en síðar að láta í minni pokann.

**Skipun dómara**

Og þá er ótalið eitt mál enn, sem skýrir, hvers vegna Alþingi vílar ekki fyrir sér valdaránið, sem hófst fyrir alvöru á lokadögum þingsins í marz 2013. Innanríkisráðuneytið hefur nú birt ný drög að dómstólalögum. Þetta hefur Björg Thorarensen, prófessor í stjórnskipunarrétti, um málið að segja skv. fréttum Ríkisútvarpsins 4. marz sl.: „Ráðherra er í þessum drögum sem nú liggja fyrir veitt raunverulega algjörlega óheft pólitískt vald til að ákveða hvern hann skipar í dómaraembætti. Og með þessu tel ég vera horfið langt aftur til fortíðar, til tíma pólitískra embættisveitinga í dómskerfinu.“

Þessi drög að dómstólalögum brjóta gegn nýju stjórnarskránni. Í henni er skýrt kveðið á um skipun dómara og annarra embættismanna til að hamla landlægri spillingu í embættaveitingum. Brotavilji innanríkisráðherrans nýja er einbeittur og skýr. Kannski þeim takist að skipa nokkra dómara enn úr eigin röðum í embætti, áður en nýja stjórnarskráin tekur gildi. Kannski ekki.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á **greinar@visir.is** og við komum henni á framfæri hið snarasta.

# Stórslys í flutningum vofir yfir

SAMGÖNGUR



**Guðmundur Smári Guðmundsson**
framkvæmdastjóri Guðmundar Runólfssonar hf.



**Ásgeir Ragnarsson**
framkvæmdastjóri Ragnars og Ásgeirs ehf.



**Gísli Níls Einarsson**
deildarstjóri forvarna fyrirtækja VÍS

Undanfarna mánuði hafa tíðir stormar og miklir umhleypingar reynt verulega á vegakerfi landsins og um leið ógnað umferðaröryggi. Fréttir af umferðaróhöppum og slysum þar sem vöruflutningabílar og rútur með fjölda fólks renna til, fjúka út af eða velta hafa verið tíðar. Mikil mildi er að enginn mannskaði hafi orðið í þeim. Við núverandi aðstæður er aftur á móti aðeins tímaspursmál hvenær það verður.

Á undanförnum árum hafa umsvif í vöru- og fólksflutningum gjörbreyst. Það stafar ekki síst af miklum landflutningum ferskra sjávarafurða og fjölgun ferðamanna sem fara í skipulagðar skoðunarferðir með rútum á veturna. Þrýstingur á að halda áætlun eykst stöðugt enda mikið í húfi. Bæði að afhenda vörur í tíma og veita túristum þá upplifun sem þeir sækjast eftir.

**Leiðbeinandi varúðarviðmið**

En kappið má ekki undir nokkrum kringumstæðum bera skynsemina ofurliði. Flutningafyrirtækjum, hvort heldur varningurinn er vörur eða fólk, ber að sýna fyllstu aðgát. Nýta þarf í þaula reynslu, þekkingu, tæki, tól og aðferðir sem þróuð hafa verið undanfarin ár til að lágmarka hættu á umferðaróhöppum og -slysum þegar illa viðrar. Þar má benda á leiðbeinandi varúðarviðmið sem Samgöngustofa, Vegagerðin, VÍS og Sjóvá kynntu fyrir tæpum þremur árum, vefi Vegagerðarinnar og Veðurstofu Íslands og ýmis snjallforrit (öpp) þar sem hægt er að fylgjast með færð og vindhraða á vegum landsins. Öll þessi hjálpartæki og leiðbeiningar styðja vel við kerfisbundna og faglega flotastýringu hjá landflutningafyrirtækjum.

**Slæmt ástand vega**

Versnandi ástand vegakerfisins ætti líka að ýta undir frekari varfærni bílstjóra. Skert fjármagn til viðhalds vega hefur áhrif á ástand þeirra eins og berlega hefur komið í ljós undanfarnar vikur. Holur stækka og þeim fjölgar, minna er mokað en æskilegt er, breytilegt slitlag þar sem ýmsar tilraunir hafa verið gerðar með misgóðum árangri og fleira slíkt dregur úr öryggi í umferðinni.

Þá hefur „ný“ hætta ef svo má segja skotið upp kollinum síðustu vetur. Áður var helst von á að kindur og hestar ráfuðu um þjóðvegi í myrkrinu en nú hafa norðurljósaáhugamenn bæst í fánuna. Oftar en ekki eru þeir dökkklæddir og endurskinslausir til að spilla ekki upplifuninni. Atvinnubílstjórar lenda nú æ oftar í því að keyra óvænt fram á fjölmenna hópa ferðalanga á miðjum vegi snemma nætur. Hvort heldur þeir koma úr eigin bílaleigubíl eða rútu í vegkantinum þá hafa öll ljós verið slökkt svo ekkert skyggi á norðurljósadýrðina. Þetta skapar stórhættu sem aðvífandi bílstjórar greina ekki í náttmyrkrinu fyrr en á síðustu stundu. Að því kemur að þeir verða hættunnar varir of seint.

> ➜ Áður var helst von á að kindur og hestar ráfuðu um þjóðvegi í myrkrinu en nú hafa norðurljósaáhugamenn bæst í fánuna.

**Samfélagsábyrgð**

Að þessu sögðu er vert að hrósa lögreglu og Vegagerðinni sem hafa undanfarnar vikur lokað vegum miklu tíðar vegna veðurs og ófærðar en áður hefur verið gert. Það er alveg skýrt í okkar huga að allir sem koma að vöru- og fólksflutningum, vegaþjónustu, eftirliti og stjórnun á umferð yfir vetrartímann þurfa að snúa bökum saman við að auka umferðaröryggi. En þeir eru ekki einir um hituna. Seljendur vöru og þjónustu sem stóla á flutninga, líkt og sjávarútvegsfyrirtæki og ferðaskipuleggjendur, bera líka mikla ábyrgð. Þeir mega ekki þrýsta á flytjendur að aka út í óvissuna við tvísýnar aðstæður til þess eins að hægt sé að rukka fyrir selda ferð eða freista þess að koma vörum á leiðarenda undir tímapressu. Öryggið verður að vera í fyrirrúmi.

VÍS

Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. hefur í tilkynningum til aðalmarkaðar Kauphallar Íslands þann 12. febrúar og 26. febrúar sl. boðað til aðalfundar í félaginu og verður hann haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík, í dag, fimmtudaginn 12. mars 2015 og hefst hann stundvíslega kl. 16:00. Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 15:30 á aðalfundardegi. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
3. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
4. Lækkun hlutafjár vegna kaupa félagsins á eigin hlutum.
5. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins.
6. Tillaga um heimild félagsins til að kaupa eigin hluti – endurnýjun heimildar.
7. Kosið í stjórn félagsins.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda hennar.
9. Kosning endurskoðunarfélags í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi.
10. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
11. Önnur mál

Nánari upplýsingar um dagskrá aðalfundar, svo og ályktunartillögur stjórnar má finna á vefsíðu félagsins, www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir.

# Er hagnaður til hægri?

STJÓRNMÁL



**Valgerður Bjarnadóttir**
þingmaður Samfylkingarinnar

Í mörg ár hefur mér fundist orðanotkunin um hægri og vinstri lítt skýra pólitískt umhverfi, hugtökin enda fyrst notuð til að lýsa afstöðu til stjórnmála eftir frönsku stjórnarbyltinguna fyrir bráðum kvart árþúsundi eða 250 árum.

Heimurinn stendur ekki í stað, hann breytist, sem betur fer. Skoðanir okkar eru ólíkar um margt sem varla er hægt að flokka til hægri eða vinstri. Eru mannréttindi til vinstri? Er umhverfisvernd til vinstri? Er vilji til að hafa opið og gagnsætt þjóðfélag til vinstri? Er hagnaður til hægri? Er spilling til hægri? Eru svikin kosningaloforð til hægri?

Stjórnmálaflokkur sem vill að allir séu eins, stjórnmálaflokkur sem ekki þolir blæbrigði skoðana, svoleiðis stjórnmálaflokkur verður aldrei stór. Þess vegna verða stjórnmálaflokkar nú fleiri og minni.

**Þrjú stór mál**

Stjórnmálaflokkar taka afleiðingum gerða sinna og ákvarðana. Því fundum við jafnaðarmenn sannarlega fyrir í síðustu kosningum. Við höfðum forystu í ríkisstjórn sem vann kraftaverk, en það voru erfið verk og í eðli sínu vanþakklát. Svo voru önnur verk sem til stóð að vinna en ekki tókst að klára. Ég ætla að nefna þrjú: Aðildarumsóknina að Evrópusambandinu, fiskveiðistjórnina og stjórnarskrármálið.

Samningaviðræður við Evrópusambandið eru nú á ís en hægt er að hefja þær aftur með litlum fyrirvara, ef andstæðingum þeirra tekst ekki að eyðileggja þá fjögurra ára vinnu sem í þær voru lagðar. Evrópusambandið er ekki að fara neitt, þannig að það eru ekki hundrað í hættunni þótt það dragist í tvö ár eða svo að halda þeim áfram landi og þjóð til hagsbóta.

**Á móti samningaleið**

Ég var og er andsnúin þeirri leið í fiskveiðistjórnarmálum sem kölluð var samningaleiðin og var uppi á borðum á síðasta kjörtímabili. Sú leið hefði tryggt handhöfum kvótans hann til minnst fimmtán ára og auk þess yrðu til ýmsir pottar, sem gætu heitið: ívilnunarpottur, byggðapottur eða leigupottur. Pottasull er ávísun á pólitíska íhlutun.

Úthlutun kvótans á að vera á markaðsforsendum. Útgerðin á að bjóða í kvótann og ákveða á þann veg veiðigjaldið sjálf. Nota á klassískar leiðir jafnaðarstefnunnar til að standa vörð um byggðirnar í landinu. Ekki hefur verið pólitískur vilji til að fara upp út úr því gamla hjólfari sem við erum í með ráðstöfun þessarar mikilvægustu auðlindar þjóðarinnar, því þarf að breyta.

**Stórmerkileg pólitísk tilraun**

Stjórnarskrármálið verður einhvern tímann talið ein merkilegasta pólitíska tilraun sem hér hefur verið gerð, það er ég viss um. Áhuga- og kunnáttumenn í útlöndum telja vissulega að svo hafi verið.

Enn ein stjórnarskrárnefndin situr nú að störfum. Ákvæðin sem hún hefur til umfjöllunar eru: bindandi þjóðaratkvæðagreiðslur, þjóðareign á auðlindum, umhverfisvernd og framsal valdheimilda. Kannski tekst þessari nefnd það sem engri slíkri hefur tekist áður, að ná samkomulagi.

Við eigum að freista þess að ná samkomulagi um þessi atriði og í kjölfarið knýja á um frekari endurskoðun. Þetta er sú leið sem málefnanefnd Samfylkingarinnar leggur fyrir Landsfundinn þann 20. mars.

Í stjórnarskrármálinu var tekist á um völdin í landinu. Gamli tíminn í stjórnmálum, gamli tíminn á fjölmiðlunum og gamli tíminn í fræðasamfélaginu lagðist gegn nýjum tímum og nýjum vinnubrögðum. Á lokasprettinum kom í ljós að í mínum flokki hafði gamli tíminn líka sigur á hinum nýja. Við skuldum fólki að ljúka þeirri vinnu sem hafin var og fara að vilja þjóðarinnar sem birtist í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012.

Það tekur lengri tíma en við vonuðum. Í pólitík skiptir tvennt miklu máli: þrautseigja og að fara ekki á taugum. – Og hvað ætli það sé: til hægri eða vinstri?

# Lýsing á leik

FJÁRMÁL



**Einar Hugi Bjarnason**
hæstaréttarlögmaður

Í grein sem ég ritaði í Fréttablaðið þann 4. apríl 2014 lýsti ég þeirri skoðun minni að útreikningsaðferðin sem Lýsing beitir við uppgjör ólögmætra gengislána félagsins væri röng og í andstöðu við dómafordæmi Hæstaréttar. Í greininni benti ég á að þessi afstaða Lýsingar leiddi til tjóns fyrir viðsemjendur félagsins þannig að þeir væru nauðbeygðir til að sækja rétt sinn fyrir dómstólum.

Upplýsingafulltrúi Lýsingar tók til varna fyrir hönd vinnuveitanda síns og ritaði svargrein í blaðið þann 15. apríl 2014. Í grein hans er fullyrt að undirritaður hafi farið með staðlausa stafi og að endurútreikningur Lýsingar væri í samræmi við dómafordæmi Hæstaréttar. Þessu var haldið fram þrátt fyrir að önnur fjármálafyrirtæki á Íslandi og eftirlitsaðilar væru sammála um þá aðferð sem bæri að leggja til grundvallar.

**Íslandsmet í málsóknum?**

Í ljós hefur komið að allt það sem fram kom í áðurnefndri blaðagrein minni hefur raungerst. Þannig hafa hundruð einstaklinga og fyrirtækja stefnt Lýsingu til endurheimtu ofgreiðslna af ólögmætum gengistryggðum lánssamningum og bíða þessi mál nú úrlausnar hjá héraðsdómi.

Þá hefur því verið endanlega slegið föstu í dómaframkvæmd Hæstaréttar að Lýsingu ber við endurútreikning ólögmætra gengislána fyrirtækisins að beita þeirri útreikningsaðferð sem ég benti á í grein minni og birtist fyrst í dómi Hæstaréttar frá 18. október 2012 í máli nr. 464/2012 (svonefnt Borgarbyggðarmál). Þessi skilningur var staðfestur, þannig að ekki verður um villst, í dómi Hæstaréttar 6. nóvember 2014 í máli nr. 110/2014, þar sem útreikningsaðferð Lýsingar var hafnað og niðurstaðan sú að eignaleigufyrirtækið var dæmt til að greiða stóru verktakafyrirtæki rúmar 65 m.kr. auk dráttarvaxta vegna ofgreiðslna af 32 gengistryggðum kaupleigusamningum.

Í ljósi niðurstöðu þessa dóms áttu margir von á því að Lýsing hæfist handa við að leiðrétta fyrri endurútreikninga sína og þeir bjartsýnustu gerðu jafnvel ráð fyrir að fram kæmi afsökunarbeiðni frá félaginu. Hvorugt gerðist heldur þráaðist fyrirtækið enn við og bar því við, án frekari rökstuðnings, að skýra þyrfti ýmsa hluti varðandi uppgjör gengislána félagsins.

**➜ Dómarnir frá síðastliðnum fimmtudegi hafa víðtækt fordæmisgildi …**

**Dómarnir frá því á fimmtudag**

Síðastliðinn fimmtudag féllu tveir dómar í Hæstarétti í málum nr. 625 og 626/2014 þar sem ágreiningsefnið var uppgjör tveggja bílasamninga. Lýsing tapaði báðum málunum og var dæmt til greiðslu málskostnaðar. Þessir dómar staðfesta enn á ný að við endurútreikning lánanna bar Lýsingu að beita uppgjörsaðferðinni í Borgarbyggðarmálinu.

**Viðbrögð Lýsingar**

Dómarnir frá síðastliðnum fimmtudegi hafa víðtækt fordæmisgildi og er dagljóst að í þeim felst að Lýsing þarf að birta viðsemjendum sínum nýja endurútreikninga þar sem hinir fyrri eru leiðréttir. Félaginu er hins vegar engin vorkunn að enda hefur legið fyrir frá því í október 2012, þegar dómur í Borgarbyggðarmálinu var kveðinn upp, að aðferðin sem Lýsing beitti var röng.

Lýsing birti í vikunni fremur óljósa tilkynningu í tilefni af nefndum dómum Hæstaréttar þar sem m.a. kemur fram að dómarnir skýri réttarstöðuna og að Lýsing telji að að svo komnu máli megi sætta ýmis ágreiningsmál. Þetta eru vissulega ánægjuleg tíðindi þó að gagnrýnisvert sé að hver og einn lántaki þurfi að sækja sérstaklega um leiðréttingu fyrri endurútreikninga öfugt við þá framkvæmd sem viðgengist hefur hjá öðrum fjármálafyrirtækjum. Að mínu mati væri mun eðlilegra og samrýmdist fremur góðum viðskiptaháttum fjármálafyrirtækis að Lýsing hlutaðist til um leiðréttingar fyrri endurútreikninga að eigin frumkvæði.

Tíminn mun leiða í ljós raunverulegt innihald tilkynningar Lýsingar og hvort félagið muni í raun leiðrétta meginþorra ólögmætra gengislána félagsins. Ef það verður ekki gert má leiða að því sterkar líkur að enn fleiri viðsemjendur félagsins muni sjá sig knúna til að höfða mál á hendur félaginu. Lýsing yrði þá ekki aðeins handhafi Íslandsmets í málsóknum á hendur fjármálafyrirtæki heldur yrði að líkindum einnig Norðurlandameistari. Lýsing á leik núna!

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**

# Alvöru íbúalýðræði

SKIPULAGSMÁL



**Hróbjartur Örn Guðmundsson**
íbúi í Reykjavík

Flestir gera sér grein fyrir því hversu mikilvægt það er að þétta byggð á höfuðborgarsvæðinu en það er ekki sama hvernig það er gert. Borgaryfirvöld hafa ráðist af miklu kappi í þetta verkefni en virðast ætla að gera það án nokkurs samráðs við íbúana sem þeir eiga að vera að vinna fyrir. Kjósendur fá að greiða atkvæði einu sinni á ári um hvort eigi að mála leiktæki eða bæta lýsingu á einhverju leiksvæðinu en hafa ekkert um það að segja hvort verktaki fái að byggja himinháa turna í hverfinu með tilheyrandi vindhviðum og skuggamyndun líkt og gerðist í Borgartúninu.

Á Lýsisreitnum í Vesturbænum er svipaða sögu að segja þar sem verktakinn, Þingvangur, hefur fengið að haga sér eins og fíll í postulínsbúð. Íbúar mótmæltu þessum framkvæmdum árið 2006 og vöruðu við hæð þessara húsa og bílastæðaskorti og aftur þegar framkvæmdir voru að hefjast síðasta vetur. Sprengingarnar sem áttu sér stað í byrjun síðasta árs ollu skemmdum á húsum í nágrenninu og lofaði verktakinn að þetta yrði bætt en ekkert hefur gerst í því og þegar sendar eru fyrirspurnir um málið til Þingvangs er engu svarað.

Sömu sögu er að segja af umboðsmanni borgarbúa, sem maður hefði haldið að ætti að gæta réttar okkar, og lögreglan neitar að taka við kærum vegna eignatjóns líkt og verktakar þurfi ekki að fara að lögum. Ekki hafa allir íbúar efni á eða tíma til að standa í löngu lögfræðivafstri til að ná fram rétti sínum. Litlu skiptir hverjir sitja við stjórnvölinn hjá borginni hvað þessi mál varðar.

**➜ Eiga borgarfulltrúar ekki að gæta hagsmuna okkar frekar en verktaka?**

Væri ekki eðlilegra að íbúar á hverju svæði fái að taka þátt í að móta sitt nærumhverfi, njóti alvöru íbúalýðræðis, og að hlustað sé á raddir okkar í stóru málunum en ekki bara í þeim smáu? Eiga borgarfulltrúar ekki að gæta hagsmuna okkar frekar en verktaka? Ef ekki verður breyting á vinnubrögðum borgarinnar er ekki annað hægt en að vara íbúa við þegar farið er að tala um þéttingu byggðar í þeirra hverfi. Þeir gætu þurft að sitja uppi með töluvert tjón á fasteignum sínum sem ekki verður bætt.

# Glíma Íslands við hrunið!

EFNAHAGSMÁL



**Steingrímur J. Sigfússon**
alþingismaður

Glöggt er gests augað segir gamalt máltæki. Á þeirri speki geta verið margar hliðar eins og fleiru. Sú hætta er augljós að gestinum hafi verið sýnd fegruð mynd af ástandinu á bænum, allt gert hreint í hólf og gólf fyrir komu hans og í hann borið það besta sem til var matarkyns. En — sé gesturinn vandanum vaxinn — lætur hann ekki villa um fyrir sér með slíkum brögðum. Tala nú ekki um ef tilgangur heimsóknarinnar er beinlínis sá að kanna ástand mála eins og það raunverulega er og vera á varðbergi gagnvart fegraðri mynd af hlutunum.

Máltækið gamla kann einnig að hafa skírskotun til þess að oft þarf einhvern utanaðkomandi til að benda heimamönnum, þeim sem lengi hafa samsamað sig tiltekinu ástandi, á það sem vel er gert og hitt sem betur mætti fara. Stundum er sagt, og jafnvel í háðslegum tóni, að sannleikurinn komi að utan. Það getur sannleikurinn einmitt átt til, óþægilegur sem hann kann að vera. Þannig kom sannleikurinn um hinar feysknu undirstöður „íslenska efnahagsundursins“ sumpart að utan árið 2006, t.d. í gerfi dansks bankamanns. En að utan kom vissulega líka innistæðulaus þvæla um íslensk efnahagsmál á sama tíma, sbr. lánshæfismat bankanna, allt fram á árið 2008.

**Gestur á vegum Sameinuðu þjóðanna**

Nýlega bar gest að garði á Íslandi á vegum hinna Sameinuðu þjóða. Nánar tiltekið heimsótti óháður sérfræðingur, Juan Pablo Bohoslavsky, landið á vegum Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna. Tilgangur heimsóknarinnar var að gera úttekt á því hvernig Íslandi hefði tekist í glímu sinni við afleiðingar Hrunsins að uppfylla skyldur sínar á sviði mannréttindamála, einkum hvað varðaði efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Heimsókn sérfræðingsins stóð í viku og eins og fram kemur í skýrslunni um för hans hingað var rætt við fjölmarga aðila, hlustað á ólík sjónarmið og síðan byggt á margvíslegum gögnum.

Niðurstöðurnar eru athyglisverðar. Hver og einn verður auðvitað að gera upp við sig hversu glöggt hann telur þetta tiltekna gestsauga. Hér var þó hvorki umboðslaus aðili á ferð né er hann þátttakandi í íslenskum stjórnmálum. Hér er ekki heldur um að ræða erindreka tiltekinna sérhagsmuna eða hugmyndafræði, nema það sé talið þjóna sérstakri hugmyndafræði að mannréttindi séu virt í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Almennt er vandséð annað en þessum tiltekna gesti hafi gengið það eitt til að komast sem næst sannleikanum um það sem var tilgangur heimsóknarinnar. Og tilgangurinn var, eins og áður sagði, að skoða frammistöðu Íslands í glímunni við afleiðingar Hrunsins frá þessum mannréttindasjónarhóli. Og nú skulum við gefa gestinum orðið:

**Góð einkunn og um leið þarfar ábendingar**

Almennt séð verður ekki kvartað undan þeirri einkunn sem hinn óháði mannréttindasérfræðingur gefur viðureign íslenskra stjórnvalda við afleiðingar Hrunsins, allt aftur til haustsins 2008. Í samandregnum niðurstöðum og víðar í textanum segir einfaldlega (í lauslegri þýðingu greinarhöfundar): „Ísland hefur glímt við efnahagsþrengingarnar með árangursríkari hætti en mörg önnur lönd.“ Engu að síður eru settar fram margar þarfar ábendingar, svo sem um að vera á varðbergi gegn hættu á langtímaatvinnuleysi meðal ungs fólks og innflytjenda, berjast gegn fátækt, horfa til stöðu leigjenda o.s.frv.

**„Á Íslandi dró úr ójöfnuði.“**

Þegar kemur að því að svara spurningunni um hvort eitthvað megi læra af því hvernig íslensk stjórnvöld tókust á við efnahagserfiðleikana er ýmislegt dregið fram og þar er m.a. að finna eftirfarandi texta (aftur í lauslegri þýðingu greinarhöfundar) og gesturinn hefur síðasta orðið:

„… ríkisstjórnin brást við fjármála- og efnahagsþrengingunum með því að hlífa hópum í viðkvæmri stöðu með auknum fjárframlögum til félagslegra stuðningsaðgerða, með því að auðvelda hlutastörf, með virkum vinnumarkaðsaðgerðum og auknum rétti til atvinnuleysisbóta. Í stað framhlaðinna niðurskurðaraðgerða sem hefðu getað dýpkað kreppuna var lögð áhersla á aðlögun í formi aukinnar tekjuöflunar með þrepaskiptum tekjuskatti, auðlegðarskatti og hærri sköttum á hagnað fyrirtækja. Þó nær allir færðu fórnir var byrðunum, þegar á heildina er litið, dreift á sanngjarnan hátt með því að standa vel vörð um hag hinna tekjulægstu á meðan þeir sem ríkari voru, og þar með síður líklegir til að missa lágmarks félagsleg og efnahagsleg réttindi, öxluðu þyngri byrðar. Á Íslandi dró úr ójöfnuði.“

# Á skítugum skónum!

## Fyrir heimili og fyrirtæki.




| PVC Dreglar | Verð |
|---|---|
| Skipadregill B: 1 meter, grár og brúnn | **1.890** kr. pr meter |
| Galypso Star dregill B: 67cm, grár og blár | **1.595** kr. pr meter |
| Galypso Star dregill B: 80cm, blár og brúnn | **1.845** kr. pr meter |
| **Útidyramottur 2–3 litir** | |
| PVC Duro Mat motta 66x120cm | **2.890** kr. |
| PVC Duro Mat motta 50x80cm | **1.590** kr. |
| PVC Duro Mat motta 66x185cm | **4.995** kr. |
| PVC Duro Mat motta 40x60cm | **999** kr. |
| **Gúmmímottur** | |
| Takkamotta 61x81cm | **3.590** kr. |
| Takkamotta 81x100 cm | **5.990** kr. |
| Takkamotta 91x183 cm | **8.990** kr. |
| Gatamotta 66x99 cm 12mm þykkt | **2.190** kr. |
| Gatamotta 100x100 cm 12mm þykkt | **3.390** kr. |
| Gatamotta 100x150 cm 22mm þykkt | **6.990** kr. |
| **Gúmmídreglar** | |
| Gúmmídregill 3mm fín-rifflaður | **1.990** kr. pr meter |
| Gúmmídregill 6mm gróf-rifflaður | **2.990** kr. pr meter |

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf, það breytist ekki!**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUNNLAUG MARGRÉT STEFÁNSDÓTTIR**

lést 6. mars. Jarðsungið verður frá Bústaðakirkju, mánudaginn 16. mars kl. 11.00.

**Jónína Sigrún Bjarnadóttir** **Grétar Jónsson**
**Gunnar Stefánsson** **Helga Ágústa Sigurjónsdóttir**
**og barnabarnabörn.**
**Stefán Þór Bjarnason** **Álfheiður Arnardóttir**
**Aníta Dögg Stefánsdóttir** **Benedikt Ölver Eymarsson**
**Sigurbjörg Eva Stefánsdóttir** **Stefán Örn Guðmundsson**
**Bjarni Þór Stefánsson**
**og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**GUÐNÝ FRIÐFINNSDÓTTIR (GUNNA FINNA)**
**frá Siglufirði,**

lést sunnudaginn 8. mars sl. Útför fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 28. mars nk. kl. 14.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og aðrir aðstandendur.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR KATRÍN PARMESDÓTTIR**
**Hallbjarnarstöðum 2, Tjörnesi,**

lést á dvalarheimilinu Hvammi fimmtudaginn 5. mars. Útför hennar fer fram frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 14. mars kl. 14.00.

**Hreinn Sæmundsson** **Guðný Jóhannesdóttir**
**Dagný Bjarkadóttir**
**Helga Svava Bjarkadóttir** **Björn Hauksson**
**Karl Bjarkason** **Ragna Kristjánsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



Ástkær fósturmóðir mín, systir og frænka,

**MAGNEA S. MAGNÚSDÓTTIR**
**hjúkrunarheimilinu Hömrum, áður Lágholti 4, Mosfellsbæ,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 9. mars sl.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Jakob Þór Haraldsson**
**Elísabet S. Magnúsdóttir**
**Elísabet M. Kristbergsdóttir**
**Halldóra Kristbergsdóttir**
**Magnús G. Kristbergsson**
**Ólafur Pálsson**
**Gunnar Pálsson**



**JÓN BALDVIN** Leikstjórinn segir að einn helsti hvatinn að gerð myndarinnar hafi verið persónuleg tengsl og áhugi Jóns Baldvins á Sovétríkjunum.

# Kvikmynd um sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna

Heimildarmyndin Þeir sem þora var frumsýnd í Litháen í gær en þá voru 25 ár liðin frá því að Litháar lýstu yfir sjálfstæði. Myndin fjallar um aðkomu Íslands að baráttu ríkjanna.

Íslenska heimildarmyndin Þeir sem þora verður frumsýnd í kvikmyndahúsum hér á landi um næstu mánaðamót. Myndin lýsir aðkomu Íslands að baráttu Eystrasaltsríkjanna, Eistlands, Lettlands og Litháens, í skjóli umbótastefnu Míkaíls Gorbatsjov, fyrir endurreisn sjálfstæðis þeirra árin 1986 til 1991. Myndin var frumsýnd í Eistlandi á dögunum og fékk þar góðar viðtökur að sögn leikstjórans, Ólafs Rögnvaldssonar. Myndin var svo sýnd í Forsetahöllinni í Vilníus í Litháen í gærkvöldi en þá voru liðin nákvæmlega 25 ár síðan Litháar lýstu yfir sjálfstæði. Myndin var svo sýnd í litháíska sjónvarpinu í beinu framhaldi.

„Hugmyndin kom frá Kolfinnu Baldvinsdóttur sem fékk mig til að fara í þetta með sér,“ segir Ólafur, sem er leikstjóri myndarinnar en Kolfinna er handritshöfundur og spyrill myndarinnar.

„Myndin fangar hina örlagaríku atburðarás sem fór af stað í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna, Vilníus, Ríga og Tallinn, í janúar 1991, þegar Sovétherinn reyndi á grimmúðlegan hátt að kæfa anda frelsis og ganga milli bols og höfuðs á hreyfingum sjálfstæðissinna. Á þessari örlagastundu var utanríkisráðherra Íslands, Jón Baldvin Hannibalsson, eini vestræni utanríkisráðherrann sem heimsótti höfuðborgirnar þrjár og sýndi með því stuðning þjóðar sinnar í verki,“ segir Ólafur.

Í kjölfar valdaráns í Moskvu í ágúst 1991 varð Ísland fyrsta ríki heims til að viðurkenna sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna. Í kjölfarið fylgdi hröð atburðarás og Sovétríkin heyrðu sögunni til í desember sama ár.

Myndin fjallar um sjálfstæðisbaráttu þessara landa og byggir á viðtölum við marga. Ólafur segir að persónuleg tengsl og sérlegur áhugi Jóns Baldvins á Sovétríkjunum hafi verið helsti hvatinn. „Hann var, ásamt danska utanríkisráðherranum Uffe Elleman Jensen, dyggasti stuðningsmaður Eystrasaltsríkjanna innan Sameinuðu þjóðanna, NATO og fleiri stofnana og talaði máli þeirra á vettvangi alþjóðlegrar stjórnmálaumræðu þegar færi gafst. Þeir gerðu sér báðir grein fyrir því að alþjóðasamfélagið hafði í raun lítinn sem engan áhuga á þessum litla afkima Sovétríkjanna og voru jafnframt þeirrar skoðunar að innlimun Eystrasaltsríkjanna í Sovétríkin í seinni heimsstyrjöldinni stæðist ekki lög,“ segir Ólafur sem var viðstaddur sýningu myndarinnar í Vilníus í gærkvöld ásamt Jóni Baldvin, eiginkonu hans, Bryndísi Schram, og dóttur þeirra, Kolfinnu. Myndin er unnin í samvinnu við fyrirtæki í Eystrasaltsríkjunum.

viktoria@frettabladid.is



Okkar ástkæri sonur og bróðir,

**AXEL DAGUR ÁGÚSTSSON**

lést laugardaginn 7. mars.

**Eydís Bjarnadóttir** **Bergur Már Hallgrímsson**
**Ágúst Þorbjörnsson** **Ragnhildur Geirsdóttir**
**Ívar Hrafn Ágústsson**
**Geir Þór Ágústsson** **Kristín Steinunn Ágústsdóttir**
**Vaka Bergsdóttir**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**FRIÐRIK KRISTJÁNSSON**
**Mánatúni 6, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum, 24. febrúar. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 13. mars klukkan 13.00.

**Kári Friðriksson**
**Logi Friðriksson** **Sigrún Elíasdóttir**
**Ívar Friðriksson** **Lóa Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg dóttir mín,

**KOLBRÚN HERMANNSDÓTTIR**
**Iðufelli 6, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum 8. mars sl.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Aðalbjörg Jónsdóttir**
**fjölskylda og vinir.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTRÚN JÓNÍNA STEINDÓRSDÓTTIR**
**Suðurbraut 12, Hafnarfirði,**

lést mánudaginn 9. mars á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 16. mars kl. 15.00.

**Þórður Arnar Marteinsson**
**Ágústa Sigrún Þórðardóttir** **Sigurjón Grétarsson**
**Einar Marteinn Þórðarson** **Helga Sigurðardóttir**
**Viktor Rúnar Þórðarson** **Hrafnhildur Ósk Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur faðir okkar, bróðir og mágur,

**JÓN GÍSLASON**

er látinn. Útförin verður þann 19. mars nk. kl. 10.30 í Fossvogskapellu.
Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Samhjálp.

**Diljá Heba**
**Úrsúla Ósk**
**Hjörtur Gíslason** **Helga Þórarinsdóttir**
**Arnfríður Gísladóttir** **Páll Gíslason**
**María Gísladóttir** **Ari Þorsteinsson**
**Soffía Gísladóttir** **Páll Valdimarsson**
**Guðrún Gísladóttir** **Jón B. Indriðason**
**Ingibjörg Gísladóttir** **Christopher Yerian**



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓSKAR ÞÓRÐARSON**
**frá Haga,**
**Hringbraut 50,**
**áður til heimilis að Blesugróf 8, Reykjavík,**

lést þann 27. febrúar á Minni-Grund við Hringbraut. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólks Minni-Grundar fyrir alúð og góða umönnun.

**Svandís Ósk Óskarsdóttir** **Steinar Jakob Kristjánsson**
**Ársæll Óskarsson** **Eugenia B. Jósefsdóttir**
**Hrönn Pálsdóttir**
**Dagný Arnþórsdóttir, Berglind Arnþórsdóttir,**
**Arnþór Arnþórsson, Auður Steinarsdóttir,**
**Björgvin Steinarsson, Ástrós Eva Ársælsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**MAMMA** Leikkonan Cate Blanchett og eiginmaður hennar, Andrew Upton, hafa ættleitt litla stúlku. Þau hafa gefið henni nafnið Edith Vivian Patricia Upton. Fyrir eiga þau þrjá drengi, 6, 10 og 13 ára.


TÆKIFÆRISGJAFIR



TILBOÐ

Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955









**NÝ LÍNA** Skartgripalínan Indland–Ísland samanstendur af eyrnalokkum, hálsmeni og armbandi. Lokkarnir geta bæði hangið niður úr eyrum og lagst yfir það.

# INDLAND ÍSLAND

**HÖNNUNARMARS** *Indverskur eyrnalokkur er innblásturinn á bak við nýja skartgripalínu sem sýnd er í Hrím hönnunarhúsi nú á HönnunarMars. Línan er afrakstur samstarfs arkitekts, gullsmiðs og ljósmyndara.*

*Sjá næstu síðu* ▶


Fermingartilboð

Valhöll 5 svæðisskipt heilsudýna
Pokagormakerfi, gæðabólstrun.
Verð með PU-leðurbotni og fótum.
120x200 cm Verð aðeins kr. 79.900.-
140x200 cm Verð aðeins kr. 89.900.-
Erum farin að taka niður pantanir.
Væntanleg sending í lok mars.



GJÖF FYLGIR
Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingarrúmum í ár



12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík

Vandyck sængurverasett

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429








*Framhald af fyrri síðu.*

Ég fór til Indlands fyrir tíu árum að skoða arkitektúr með skólanum og keypti mér þar eyrnalokk sem liggur yfir eyrað. Ég hef verið með lokkinn stanslaust síðan," segir Hildur Steinþórsdóttir, arkitekt og einn þriggja hönnuða sem standa á bak við nýja skartgripalínu, Indland – Ísland, sem sýnd er í Hrím hönnunarhúsi nú á HönnunarMars.

Línan samanstendur af eyrnalokkum, hálsmeni og armbandi úr gulli og silfri og byggir á indverska lokknum hennar Hildar.

„Sá lokkur er mikið flúraður og mig langaði alltaf til að gera einfalda útgáfu af honum og laga hann að okkar skandinavíska formtungumáli," útskýrir Hildur en eyrnalokkarnir, festin og armbandið skarta mörgum einföldum skífum, sem grípa birtuna og endurkasta ljósi og litum.

„Ég komst í samband við Ásu Gunnlaugsdóttur, vöruhönnuð og gullsmið, eiganda ASA Jewellery, og saman þróuðum við línuna. Indverski lokkurinn er einungis hannaður til að liggja yfir eyrað og ætlast til að annar lokkur hangi úr eyrnasneplinum en við útfærðum okkar lokk þannig að hann geti hangið niður líka. Sá indverski er einnig í þremur hlutum en okkar er í einu lagi. Þá er ekki hætta á að týna festingunni eða pinnanum."

Þær Hildur og Ása fengu síðan til liðs við sig Írisi Stefánsdóttur ljósmyndara, sem gaf línunni auka innslag frá Indlandi að sögn Hildar. „Það var frábært að fá Írisi í samstarf en hún er nýflutt heim frá Ítalíu, þar sem hún vann einmitt við að ljósmynda skartgripi. Hún á heiðurinn af því hvernig myndirnar af línunni urðu til en af því að lokkurinn var kominn langt frá sínum indverska uppruna, að okkur fannst, þá kallaði hún hann aftur fram í myndatökunni, meðal annars með lituðu ljósi," útskýrir Hildur og segir samstarfið hafa gengið snurðulaust fyrir sig. Það hafi verið áskorun fyrir arkitekt að vinna í svo fíngerð efni eins og gull og silfur.

„Þetta gekk ótrúlega vel, ég er vön að vinna í grófa steypu en við eigum þó sameiginlegan sjónlistabakgrunn. Oft var ég úti á þekju þegar var verið að ræða á fagmáli um skart, hárgreiðslu og ljósmyndun en það er frábært að fá innsýn í annan heim. Svo er gaman frá því að segja að indverska sendiráðið kom inn í þennan bræðing okkar milli Indlands og Íslands en Shri Sunil K. Agnihotri hjá indverska sendiráðinu og eiginkona hans, Sengeeba Agnihotri, buðu upp á indversk heimagerð sætindi á opnuninni í Hrím. Nú er stefnan sett á að hefja framleiðslu á línunni fljótlega og eins eigum við þegar margar hugmyndir að fleiri vörum sem við erum í startholunum með."

■ **heida@365.is**



**FRUMSÝNA NÝJA SKARTGRIPALÍNU** Hildur Steinþórsdóttir arkitekt , Ása Gunnlaugsdóttir, vöruhönnuður og gullsmiður, og Íris Stefánsdóttir ljósmyndari standa á bak við skartgripalínuna Indland – Ísland. Línan er sýnd í Hrím hönnunarhúsi við Laugaveg 25 nú á HönnunarMars. MYND/GVA



**EINFÖLD FORM** Hildi hafði lengi langað til að útfæra flúraðan lokk sem hún keypti á Indlandi fyrir tíu árum á einfaldari hátt og nær „skandinavísku formtungumáli".



**INDVERSK ÁHRIF** Línan byggir á indverskum eyrnalokk sem ætlað er að liggja yfir eyrað. MYND/ÍRIS STEFÁNSDÓTTIR

ÚRVAL ÚTSÝN

ÍSLENSKIR FARARSTJÓRAR BÍÐA ÞÍN Í SÓLINNI

BÓKAÐU Á UU.IS

# HVÍTIR LOÐFELDIR VUITTON

Nicolas Ghesquière sýndi haust- og vetrartískulínu sína fyrir Louis Vuitton á tískuvikunni í París nýverið. Tískusýningin fór fram inni í silfraðri byggingu listasafnsins Fondation Louis Vuitton.

Sýningin vakti töluverða athygli, ekki síst íburðarmiklir hvítir loðjakkar sem voru áberandi í sýningunni. Auk þess vöktu ferköntuð málmveski nokkurn áhuga meðal viðstaddra.

Uppáhaldsfyrirsæta Vuitton, Freja Beha Erichsen, gekk fyrst á svið í hvítum loðnum jakka en mesta umfjöllun á Instagram fékk Fernanda Hin Lin Ly með sitt bleika hár.






TOPSHOP
KAREN MILLEN
DOROTHY PERKINS
WAREHOUSE
evans.
ÚTSÖLUMARKAÐUR
KORPU OUTLET
Á KORPUTORGI TIL 4.APRÍL
Allar vörur frá Warehouse, Topshop, Dorothy Perkins og Evans á 500-6000 kr.
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR Á VÖRUM FRÁ KAREN MILLEN

# KJÓLL Á DAG Í NÍU MÁNUÐI

**KJÓLAGJÖRNINGUR** *Listakonan Thora Karlsdóttir hóf níu mánaða kjólagjörning 1. mars. Hún hyggst klæðast nýjum kjól á hverjum degi í níu mánuði eða í 280 daga. Thora líkir gjörningnum við endurfæðingu.*

Þannig er að þegar mamma mín átti von á mér hafði hún eignast þrjár dætur í röð, en átti fyrir drengi. Hana langaði óskaplega mikið til að eignast son og vonuðust foreldrar mínir til þess að ég yrði strákur. Svo fæddist fjórða stelpan og þá sagði systir mín, sem er þremur árum eldri en ég, að fyrst ég gæti ekki verið strákur ætti ég í það minnsta að heita strákur. Það varð sem betur fer ekki úr en ég fékk hins vegar að heyra þessa sögu oft og mörgum sinnum þegar ég var að alast upp. Ég var mikill strákur í mér. Allir vinir mínir voru strákar og ég þyki enn í dag alger nagli. Mér fannst örugglega innst inni að ég hefði valdið fólkinu mínu vonbrigðum.“

Thora segir brandarann hafa verið lífseigan innan fjölskyldunnar. „Það kemur þó að þeim tímapunkti að brandarar verða þreyttir og ég ákvað því að taka hinn pólinn í hæðina og leggja meiri rækt við kvenlegu hliðar mínar. Með því að klæðast nýjum kjól á hverjum degi í níu mánuði vil ég undirstrika þá staðreynd að ég fæddist stelpa. Eftir þessa níu mánaða kjólameðgöngu mun ég endurfæðast sem kona,“ segir Thora.

Aðspurð segir Thora alls engin sárindi fylgja gjörningnum innan fjölskyldunnar. „Mamma hefur sagt að auðvitað myndi enginn tala svona við börn í dag. Ég tel mig ekki hafa borið neinn skaða af þessu og foreldrar mínir urðu auðvitað ekki fyrir neinum vonbrigðum með mig. Þetta er aðallega til gamans gert og gaman að taka þetta alla leið.“

**VONAR AÐ FLEIRI VERÐI MEÐ**

Gjörningurinn hefur að sögn Þóru margar hliðar. „Mig langar að senda jákvæða strauma út í samfélagið. Þetta er hvatning til kvenna að upphefja hið kvenlega og það í daglegu lífi. Það eru forréttindi að geta klætt sig í kjól. Það þarf ekki endilega að vera fyrir eitthvert tilefni eða fyrir einhvern annan. Við eigum fyrst og fremst að punta okkur fyrir okkur sjálfar. Persónulega líður mér betur þegar ég lít vel út,“ segir Thora og vonast til að fleiri konur fylgi hennar fordæmi og taki þátt í gjörningnum. „Ég tek líka glöð á móti fleiri kjólum.“

**VERÐUR MEÐ ÞEMAMÁNUÐI**

Thora ætlar að skipta mánuðunum niður í þemamánuði og er fyrsti mánuðurinn tileinkaður kjólum sem hún hefur fengið frá vinkonum, systrum og frænkum. „Þetta eru allt konur sem mér þykir vænt um og standa mér nærri. Þær fylgjast spenntar með og bíða eftir að sjá mig í þeirra kjól. Síðan ætla ég að vera með einn svartan mánuð þar sem ég mun eingöngu klæðast svörtum kjólum og einn hönnunarmánuð þar sem ég mun eingöngu klæðast kjólum eftir viðurkennda hönnuði.“

Thora hefur fengið ýmsa kjóla að gjöf og tekur við kjólum af öllum stærðum og gerðum. „Ég breyti þeim bara eftir þörfum og fylgi orðatiltækinu að sníða sér stakk eftir vexti út í ystu æsar. Suma þarf ég að þrengja en svo get ég líka bara verið í framhlutanum ef einhver skyldi ekki ná allan hringinn,“ segir hún og hlær.

**ÝMSAR UPPÁKOMUR**

Thora segir endurnýtingu líka vera einn anga af gjörningnum. „Mér finnst ágætt í okkar neyslusamfélagi að benda á það að það er hægt að gera margt fallegt og líta vel út í einhverju sem er ekki endilega keypt í dag.“

**LIFANDI GJÖRNINGUR** Þóra segist vilja hafa myndirnar lifandi og vill helst að þær fangi einhvers konar hreyfingu. „Ég vel myndir sem Björn myndi ekki endilega velja. Þetta er lifandi gjörningur. Mér finnst ekki passa að vera með uppstilltar stúdíómyndir.“ MYNDIR/BJÖRN JÓNSSON



Thora kemur til með að setja mynd af sér í nýjum kjól á hverjum degi á facebooksíðuna 280 Kjólar, Dresses, 40 Vikur, Weeks 9 Mánuðir, Months en auk þess verður hún með ýmsar uppákomur tengdar gjörningnum á meðan á honum stendur. Hún stefnir svo að því að vera með lokainnsetningu með öllum kjólunum að níu mánuðum liðnum.

Björn Jónsson, kærasti Þóru, tekur myndirnar. „Við erum í tiltölulega nýju sambandi en ég var búin að ákveða að fara út í þennan gjörning áður en úr varð að hann yrði mér við hlið. Ég veit eiginlega ekki hvernig ég ætlaði mér að gera þetta án hans. Aðkoma hans gerir þetta allt mun auðveldara og nú er þetta okkar sameiginlega verkefni. Hann á sinn þátt í þessu og þetta verður þá kannski eins og barnið okkar þegar upp er staðið.“

■ vera@365.is










Kjóll áður 14.990
nú 9.990

HÖNNUNARMARS Í FLASH
30% AFSL.
AF ÖLLUM VÖRUM Í DAG



Kjóll áður 14.990
nú 9.990



Toppur áður 7.990
nú 5.000

OPIÐ TIL KL. 22
Sjá fleiri myndir á f

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201



Mussa áður 7.990
nú 5.000




black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook

HönnunarMars
Reykjavík
12.-15.03.2015

MARTA JONSSON

LAUGAVEGI 51
S. 553 0816

KRINGLUNNI
S. 553 0817



Marta Jonsson gefur góð ráð





Hafliði Ragnarsson
skartar sínu fínasta súkkulaði

# Frábær hönnunartilboð

12. - 15. mars

Verið velkomin á

# HVÍTT Á SVÖRTU

**Opnunarhóf hjá Marta Jonsson, Laugavegi 51**
**fimmtudaginn 12. mars kl. 18:00 - 20:00**
**Marta mun kynna part af nýju sumarlínunni**



www.martajonsson.com | Póstsendum frítt






**SYSTURNAR** Mamie, Grace og Louisa Gummer eru glæsilegar konur. NORDICPHOTOS/GETTY

# DÆTUR STREEP Í FYRIRSÆTUSTÖRFUM

**SVIÐSLJÓSIÐ** *Dætur Meryl Streep vekja athygli þessa dagana sem fyrirsætur fyrir verslunina „& Other Stories“. Skoða má myndir af þeim á heimasíðu verslunarinnar. Þær eru allar mjög líkar móður sinni.*

Systurnar Grace, Louisa og Mamie Gummer sýna vortískuna hjá fyrirtækinu og hafa vakið mikla athygli. Móðir þeirra er ein frægasta leikkona heimsins, Meryl Streep. Hún hefur þrisvar sinnum hlotið Óskarsverðlaun og margoft verið tilnefnd. Dætur hennar þykja hæfileikaríkar; sú elsta, Mamie, er þekktust fyrir leik sinn í þáttunum Emily Owens, M.D. Miðdóttirin, Grace, hefur leikið í The Newsroom. Sú yngsta, Louisa, hefur starfað sem fyrirsæta, meðal annars fyrir tískurisann Dior. Núna birtast þær allar í vortísku „& Other Stories“.

Það var hönnuðurinn Clare Vivier sem fékk þær systur til samstarfs við sig, enda eru systurnar ákaflega myndrænar, ekki síður en móðir þeirra. Clare hitti Mamie fyrst árið 2013 þegar hún lék í myndbandi þegar ný verslun „& Other Stories“ var opnuð í New York. Systurnar eru 23 ára, 28 ára og 31 árs.

Meryl Streep giftist listamanninum Don Gummer árið 1978. Þau eiga fjögur börn, elstur er Henry sem fæddist árið 1979. Fjölskyldan býr bæði í Connecticut í Bandaríkjunum og í Brentwood í Los Angeles.



**MÆÐGUR** Meryl Streep ásamt dóttur sinni, Louisu, sem er fyrirsæta. NORDICPHOTOS/GETTY









# DEBENHAMS




# YVES SAINT LAURENT

## KYNNING Í DEBENHAMS SMÁRALIND 12. - 18. MARS

**20%**
AFSLÁTTUR AF
VINSÆLUSTU FÖRÐUNUM FRÁ
**YVES SAINT LAURENT**

**Náttúrulegt útlit**



Náttúrulegur farði
Ljómi í nýrri vídd
Þyngdarlaus fullkomnun

**Gegn öldrun**



Farði gegn öldrun
Leiðréttir litamisfellur
Endalaus þægindi

**Góð ending**



24 tíma ending og þægindi
Björt og mött áferð
Léttur eins og fjöður

Finndu okkur á facebook

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**

**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**




FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN?

KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer 800 1177 eða á dreifing@postdreifing.is

Póst dreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ



**UTANUM** Eva Vilhelmsdóttir í einni af sínum fallegu kápum. MYND/GVA

# ÞYKIR VÆNT UM ÍSLENSKU ULLINA

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Utanum er merki Evu Vilhelmsdóttur sem verður með Ljóskápur á HönnunarMars. Íslenska ullin er og verður aðalviðfangsefni Evu.*

Eva Vilhelmsdóttir er einn fjölmargra hönnuða sem taka þátt í HönnunarMars sem hefst formlega í kvöld. Eva hannar fyrst og fremst vörur úr ull; peysur, yfirhafnir, trefla og húfur undir merkinu Utanum. „Ég hef unnið með prjónið mjög lengi og mitt efni er íslenska ullin sem mér þykir afskaplega vænt um,“ segir Eva. „Ég er búin að þróa ákveðnar efnistegundir sem ég vinn mikið með og læt prjóna fyrir mig í Glófa, þar er prjónameistarinn Birgir Einarsson sem er yndislegur og gerir allt fyrir mig. Núna nota ég mikið blönduð efni, það er að segja, ég blanda bómull inn í prjónið og þá verður það léttara og mýkra.“

**FYLGIST VEL MEÐ TÍSKUNNI**

Eva segist alltaf hafa pælt mikið í tískunni og þessa dagana er hún tíður gestur á erlendum tískusíðum sem segja fréttir af komandi haust- og vetrartísku. „Ég bíð spennt á hverjum degi eftir nýjum fréttum og myndum. Ég hef lengi fylgst með hönnuðinum Dries Van Noten sem mér finnst mjög flottur. Einnig Rick Owens sem er með frumlega hönnun sem gott er að sækja innblástur til. Það er gaman að því hvernig hann leikur sér með sniðin og efnin. Annars á ég mér enga sérstaka fyrirmynd, flíkurnar sem ég hanna koma svolítið til mín. Þó þarf að pæla í sniðunum því ullin er frekar takmörkuð og þarf að hugsa fyrir því hvernig efnið teygist og fleira. Mér finnst gaman að gera margnota flíkur, til dæmis peysur sem hægt er að snúa á mismunandi máta,“ segir Eva.

**PRJÓNAKÁPUR Á VORIN**

Á HönnunarMars kynnir Eva nýja prjónalínu frá Utanum en útgangspunktur línunnar er að hjúpa líkamann og umvefja. Íslenska ullin og menningararfurinn hefur verið aðalviðfangsefni Evu og Utanum frá stofnun þess árið 2006 og eru allar vörur hannaðar samkvæmt hugmyndafræði umhverfisvænnar framleiðslu. „Á HönnunarMars verð ég með kápur sem eru hugsaðar sem vorflíkur. Það er gott að eiga eina prjónakápu á vorin þegar fer að birta og við getum farið að fara meira út.“ Eva segir hefðbundnu litina, gráan og svartan, alltaf vera vinsælasta. „Mér finnst gaman að leika mér með liti og verð stundum leið á þessum gráu og svörtu tónum.“

**ENDURNÝTIR FÖTIN SÍN**

Sjálf er Eva afslöppuð í klæðaburði og finnst best að vera í þægilegum fötum. „Ég er eiginlega alltaf í einhverju sem ég hef gert sjálf og ég nota peysurnar mínar mikið. Uppáhaldsflíkin mín er einmitt peysa með háum kraga sem hægt er að nota við alls kyns tilefni. Annars finnst mér mjög gaman að endurnýta fötin mín og hef gert það lengi. Þá tek ég eitthvað sem ég á sem er nokkurra ára gamalt og breyti í eitthvað nýtt. Til dæmis átti ég kjól sem varð að pilsi og svo aftur að skokk. Það var örugglega tíu ára tímabil sem ég notaði þessa einu flík. Það er skemmtilegt að breyta til og gefa fötunum nýtt líf.“

Við hátíðlegri tækifæri segir Eva það nauðsynlegt að eiga einn góðan kjól. „Einn svartan kjól er hægt að nota á ótrúlega marga vegu, það er til dæmis hægt að vera í mismunandi litum sokkabuxum, peysu við hann eða nota fallega fylgihluti. Svarti kjóllinn er hálfgerður staðalbúnaður og ég á oft einhvern einn góðan kjól sem ég nota mikið.“

■ liljabjork@365.is

## KJÓLL VARÐ AÐ PILSI

„Annars finnst mér mjög gaman að endurnýta fötin mín og hef gert það lengi. Þá tek ég eitthvað sem ég á sem er nokkurra ára gamalt og breyti í eitthvað nýtt. Til dæmis átti ég kjól sem varð að pilsi og svo aftur að skokk.“

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Toyota Rav4 GX Diesel 5/2013 ek.34þús. Sjálfskiptur. Ný ryðvarinn. Sumar & Vetrardekk. TILBOÐSVERÐ 5.790.000.- Rnr.104661



BMW X3 3.0I 11/2004 ek.77þús. Sjálfskiptur. Leður. Ný vetrardekk. Ásett verð 2.490.000.- Rnr.310990



Suzuki Grand Vitara Lux 9/2008 ek.94þús. Nýjir klossar/framan. Nýr rafgeymir. Nýsmurður. TILBOÐSVERÐ 2.190.000.- Rnr.311134



Ford Freestyle Limited AWD árg 2005 ek.175þús. Sjálfskiptur. Umboðsbíll. 7 manna. TILBOÐSVERÐ 1.290.000.- Rnr.287232

www.bilarydvorn.is
S. 587 1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilaholling.is**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝIR JEEP GRAND CHEROKEE OVERLAND 4X4**

Sá flottasti, V6 290hö, eyðsla í blönduðum akstri 10.4L, 8 gíra sjálfskiptur, Hlaðinn lúxus búnaði, Tilboðsverð aðeins 11.790þkr, Er í salnum, ATH Getum útvegað allar gerið af Grand Cherokee,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

Bílalíf



**GJAFAVERÐ 2.990.000.-**

HUMMER H2. Árg.2007,ekinn aðeins 105.þ km,bensín, sjálfskiptur,lítur sérlega vel út,er á staðnum. Ásett verð 4.980.000.- Rnr.390658. S:562-1717



**GJAFAVERÐ 2.990.000.-**

HUMMER H2. Árg.2007,ekinn aðeins 99.þ km,bensín, sjálfskiptur,lítur sérlega vel út,er á staðnum. Ásett verð 4.980.000.- Rnr.104286. S:562-1717.



**NÝR RAFMAGNSBÍLL**

NISSAN LEAF TEKNA.Árg.2015,lúxus útfærsla-leður,bakkmyndavél ofl,sjálfskiptur,er á staðnum. Verð 4.590.000. Rnr.126475. S:562-1717.



**NÝR RAFMAGNSBÍLL**

NISSAN LEAF TEKNA.Árg.2015,lúxus útfærsla-leður,bakkmyndavél ofl,sjálfskiptur,er á staðnum. Verð 4.590.000. Rnr.126469.S:562-1717.



VW GOLF STATION DÍSEL.Árgerð 2012,ekinn aðeins 59.þ km, dísel,sjálfskiptur,er á staðnum. Verð 3.490.000. Rnr.105107. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzukisport.is**
**suzuki@suzuki.is / suzuki.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ GLK 220 cdi 4matic . Árgerð 2014, ekinn 25 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.650.000. Rnr.210615.



MERCEDES-BENZ B 180 CDI blue efficiency. Árgerð 2014, ekinn 6 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.990996.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 56 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.980.000. Rnr.240638. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



Kia Carens sjálfsk. Árgerð 2014, ekinn 20 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.750.000. Rnr.240436. 7 ára verksmiðjuábyrgð.



HONDA Cr-v executive. Árgerð 2007, ekinn 74 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.991216.



BMW X5 3,0d. Árgerð 2006, ekinn 144 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.991234.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777



MAZDA 6 s/d vision. Árgerð 2013, ekinn 49 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.950.000. Rnr.115287.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

TOYOTA
Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is



TOYOTA Urban Cruiser GX Awd. 122010, 110þ.km,dísel, 6 gírar. Verð 2.090.000.Skipti ód. Rnr.260696.



SUBARU Legacy stw Lux 2.0. 6/2014, 20þ.km,dísel,sjálfskiptur. Verð 5.990.000.Skipti ód. Rnr.122831.



KIA Sorento EX Classic 2.5. 5/2007, 130þ.km,dísel,sjálfskiptur. Verð 2.650.000. Skipti ód.Rnr.118640.



TOYOTA Hilux d/c SR 3.0. 5/2007, 261þ.km,dísel,sjálfskiptur,pallhús, góð smurbók. Verð 2.390.000.Skipti ód. Rnr.118604.



TOYOTA Land Cruiser 150 GX. 6/2013, 48þ.km, dísel, sjálfskiptur,krókur,filmur. Verð 9.170.000.Skipti ód. Rnr.122834.



TOYOTA Land Cruiser 150 GX 7manna. 2/2014, 19þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 10.150.000.Skipti ód. Rnr.118620.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnes 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18**

100 bílar bílasala .is



Renault Megane Sport Tourer - 6/2014 - Dísel - Sjálfsk - ek 25 þkm - Er á staðnum - Ásett verð 3390 þús - raðnr 151731.

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



Honda Accord Tourer Elegance Árgerð 2013. Ekinn 49þ.km. Sjálfsk. Hlaðinn aukabúnaði. Er á staðnum. Verð 3.690.000kr. Raðnr 157057. Sjá nánar á www.stora.is



Hyundai i10 Comfort Árgerð 2014. Ekinn 28þ.km. Sjálfsk. Vel búinn bíll. Er á staðnum. Tilboðsverð 1.950.000kr. Raðnr 134623. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

CLASSICBILAR.IS
Bílasala



**SÁ FALLEGASTI!!**

BMW 730D F01 M-sportpakkinn Árg 2011, ek 49 Þ.km, sjálfskiptur. Einn með öllu. Verð 12.990þ Rnr.100367.

Óskum eftir bílum á söluskrá okkar
www.classicbilar.is

**Classicbilar.is**
**Gilsbúð 3, 210 Garðabær**
**Sími: 517 9500**
**http://classicbilar.is**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN



**BÍLL DAGSINS!**

GMC Sierra 2500 4wd. Árgerð 2005, ekinn 179 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.480.000. Rnr.312234.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## 500-999 þús.



**MJÖG VEL MEÐ FARINN BÍLL!**

Renault Megane 1.6 árg ,04. ek aðeins 119þús km. bsk. skoðaður. 3d. nýleg vetrardekk. mjög gott eintak sem að eyðir litlu. Ásett 890þús. Tilboðsverð aðeins 490þús. vísalán í boði. s:659-9696



**590.000.- VÍSALÁN Í BOÐI**

Chevrolet Lazetti station. árg ,07. ek. 141þús km. bsk. sk ,15. mjög rúmgóður og sparneytinn bíll. ásett verð 890þús. Tilboðsverð aðeins 590þús stgr. 100% vísalán í boði. s:659-9696



**OPEL ASTRA SJÁLFSKIPTUR**

Opel Astra 1.8 árg ,05. ek 176þús km. Ssk. 5dyra. ný tímareim. skoðaður. smurbók. mjög fallegur og góður bíll. Ásett verð 890þús. Tilboðsverð aðeins 590þús ! Vísalán í boði. s:659-9696

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

Óska eftir bíl á bilinu 30-500þ. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hópferðabílar





**MB SPRINTER**

Get útvegað Sprinter í ýmsum útfærslum, verð frá 50.000 Euro (Bíll á mynd 75.000 Euro). 20 ára reynsla af innflutningi á hópbifreiðum og öðrum atvinnutækjum. Upplýsingar í síma 894-0278 og bus@simnet.is Erlingur Þór





## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alglugger.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.




## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir




**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www. japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal púststviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2015**

Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 eða 897-1877. FOB Suðurlandsbraut 6. www. fob.is

**BÓKHALD, UPPGJÖR, RÁÐGJÖF.**

Tek að mér bókhald og uppgjör fyrir fyrirtæki , einstaklinga og húsfélög. Heildarlausnir, Theódór S. Halldórsson, Sími 896 2818

## Málarar




**MÁLNINGI**

Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@ flytja.is

**SENDIBILL.IS**

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Húsaviðhald




K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar




Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@ simnet.is

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

**Tímapantanir í síma 864-1273**

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**NÝJAR VÖRUR !**

Ermar frá 1.990,- mikið úrval Kjólar , hárskraut, Skart,Töskur ofl. Mikið úrval frábært verð. Erum á facebook Súpersól Hólmaseli 2 Seljahverfi 567-2077 587-0077 Opið 10-22 alla virka daga Laugardaga 12-18

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

Viljum kaupa suðupott til iðnaðar allar stærðir koma til greina. Uppl. í s. 483 3548 og 892 0367

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## fundir / mannfagnaður

# Aðalfundur

Aðalfundur LAUF – félags flogaveikra verður haldinn
**mánudaginn 16. mars kl.20**
**í fundarsal á 9. hæð í Hátúni 10, vesturturni.**

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf.

Félagsmenn fjölmennið!

***Stjórnin.***

## fasteignir

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
**Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**

### Lerkiás 15 – Garðabær – Raðhús

**Opið hús í dag milli kl. 17 – 17:30**




Hraunhamar fasteignasala kynnir glæsilegt endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr samtals 179,7 fm. vel staðsett. Eignin er hönnuð af Hjördísi Sigurðardóttur innanhúsaarkitekt og er smekklega innréttuð með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Eignin skiptist í forstofu, hol, stofu, borðstofu, sjónvarpshol, eldhús, snyrtingu, þvottahús og bílskúr. Á efri hæð er hol, hjónaherbergi með fataherbergi inn af, tvö góð barnaherbergi og baðherbergi. **Verð: 65 millj.**
Þorbjörn Helgi sölumaður s. 896 0058 verður á staðnum.

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**






## **Grímsbær,** skrifstofur á 2. hæð

Um 695 m² skrifstofuhæð til leigu við Efstaland 26, með inngang við Bústaðaveg, í lengri eða skemmri tíma. Hæðin er björt með nokkrum skrifstofum, fundarherbergjum og opnu vinnurými. Ágætis eldhús og stórar suðursvalir.

Í Grímsbæ er fjölbreytt þjónusta við höndina, næg bílastæði eru við húsið og góð aðkoma er að skrifstofuhæðinni bakatil.

# TIL LEIGU

Nánari upplýsingar á **www.reitir.is**
og hjá Halldóri Jenssyni, forstöðumanni
sölusviðs, í **840 2100** eða **halldor@reitir.is**

Reitir fasteignafélag Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

**REITIR**
*Velkomin til starfa*




MATARGLEÐI EVU - Í KVÖLD

# **FJÖLBREYTTAR** FREISTINGAR

Matargleði Evu er ný fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem **Eva Laufey Hermannsdóttir** leggur ríka áherslu á að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni. Það verður skemmtilegt þema fyrir hvern þátt og farið verður um víðan völl í matargerðinni. Hollt, gott, sætt og rjómalagað.




**2 | 20:10**

**MATARGLEÐI EVU**

Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu á að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni. Í hverjum þætti verður sérstakt þema og farið um víðan völl í matargerðinni.

FRÁBÆRT
**FIMMTUDAGSKVÖLD!**
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

**2 | 20:35**

**THE MENTALIST**

Sjöunda þáttaröðin um Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.



**2 | 21:20**

**THE BLACKLIST**

Önnur þáttaröðin með James Spader í hlutverki eins eftirlýstasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington.



**2 | 22:05**

**THE FOLLOWING**

Þriðja þáttaröðin af þessum frábæru þáttum um fjöldamorðingjann Joe Carroll og lögreglumanninn Ryan Hardy. Hörkuspennandi þættir.



**G | 22:00**

**GAME OF THRONES**

Einn þáttur sýndur hvern virkan dag framyfir páska þar til ný sería birtist á Stöð 2.



**3 | 20:00**

**AMERICAN IDOL**

Lokastundin nálgast! Það eru aðeins tólf keppendur eftir og aðeins þeir bestu komast áfram og fara alla leið á toppinn.



**Krakkastöðin | 07:00-20:30**

**BARNAEFNI ALLA DAGA**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** Nánari upplýsingar á **365.is**



## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | 6 | 8 | 9 | | 1 |
| 6 | | 2 | 9 | | | 4 | | 8 |
| 1 | | | | | | | 7 | |
| | | 8 | | 7 | 2 | | 5 | |
| | 6 | | | | | | 9 | 3 |
| | | | | 5 | | | | |
| | | | 1 | 9 | | | 6 | |
| 2 | 9 | | 4 | | 3 | 5 | | |
| 3 | 1 | 7 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | 7 | | | 8 | | |
| | | 1 | | 4 | 6 | 5 | | |
| 4 | 2 | | | 8 | | 6 | | |
| 8 | | 2 | | | | | | 4 |
| | 1 | | | | 8 | | 2 | |
| | 5 | 4 | | | 2 | 9 | | |
| | 3 | | | | | | 7 | |
| | | | 9 | | 5 | 3 | | 6 |
| | 6 | | | 1 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | 8 | | | 2 | |
| 5 | 1 | 2 | 6 | | | | | 3 |
| | | 3 | | | | | | |
| | | | 7 | | | 5 | | |
| | 5 | 4 | | 3 | | | 8 | 1 |
| | | | 1 | 4 | | 9 | | |
| | | 7 | | | | | | |
| | 8 | | | 9 | 1 | | 7 | |
| 4 | | | 3 | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 3 | 2 | 1 | 4 | 5 | 8 | 6 |
| 5 | 2 | 4 | 3 | 6 | 8 | 9 | 1 | 7 |
| 8 | 6 | 1 | 5 | 7 | 9 | 2 | 4 | 3 |
| 3 | 5 | 2 | 4 | 8 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 9 | 1 | 7 | 6 | 3 | 5 | 8 | 2 | 4 |
| 4 | 8 | 6 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 5 |
| 2 | 4 | 8 | 7 | 5 | 6 | 3 | 9 | 1 |
| 6 | 3 | 9 | 1 | 4 | 2 | 7 | 5 | 8 |
| 1 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 | 4 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 4 | 6 | 5 | 8 | 1 | 3 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 7 | 1 | 9 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 9 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 8 |
| 8 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 4 | 1 | 3 |
| 3 | 6 | 7 | 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 2 |
| 4 | 1 | 9 | 3 | 2 | 5 | 8 | 6 | 7 |
| 1 | 3 | 8 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 8 | 2 | 3 | 4 | 6 |
| 2 | 4 | 6 | 5 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 4 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 3 |
| 1 | 5 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 2 | 9 |
| 2 | 6 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 5 | 8 |
| 6 | 1 | 8 | 7 | 2 | 3 | 5 | 9 | 4 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 3 | 6 |
| 3 | 4 | 2 | 9 | 5 | 6 | 8 | 7 | 1 |
| 9 | 8 | 6 | 2 | 3 | 5 | 1 | 4 | 7 |
| 4 | 2 | 7 | 8 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 |
| 5 | 3 | 1 | 4 | 6 | 7 | 9 | 8 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




### SPAKMÆLI DAGSINS

**Þú sem lætur hvunndagsraunirnar ríða þér á slig, ef þú smælar framan í heiminn þá smælar heimurinn framan í þig.**

*Megas*



### KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** nægilega, **6.** spil, **8.** svörður, **9.** gljúfur, **11.** tveir eins, **12.** þátttakandi, **14.** sæti, **16.** drykkur, **17.** fæða, **18.** tunna, **20.** tvíhljóði, **21.** skipta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** rótartauga, **3.** hljóm, **4.** mannapi, **5.** dýrahljóð, **7.** kurteisi, **10.** farfa, **13.** fugl, **15.** hýra, **16.** blekking, **19.** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** nógu, **6.** ás, **8.** mór, **9.** gil, **11.** rr, **12.** aðili, **14.** stóll, **16.** te, **17.** ala, **18.** áma, **20.** au, **21.** iða.
**LÓÐRÉTT: 1.** tága, **3.** óm, **4.** górilla, **5.** urr, **7.** siðsemi, **10.** lit, **13.** lóa, **15.** laun, **16.** tál, **19.** að.

### SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Héðinn Steingrímsson (2530) vann snöggan sigur á Lenku Ptácníková (2242) á Reykjavíkurskákmótinu sem lék slysalega af sér með 8. c3??**

**Svartur á leik**



**8...e5!** Lenka gafst upp enda tapar hún manni. Töluvert hefur verið um óvænt úrslit og vann t.d. Jón Kristinn Þorgeirsson alþjóðlegan meistara og Halldór Grétar Einarsson vann Þröst Þórhallsson.

**www.skak.is:** Fjórða umferð kl. 17.



BROT AF ÞVÍ BESTA
ALLAR HEITUSTU FERMINGARGRÆJURNAR Í DAG
USB3 AÐ FRAMAN
GIGABYTE
GAMING TÖLVUTILBOÐ 2
Ofur öflug Haswell Refresh leikjavél með öflugum 4ra kjarna i5 örgjörva, öflugt leikjaskjákort og G1.Sniper leikjamóðurborð.
• Thermaltake Versa H21 Deluxe turn
• Intel Core i5-4460 Quad 3.4GHz Turbo
• GIGABYTE G1.Sniper B6 móðurborð
• 8GB DDR3 1600MHz hágæða minni
• 1TB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
• 24x DVD SuperMulti skrifari
• 2GB GTX960 OC öflugt leikjaskjákort
• 7.1 Nichicon hágæða Gamers hljóðstýring
• Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum
4X HRAÐARI SSHD HYBRID HARÐDISKUR
179.900
4X HRAÐARI - 7 SEK Í WINDOWS
HDMI TENGI HDMI OG VGA TENGI
L27000WHS
27" LED
FULL HD LED
• 27" FULL HD 1080p 16:9 LED skjár
• Life-like upplausn með 30 milljón:1 DCR
• 5ms viðbragðstími fyrir leikina
• 1920x1080 FULL HD upplausn
• HDMI og VGA D-SUB tengi
• Öflugir 4W innbyggðir hátalarar
• 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek
34.900
24" V7 FHD LED AÐEINS 24.900
ENGIN VÖRUGJÖLD 2015
CREATIVE
FATAL1TY
LEIKJAHEYRNARTÓL
• Hágæða lokuð heyrnartól frá Creative
• Einstaklega mjúkir púðar úr flauel
• Hágæða 40mm Neodymium hátalarar
• Kristaltær hljómur og þéttur bassi
• In-line remote styrkstillir á snúru
• Aftengjanlegur noise cancelling hljóðnemi
• Einstaklega létt fyrir langtíma spilun
6.990
KRISTALTÆR HLJÓMUR
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
63HM
acer
E5-521
• AMD A6-6310 Quad Core 2.4GHz Turbo
• 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
• 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
• 2GB AMD R4 128GCN DX11 skjákjarni
• 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
• Glæný rafhlöðutækni allt að 8 tímar
• 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
• Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum
89.900
ÖFLUG QUAD CORE!
STÆKKUN 256GB SSD TVÖFALDAÐU PLÁSSIÐ FYRIR AÐEINS 9.990
120GB SSD
GIGABYTE
mini BRIX TÖLVUTILBOÐ i5
• Intel Core i5-5200U 2.7GHz Turbo 4xHT
• 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 120GB SSD Atlas Deluxe mSATA3 diskur
• 1GB Intel HD 5500 4K UHD skjákjarni
• 7.1 HD Dolby Pro Logic - HDMI / DP / SPDIF
• 1Gbps AC þráðlaust net, Bluetooth 4.0
• 4xUSB3, GB Lan, HDMI 1.4a, mDP og Jack
• Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum
149.900
NÝ KYNSLÓÐ - INTEL BROADWELL
0dB SILENT GAMING
Windforce 3X TÆKNIN SKILAR LoL OG FLEIRI LEIKJUM Í 0dB HLJÓÐLEYSI!
G1-GAMING
GTX960
NÝ KYNSLÓÐ LEIKJASKJÁKORTA
GIGABYTE Gaming G1 er eitt öflugasta GTX960 kort í heimi og með 0dB SILENT viftu sem fer aðeins í gang undir krefjandi notkun, metal bak og illuminated LED.
• Nýjasta leikjaskjákortið frá Gigabyte!
• 2GB GDDR5 7.0GHz 128-bit minni
• Super OC 1304MHz Boost Core Clock
• DirectX12 fyrir næstu kynslóð leikja
• 3D Vision2 og 1024 CUDA Cores í leikina
• G-SYNC, GameStream, ShadowPlay o.fl.
• Gullhúðað 4K HDMI 2.0, 3xDP, 2xDVI
• Nær hljóðlaus 0dB Windforce 3X tækni
ÓTRÚLEGT TILBOÐ VERÐ ÁÐUR 54.900
GIGABYTE
49.900
2GB GTX960 ITX 42.900
ACER EXTENSA
15.6" fartölva með Intel Dual Core örgjörva, 4GB minni, 500GB disk og Windows 8.1
EX2508
49.900
15.6" ACER EXTENSA
ÞÚ FÆRÐ MACBOOK Á BETRA VERÐI MEÐ ÍSLENSKUM LETUR LIMMIÐUM
i5+256GB SSD
199.900
ALGENGT VERÐ 249.990
256GB SSD
13.3" MacBook AIR
ACER ICONIA
B1-750
19.900
3 LITIR
7" SPJALDTÖLVA
KEMUR Í FJÓRUM LITUM!
1TB SLIM
14.900
SEAGATE
1TB SLIM FLAKKARI
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
2011 - 2014 Framúrskarandi fyrirtæki
acer intel hp lenovo Microsoft packard bell SEAGATE CREATIVE

# MENNING

# Hæg breytileg átt eða norðan bál

**Sýningin Hæg breytileg átt opnar í portinu í Hafnarhúsinu á morgun og er hluti af Hönnunarmars. Á sýningunni gefur að líta tillögur að þróun íbúða- og hverfabyggðar framtíðarinnar en fresta þurfti opnun um sólarhring vegna veðurofsans.**

Á morgun kl. 17 verður opnuð í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur einkar áhugaverð sýning fyrir alla sem láta sig varða húsnæðis- og hverfamál framtíðarinnar. Sýningin Hæg breytileg átt er afsprengi samnefnds verkefnis sem varð til í kjölfar þeirra aðstæðna sem sköpuðust á byggingamarkaði við efnahagshrunið. Þar gafst kjörið tækifæri til þess að staldra við og endurskoða viðmið, áherslur og leiðir í íbúða- og byggðarþróun.

Anna María Bogadóttir arkitekt er yfirumsjónarkona verkefnisins og hún segir að Hæg breytileg átt búi yfir umtalsverðri sérstöðu varðandi þróun íbúða- og hverfismála. „Það hefur auðvitað alltaf hver kynslóð fyrir sig verið að takast á við þetta og staðið frammi fyrir spurningunni hvernig við viljum sjá þessi mál þróast á komandi árum og áratugum.



**ÞVERFAGLEG VINNA** Anna María Bogadóttir, yfirumsjónarkona verkefnisins, segir verkefnið búa yfir umtalsverðri sérstöðu með þeirri þverfaglegu nálgun sem er grunnur verkefnisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það voru stofnaðir fjórir þverfaglegir hópar sem innihéldu sérfræðinga á ólíkum sviðum. Þarna mátti finna arkitekta, hönnuði, sálfræðinga, hagfræðinga, viðskiptafræðinga, myndlistarmenn og rithöfunda svo eitthvað sé nefnt. Aðalatriðið var að hafa þetta fólk úr ólíkum áttum, með ólíkan bakgrunn, menntun og reynslu. Hóparnir unnu síðan saman að tillögum sínum í fjóra mánuði og nutu stuðnings verkefnisstjóra og ráðgjafa á ýmsum sviðum. Þessi þverfaglega nálgun er ný hérlendis en það verður ekki síður spennandi að sjá þetta komast á næsta stig með tilkomu sýningarinnar og þar með aðkomu almennings.“

Anna María segir að það hafi verið afar áhugavert að fylgjast með þessari vinnu. „Það komu allir með opinn huga að þessu verkefni og fögnuðu því tækifæri að fá að leita leiða og lausna. Sjálf er ég arkitekt og eftir að hafa fylgst með þessari vinnu finnst mér að þetta ætti að vera sjálfsagður hluti af ferlinu.

Á sýningunni gefur svo að líta fjórar eiginlegar tillögur að því hvernig við getum í framtíðinni lifað og þroskast innan borgarinnar. Ég vona því innilega að þetta verði til þess að auka rannsóknarvinnu og fjölbreytileika þeirra radda sem koma að þróun íbúðabyggðar framtíðarinnar. Svona verkefni myndar tengsl og reynslu og þannig þróast þetta áfram hægt og rólega.

Að mínu mati á þetta líka við samfélagið almennt. Að opna hugann fyrir ólíkum greinum og hugmyndum skilar okkur miklu fremur fram á við og gerir okkur frekar kleift að horfa á stóra samhengið.“

Aðstandendur sýningarinnar og Listasafn Reykjavíkur fengu eins og margir að finna fyrir veðrinu sem gekk yfir suðvesturhornið á þriðjudag og aðfaranótt miðvikudags. Tjald sem strengt er yfir port safnsins sem er nýtt sem sýningarrými gaf sig að hluta undan stormi og stórhríð.

„Tjaldið hreinlega gaf sig undan snjóþunga og stormi að hluta. Það er óneitanlega grátbroslegt að þetta skuli koma fyrir þegar til stendur að opna sýningu undir heitinu Hæg breytileg átt, en þó engu að síður dálítið viðeigandi líka. Í bókinni sem er gefin út samhliða sýningunni er einmitt að finna grein eftir Andra Snæ Magnason sem ber heitið Hæg breytileg átt eða norðan bál. Það er þó rétt að taka fram að þetta hefur aldrei gerst áður og portið er fyllilega öruggt. Við tókum ákvörðun um að fresta opnuninni um sólarhring svo þetta fari nú allt saman vel fram og það fari vel um alla okkar gesti.“

magnus@frettabladid.is

# Þegar lífið flækist fyrir draumunum

BÆKUR ★★★★☆

**Við**

David Nicholls. Þýðing Arnar Matthíasson

**BJARTUR**

David Nicholls sló hressilega í gegn með skáldsögunni Einn dagur sem seldist í milljónaupplögum um allan heim og úr var gerð þriggja vasaklúta kvikmynd sem fór álíka sigurför um heiminn. Væntingarnar voru því miklar fyrir næstu bók Nicholls enda tók hann sér heil fimm ár í að skrifa hana. Afrakstur erfiðis hans er skáldsagan Við sem út kom hjá Bjarti á dögunum í frábærri þýðingu Arnars Matthíassonar og er skemmst frá því að segja að hún veldur engum vonbrigðum, nema síður sé.

Við segir sögu hjónanna Douglas og Connie Petersen sem eru rúmlega fimmtug og standa frammi fyrir því að límið í hjónabandinu muni leysast upp þegar einkasonurinn Albie fer í háskóla. Í örvæntingarfullri tilraun til að bjarga ástinni sem eitt sinn var drífur Douglas eiginkonu og son með sér í menningarferðalag um Evrópu, ferðalag sem verður að einhverju allt, allt öðru en hann hafði séð fyrir sér.




Douglas segir söguna í fyrstu persónu og sjónarhornið er alfarið bundið við hans upplifanir og tilfinningar. Hann er óttalegt meinleysisgrey, vill vel en er hræðilega blindur á sjálfan sig og ástvini sína svo úr verða endalaus vonbrigði á alla kanta. Í endurlitsköflum sem dreift er reglulega inn á milli lýsinga á ferðalaginu rifjar hann upp ástarsögu þeirra Connie frá fyrsta kvöldi, en sú upprifjun gagnast honum lítt í því að skilja stöðuna sem þau standa frammi fyrir í nútímanum. Enn síður skilur hann hversu illa honum gengur að nálgast átján ára gamlan soninn, sem hann vissulega elskar út af lífinu en kann bara alls ekki að umgangast. Sagan af samskiptum þeirra feðga er sterkasti þáttur bókarinnar, þótt ástarsagan sé vissulega áhugaverð, og það er hjartaskerandi að sjá hvernig Douglas blessaður klúðrar hverju tækifærinu af öðru til að mynda tengsl við soninn vegna þess hversu fastur hann er í eigin hugmyndum um hlutverk foreldris. Nokkuð sem flestir foreldrar, ekki síst feður, munu áreiðanlega tengja við og upplifa dálítinn hroll við sjálfsskoðunina sem óhjákvæmilega fylgir.

Styrkur Nicholls sem höfundar, fyrir utan dásamlegan húmorinn og næma tilfinningu fyrir mannlegum breyskleika, er hversu létt honum reynist að gera fullkomlega hversdagslega hluti, sem við þekkjum öll, áhugaverða og varpa á þá nýju ljósi. Hver einasta persóna er dregin sterkum dráttum og lesandinn þekkir þetta fólk úr sínu daglega umhverfi, skilur það, finnur til með því og gleðst fyrir þess hönd þegar hlutirnir ganga upp. Þrátt fyrir hversdagslegt viðfangsefnið er sagan spennandi og áhugaverð og á köflum nánast óbærilega fyndin, þótt undirtónninn sé harmrænn. Væri það ekki löngu útslitin klisja væri manni skapi næst að kalla söguna mannbætandi lesningu. Að minnsta kosti er fyllsta ástæða til að hvetja fólk til að lesa þessa bók, ekki síst miðaldra karla sem skilja ekki hvernig lífið kom þeim í þá stöðu að verða gamli leiðinlegi pabbinn sem afkvæmin ranghvolfa augum yfir.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Vel spunnin og áhrifarík saga sem spilar á alla strengi tilfinningaskalans.

# Komdu og láttu ögra þér örlítið

★★★★☆

**Minnisvarði**

**TJARNARBÍÓ**

**16 ELSKENDUR:** Aðalbjörg Árnadóttir, Brynja Björnsdóttir, Davíð Freyr Þórunnarson, Eva Rún Snorradóttir, Gunnar Karel Másson, Karl Ágúst Þorbergsson, Ragnar Ísleifur Bragason og Saga Sigurðardóttir
**LISTRÆN STJÓRN:** Karl Ágúst Þorbergsson
**LEIKMYND OG BÚNINGAR 16 ELSKENDA:** Brynja Björnsdóttir og hópurinn
**BÚNINGAR:** Una Stígsdóttir
**TÓNLIST:** Gunnar Karel Másson
**LJÓSAHÖNNUN:** Ólafur Ágúst Stefánsson

Leikhópurinn 16 elskendur frumsýndi Minnisvarða, sitt fimmta verk, í Tjarnarbíó nú um helgina. Þau hafa starfað síðan 2008 og voru tilnefnd til tvennra Grímuverðlauna árið 2012 fyrir sína síðustu sýningu, Sýningu ársins. Sköpunarferli hópsins grundvallast af lýðræðislegum og leitandi vinnubrögðum þannig að engin eiginlegur handritshöfundur kemur að sýningunni en Karl Ágúst er skrifaður fyrir listrænni stjórnun. Í nýja verkinu taka þau fyrir mikilvægi sjónarspils í samfélagi nútímans og sviðsetningu sjálfsins.

Sjálfhverfu okkar á tímum internetsins er stjórnað af skrásettum atvikum frekar en augnablikum sem við njótum. En mannkynið er víst ekki nema agnarsmár hluti af hinum risastóra himingeimi og Minnisvarði undirstrikar þá staðreynd á virkilega áhugaverðan hátt í þremur aðskildum þáttum.

Ekki vil ég spilla fyrir með því að segja of mikið um notkunina á rýminu en hópnum tekst eiginlega að gera hið ómögulega: að staðsetja áhorfendur fyrir aftan svalirnar í Tjarnarbíó án þess að sýningin missi kraft. Lausnir þeirra á rýmistakmörkum hússins eru einkar skemmtilegar og einskorðast ekki við sætaskipan hússins.

Þau taka sér góðan tíma til að láta fyrsta þátt ná risi, nánast án orða, en algjörlega frábær tónlist frá Gunnari Karel sem hann spilar sjálfur á sviðinu gefur tóninn rækilega. Bæði leikmyndin og búningar hópsins, í yfirumsjá Brynju Björnsdóttur, eru gríðarlega vel heppnuð en þá sérstaklega neðri leikmyndin sem er í felum fram að miðri sýningu.



**16 ELSKENDUR** Hópnum tekst eiginlega að gera hið ómögulega með notkun rýmisins í Tjarnarbíói.

Búningar Unu Stígsdóttur eru sömuleiðis gífurlega skemmtilegir.

En miðpunktur sýningarinnar er hin gullna plata Voyager-leiðangursins þar sem hópurinn rekur sögu Carls Sagan og Ann Druyan. Þau fengu það einstaka verkefni að safna saman hljóðum frá Jörðinni til þess að senda út í alheiminn. Á þessari plötu sem þýtur nú í átt að eilífðinni má ekki einungis finna kveðjur frá öllum heimshornum heldur einnig náttúruhljóð og tóndæmi, s.s. fyrsta kafla Fimmtu sinfóníu Beethovens og lagið Flæðandi straumar (Liu Shui) frá Kína en það lag varð hvatinn að því að skötuhjúin ákváðu að giftast. Að lokum tóku Sagan og Druyan þá ákvörðun að heilabylgjur hennar myndu fylgja með Voyager út í geim.

Þessi stórkostlega saga er grunnurinn fyrir seinni tvo þætti sýningarinnar þar sem sýningin er brotin upp og tekur óvænta stefnu, með aðstoð sjálfboðaliða. Á frumsýningunni var þessi annar þáttur bráðfyndinn. Það er eiginlega ómögulegt að uppljóstra frekar um innihald sýningarinnar án þess að spilla fyrir en sjón er sögu ríkari.

Í heildina hafa 16 elskendur einstaklega flotta sviðsframkomu sem er öguð og fagurfræðilega sterk. Þau eru einlæg án þess að detta ofan í naflaskoðun, einbeitt án þess að taka sig of alvarlega og kómísk án þess krefjast hlátraskalla. Minnisvarði er kannski ekki fyrir alla en tilvalið tækifæri fyrir leikhúsgesti sem vilja láta ögra sér örlítið.

**NIÐURSTAÐA:** Virkilega spennandi tilraunaleikhús sem tekur listræna áhættu og uppskeran er eftir því.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

# Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu og Hofi

## Anna-Maria stjórnar Sibeliusi

**Harpa** – Fim. 12. mars » 19:30
**Hof** – Fös. 13. mars » 19:30

Miðasala á sinfonia.is

***Magnus Lindberg*** *Expo*
***Joaquín Rodrigo*** *Concierto Pastoral*
***Jean Sibelius*** *Sinfónía nr. 1*

***Anna-Maria Helsing*** *hljómsveitarstjóri*
***Áshildur Haraldsdóttir*** *einleikari*

***Tónleikakynning í Hörpu » 18:00***
***Tónleikakynning í Hofi » 18:30***

Finnski hljómsveitarstjórinn Anna-Maria Helsing stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í Hörpu og í Hofi á Akureyri þar sem Áshildur Haraldsdóttir leikur einleik í heillandi flautukonsert Rodrigos.

Þetta er í þriðja sinn sem hljómsveitin leikur í Hofi og því er það mikil tilhlökkun að halda norður á ný með svo glæsilega efnisskrá í farteskinu.



@icelandsymphony #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA

**Miðasala í Hörpu og Hofi** » www.sinfonia.is » www.menningarhus.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# NÚ SKAL FERMA!




Minecraft Blockopedia
Verð kr. 5.999




Samanbrjótanlegt taflsett
Verð kr. 7.805




The Times comprehensive Atlas of the World
Verð kr. 14.999




Girl Online
Verð kr. 3.399



Vandaður CROSS Kúlupenni með Stylus
Verð kr. 10.868




Íslenskir málshættir og orðsnilld
Verð kr. 2.592

Íslensk kvæði
Verð kr. 2.592



Heyrnartól Maxell Play
Verð kr. 7.895

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum



**Landakort Pin the World**
**Stórt / Lítið**
Verð kr. 8.891 / 5.927



**Heyrnartól**
**Maxell Retro DJ**
Verð kr. 9.871



**Hnattlíkan Elite**
**26 cm með ljósi**
Verð kr. 8.891

**Hnattlíkan 25 cm**
**Með ljósi og tréfæti**
Verð kr. 13.831



**Íslenskar þjóðsögur**
Verð kr. 7.999



**Þráðlaus hátalari**
**með hljóðnema og Bluetooth**
Verð kr. 9.879

**STAFRÆN TÖSKUVIGT AÐ VERÐMÆTI 3.655.- FYLGIR AUGLÝSTUM TÖSKUM**





**2,5" 1TB flakkari**
**USB 3.0**
Verð kr. 16.599



**Ferðataska**
**4 hjól, 75 cm**
Verð kr. 23.712

**Ferðataska**
**4 hjól, 65 cm**
Verð kr. 21.736

**Ferðataska**
**4 hjól, 55 cm**
Verð kr. 17.784

| | | | |
|---|---|---|---|
| Austurstræti 18 | Álfabakka 14b, Mjódd | Hafnarfirði - Strandgötu 31 | Ísafirði - Hafnarstræti 2 |
| Skólavörðustíg 11 | Kringlunni norður | Keflavík - Sólvallagötu 2 | Vestmannaeyjum - Bárustíg 2 |
| Laugavegi 77 | Kringlunni suður | Akureyri - Hafnarstræti 91-93 | Flugstöð Leifs Eiríkssonar |
| Hallarmúla 4 | Smáralind | Akranesi - Dalbraut 1 | |

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Stafræn töskuvigt fylgir auglýstum töskum 12. mars, til og með 15. mars. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**12. MARS 2015**

### Tónleikar

**19.30** Anna-Maria stjórnar Sibeliusi. Concierto Pastoral, flautukonsert spænska tónskáldsins Joaquín Rodrigo, verður fluttur í Hörpunni. Miðasala á harpa.is.

**20.00** Útgáfutónleikar á plötunni Hver stund með þér – ástarljóð afa til ömmu í 60 ár, í Salnum í Kópavogi. Miðasala á midi.is. Miðaverð 2.000 krónur.

**21.00** Jónas og ritvélarnar verða í rosalegu stuði á Café Rósenberg í kvöld. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00.

**21.00** Bubbi Morthens og hljómsveitin Dimma koma saman á tónleikum á Græna Hattinum fimmtudaginn 12. og föstudaginn 13. mars 2015.Miðaverð 3.900 kr, miðasala á miði.is.

**22.00** Antimony Útgáfutónleikar á Dillon fyrir OVA EP Gestir TBA. Antimony er nýbylgju drunga-popp sveit frá Reykjavík. Frítt inn.

### Fundir

**11.45** Hádegisfundur Samtaka atvinnurekenda á Akureyri verður haldinn fimmtudaginn 12. mars nk. kl. 12.00-13.00 á efri hæð Greifans í Glerárgötu. Húsið opnar klukkan 11.45 og fundur byrjar stundvíslega klukkan 12.00.

**17.15** Ritsmiðja Íslands heldur fund á Íslenska barnum Ingólfsstræti, beint á móti Óperunni. Allir velkomnir.

**20.00** Stjórnmálasamtökin Dögun bjóða til fundar um sjávarútvegsmál fimmtudaginn 12. mars á veitingastaðnum Catalína Hamraborg 11. Fulltrúum allra stjórnmálaflokka á Alþingi er boðið á fundinn.

### Sýningar

**09.00** Andstæðar týpur er samsýning fimm íslenskra grafískra hönnuða, bandarísks myndskreytis, finnskrar og íslenskrar textagerðakvenna á HönnunarMars 2015. Þema sýningarinnar er Andstæðar týpur sem hver túlkar á sinn hátt. Opið daglega.



### Hönnun og tíska

**17.00** Scintilla opnar sýningu á nýjum plakötum í versluninni Gallería á Laugavegi 77 í tilefni af HönnunarMars // DesignMarch.

**17.00** Systurnar Hadda Fjóla Reykdal listmálari og Hlín Reykdal hönnuður vinna báðar út frá hughrifum úr náttúrunni. Á sýningu þeirra í Gallerí Gróttu skoða þær hvernig hugmyndir þeirra mætast og mótast og verða að samspili í ólíkum miðlum verkanna.

**21.00** Opnunarhátíð Reykjavík Fashion Festival verður haldin með pompi og prakt á Sky Bar and Lounge í kvöld klukkan 21.00 fyrir hátíðargesti.

### Kynningar

**12.00** Kynning á starfsemi Íshúss Hafnarfjarðar sem er klasi vinnustofa og verkstæða úr ólíkum geirum hönnunar, iðnaðar og myndlistar. Fjölbreytt þjónusta í boði.

**19.00** Opinn kynningarfundur um háskólanám í tölvuleikjahönnun og margmiðlun sem HINT háskólinn í Noregi er með í samstarfi við CCP. Fundurinn er haldinn í höfuðstöðvum CCP, Grandagarði 8.

### Málþing

**12.00** Í hádeginu á fimmtudaginn 12. mars verður málþing um raunveruleikasjónvarpsþáttinn Biggest Loser Ísland. Staður: Málfundastofa V101 í Háskólinn í Reykjavík. Stund: 12.00-12.45.

### Dans

**20.00** SALSADAGAR á RÍÓ! Fimmtudagskvöldið 12. mars býður SalsaIceland til salsaveislu á RÍÓ! Frír prufutími fyrir byrjendur kl. 20.00 og síðan er dansgólfið laust fyrir alla salsaóða til kl. 00.00.

### Uppistand

**21.30** Best of Uppistand.is á Bar 11. Mánaðarleg uppistönd þar sem fram koma þeir sem hafa skarað fram úr í Tilraunauppistöndunum. Aðgangur 1.000 krónur.

### Tónlist

**20.00** Hljómsveitin LOW ROAR sem hefur ekki spilað á hljómleikum á Íslandi um nokkurt skeið er á Húrra í kvöld. Gott tækifæri til að sjá LOW ROAR á hljómleikum. Miðaverð 1.500.

**21.00** Vinsælasti útvarpsþáttur djammarans Með á Nótunum verður með sitt fastakvöld fimmtudaginn 12 mars á Prikinu. Sérstakur gestur þetta kvöld verður enginn annar en Formaðurinn sjálfur eða DJ Kári.

**21.30** Atli Kanill hefur ekki spilað húsdjús á Kaffibarnum síðan 2013, en mætir aftur þangað í kvöld. Þetta verður djúsígaman.



### Fyrirlestrar

**09.00** Einvala lið alþjóðlegra hönnuða og arkitekta sýnir fram á mikilvægi leiks í hönnun og nýsköpun á DesignTalks, fyrirlestradegi HönnunarMars 2015 í Hörpunni.

### Myndlist

**17.00** Vinnusmiðju MA námsbrautar í myndlist lýkur með gjörningaviðburði í Listasafni Einars Jónssonar, Skólavörðuholti. Viðburðurinn er öllum opinn.

**18.00** Samtal við hönnuð. Gestum Hafnarborgar er boðið í leiðsögn um sýningu hönnuðarins David Taylor, Á gráu svæði. Þá munu gestir fá tækifæri til þess að ræða við og hlýða á hönnuðinn ræða um sýninguna og verk sín.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

CLINIQUE
dagar í Apótekinu Garðatorgi
12. – 18. mars

25% afsláttur af Clinique vörum fimmtudag og föstudag

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900 kr. eða meira*

Kaupaukinn inniheldur:
- Take the day off, augnfarðahreinsir 30ml
- Cubby stick , augnskuggi 5g
- High lengths, maskari 5ml
- Snyrtibudda
- DDML+, gula kremið, 30ml
- Blushing blush, kinnalitur 3,1g
- Augnhárabrettari

*meðan birgðir endast




NÝJUNG
Vinsælasta varan frá Clinique komin í kremform.
Fyrir þurrari húðgerðir.
Gott gegn vetrarkuldanum.

CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

Apótekið
– einfalt og ódýrt



**GLÆSILEGT** Frá Reykjavik Fashion Festival 2014. MYND/VALGERÐUR JÓNSDÓTTIR

# Reykjavík Fashion Festival hefst í dag

## Hátíðin verður sett í kvöld klukkan 21.00.

Tískuviðburður ársins, Reykjavík Fashion Festival, hefst formlega í kvöld. „Opnunarpartíið verður haldið á Ský Bar and Lounge í kvöld klukkan 21.00 og þangað er öllum hátíðargestum boðið að koma og fagna með okkur, en Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra mun opna hátíðina," segir Eyjólfur Gíslason, fjölmiðlafulltrúi hátíðarinnar. Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í miða á hátíðina, hátíðarpassar fyrir helgina eru uppseldir og örfáir miðar voru eftir á stakar sýningar þegar blaðið fór í prentun. Sýningarnar byrja svo á föstudagskvöld og verður húsið opnað klukkan hálf átta. „Það verður dálítið hlé á milli sýninganna, þar sem við vildum gera meira úr hátíðinni. Þarna geta gestir komið saman, sýnt sig og séð aðra," segir Eyjólfur. Á föstudag sýna Sigga Maija og Jör. Húsið verður opnað klukkan 14.30 á laugardag en þá sýna Another Creation, Scintilla, MAGNEA og EYLAND. Nánari upplýsingar og dagskrá hátíðarinnar má finna á heimasíðunni rff.is. - asi










1999.- 1490.- 1790.-



















2990.- 2980.- 790.- 1999.- 2980.-















1980.- 1990.- 999.- 790.- 1999.-

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**69 ára Liza Minnelli leik- og söngkona**

**Þekktust fyrir:** Cabaret, Arthur.

## BÍÓFRÉTTIR

### ÞÝSKIR KVIKMYNDADAGAR



Í dag hefjast hinir árlegu Þýsku kvikmyndadagar í Bíó Paradís. Sýndar verða sex nýjar og spennandi myndir.

Dagarnir hefjast með hinni margverðlaunuðu Die geliebten Schwestern og auk hennar verða þekktar verðlaunamyndir sýndar, til að mynda Westen, Das finstere Tal og Kreuzweg.

Myndirnar eru sýndar með enskum texta.

## FRUMSÝNINGAR



**The Little Death**
**Gamanmynd**
**Helstu leikarar:** Damon Herriman, Bojana Novakovic, Josh Lawson

IMDb 7,2/10 Rotten Tomatoes 44%



**Cinderella**
**Ævintýramynd**
**Helstu leikarar:** Lily James, Cate Blanchett, Richard Madden

IMDb 7,8/10 Rotten Tomatoes 87%



**Inherent Vice**
**Drama**
**Helstu leikarar:** Joaquin Phoenix, Josh Brolin, Owen Wilson

IMDb 7,0/10 Rotten Tomatoes 72%

# Sú fimmtánda kemur í sumar

Á ríflega tuttugu árum hefur Pixar, í samvinnu við Disney, gefið út fjórtán myndir. Fjórar kvikmyndir framleiðandans eru væntanlegar fyrir árið 2017.

Frá því að Disney og Pixar gáfu út Leikfangasögu fyrir tæpum tveimur áratugum hafa fjórtán myndir litið dagsins ljós. Nú styttist í að sú fimmtánda, Inside Out, komi í kvikmyndahús en hún er væntanleg í júní. Framleiðsla og undirbúningur hófst fyrir fjórum árum.

Myndin fjallar um hina ellefu ára gömlu Riley Anderson sem er nýflutt til San Francisco. Áhorfendur fá að skyggnast inn í huga hennar meðan hún aðlagast lífinu á nýja staðnum. Þar koma þeir til með að kynnast tilfinningum hennar en þar má nefna Hræðslu, Leiða, Gleði, Viðbjóð og Reiði. Tilfinningarnar eiga heima í höfuðstöðvunum og munu tvær þeirra, Gleði og Leiði, týnast og þurfa að komast aftur í höfuðstöðvarnar.

Leikstjóri myndarinnar, Pete Docter, er sá sami og leikstýrði Óskarsverðlaunamyndinni Up og um aldamótin leikstýrði hann einnig Skrímsli hf. Hann lét Wall·E og Leikfangasögu 1 og 2 heldur ekki ósnertar en hann skrifaði handrit þeirra. Meðal þeirra sem ljá persónum myndarinnar rödd sína má nefna Amy Poehler, Phyllis Smith, Bill Hader, Lewis Black og John Ratzenberger.

Tónlist verður í höndum Michaels Giacchino sem samdi meðal annars tónlistina fyrir Ratatouille, Up, Lost og fjöldann allan af myndum og þáttum að auki.

Docter segir að myndin sé sú erfiðasta sem hann hefur komið að. „Þetta eru í raun tvær sögur. Það sem er að henda stúlkuna og það sem er að gerast í huga hennar,“ segir hann. „Persónurnar eru sérstakar og kraftmiklar því við erum að reyna að persónugera tilfinningarnar. Þær eru svo sérstakar og það er mjög erfitt að fanga þær.“

Þetta er ekki eina mynd Pixar sem væntanleg er á árinu því undir lok þess kemur út The Good Dinosaur. Árið 2016 birtist Dóra úr Leitinni að Nemo í kvikmyndinni Leitinni að Dóru og ári síðar kemur fjórða myndin í flokknum um Leikfangasögu út. Það er því aldrei ró hjá Pixar.

johannoli@frettabladid.is



**TILFINNING** Gleði er ein þeirra tilfinninga sem fylgst verður með.



**FLOTTIR** RAVAGE-tvíeykið Arnold van Geuns og Clemens Rameckers með geithafrinum sínum sem fer á kostum í myndinni.

# Ekki hobbý, heldur fag

Í íslensku heimildarmyndinni Trend Beacons fylgjum við eftir tískuspámönnum sem spá fyrir um trendin eftir tvö ár.

**Trend Beacons** ★★★★☆

Bíó Paradís

**LEIKSTJÓRN OG FRAMLEIÐSLA:** THE MARKELL BROTHERS. ÞORKELL HARÐARSON OG ÖRN MARINÓ ARNARSON.

**TÓNLIST:** MUGISON.

**FRAMLEIÐENDUR:** RAGNA FRÓÐADÓTTIR OG HEATHER MILLARD.

**VIÐMÆLENDUR:** CHRISTINE BOLAND, DAVID SHAH OG RAVAGE-TVÍEYKIÐ ARNOLD VAN GEUNS OG CLEMENS RAMECKERS.

Heimildarmyndin Trend Beacons fjallar um heim sem er mörgum framandi, heim tískunnar. Í myndinni fáum við að kynnast fjórum trend-spámönnunum, en þeirra hlutverk er að sjá fyrir hvað muni gerast í heimi hönnunar og tísku. Ekki næsta haust, nei. Þeir spá tvö ár fram í tímann.

Vinna þeirra snýst um að sjá og spá um hvað verði næsta trend, í hönnun, tísku, litum og jafnvel lifnaðarháttum. Hugmyndirnar eru svo settar í bækur sem þeir selja til stóru fyrirtækjanna og hönnuðanna, með rökstuðningi um af hverju það ætti til dæmis að veðja frekar á bláan lit en bleikan. Bækurnar nota hönnuðirnir síðan sem innblástur fyrir næstu línu.

Það eru miklir peningar í húfi og því taka fyrirtækin enga sénsa. Hraðinn sem einkennir þennan heim hefur gert það að verkum að ný trend verða orðin gömul fimm mínútum síðar.

Myndin er frábærlega vel gerð, stiklar á stóru og snertir á mörgum þáttum tískuheimsins, líka þeim slæmu. Áhorfandinn er leiddur inn í heim innblásturs og sköpunar og fær góða innsýn í starf tískuspámannsins. Við fáum að sjá og kynnast starfi sem fáir þekkja og margir vissu ekki að væri yfirleitt til, en er þó gríðarlega mikilvægt.

Í mörgum heimildarmyndum sem fjalla um þennan heim er tilgangurinn oft að gera lítið úr honum, nú eða blása hann upp, en þeim Þorkeli og Erni tekst að fara hinn gullna milliveg.

Trend Beacons er fersk og töff heimildarmynd og það er gaman að sjá íslenska mynd sem fjallar um svona „current“ efni. Heimildarmynd sem enginn tísku-, hönnunar- eða markaðsáhugamaður má láta fram hjá sér fara.

Adda Soffía Ingvarsdóttir

GRÆJAÐU FERMINGUNA
NÝHERJI

LENOVO
S8-50
Verð: 46.900 kr.
Kraftmikil og skemmtileg 8" spjaldtölva.
Full HD upplausn og 16 GB.
4G



CANON
POWERSHOT SX610
Verð: 46.900 kr.
Lipur en kröftug vél. 18x aðdráttarlinsa,
Full HD vídeó og Wi-Fi.



BOSE
SOUNDLINK MINI
Verð: 34.900 kr.
Þráðlaus og léttur ferðahátalari sem
tengist auðveldlega við snjallsíma.



LENOVO
Y50 15,6“
Verð: 199.900 kr.
Flott fartölva með Haswell i7 örgjörva.
Ótrúleg afköst fyrir leiki og skemmtun.



Borgartúni 37 - 105 Reykjavík - 569 7700 | Kaupangi Akureyri - 569 7645 | nyherji.is/fermingar
ENNEMM NM67860


„...tekst að vera allt í senn; sprenghlægileg, hugljúf og rómantísk.“
- Justin Chang, VARIETY
★★★★
„Algjörlega drepfyndin.“
- Liam Dunn, WE GOT THIS COVERED
„Frökk, frumleg og svakalega fyndin“
- Evan Williams THE AUSTRALIAN
★★★★
„Yndisleg, sniðug og bráðfyndin“
- Simon Weaving SCREENWIZE
„Ótrúlega fyndin með nokkrum ómetanlegum atriðum“
- Louise Keller, URBAN CINEFILE
BOJANA NOVAKOVIC
DAMON HERRIMAN
KATE BOX
PATRICK BRAMMALL
JOSH LAWSON
The Little Death
Þér finnst það bara afbrigðilegt fyrst
FRUMSÝND 13. MARS
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
BORGARBÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
græna ljósið
-betra bíó

## TREND LITRÍKT OG SKRAUTLEGT

Nú segjum við þessum vetri stríð á hendur og klæðumst skrautlegum og litríkum kjólum.











# ÚTSKRIFTARNEMAR LEGGJA SÓLARSTRANDIR UNDIR SIG

**Hlutur hvers nema vegna útskriftarferðar framhaldsskóla er gífurlega mismunandi eftir skólum. Hundrað þúsund krónum munar á dýrustu og ódýrustu ferðinni í úttekt Fréttablaðsins. Dæmi eru um að breytt hafi verið um áfangastað sökum þess hve dýrar ferðir eru.**

**Jóhann Óli Eiðsson**
johannoli@frettabladid.is



Kostnaður útskriftarnema íslenskra framhaldsskóla við útskriftarferðir getur verið hátt í þrjú hundruð þúsund krónur. Fjöldi skóla heldur enn uppi þeirri hefð að fara í útskriftarferð. Fréttablaðið tók saman hvert sex íslenskir framhaldsskólar ætla sér að fara í sumar, hve lengi og hver kostnaðurinn er.

Skólarnir sex sem urðu fyrir valinu í úttektinni eru Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Sund, Menntaskólinn að Laugarvatni, Kvennaskólinn í Reykjavík og Verzlunarskóli Íslands. Allir eiga þessir skólar það sameiginlegt að í þeim er bekkjakerfi.

Kostnaðarsamasta ferðin, af þeim sem Fréttablaðið tók út, sem farin er í ár er sú sem nemar Menntaskólans við Laugarvatn halda í. Í byrjun júní, að útskrift lokinni, munu þeir leggja í hann til Balí þar sem dvalið verður í tvær vikur. Að auki er stefnt að því að hópurinn gisti í eina nótt í London áður en haldið er áfram til Indónesíu. Aðeins morgunverður er innifalinn í verðinu en ekki frekari máltíðir eða veigar.

Nemar Menntaskólans í Reykjavík halda til Norður-Afríku og munu dvelja þar í tæpar tvær vikur. Í upphafi stóð til að hópurinn færi til Mexíkó en fyrir rúmum mánuði var ákveðið að breyta um áfangastað þar sem sú ferð þótti of dýr. Ferðin til Mexíkó átti að kosta tæplega 310.000 krónur en með því að fara til Marokkó sparast tæplega sjötíu þúsund krónur. Drykkir og fullt fæði er í boði síðari hluta ferðarinnar en þann fyrri er aðeins morgunmatur innifalinn.

Ferðir Verzlunarskóla Íslands og Kvennaskólans í Reykjavík munu skarast í örfáa daga og um tíma munu því tveir hópar útskriftarnema vera saman í Marmaris í Tyrklandi. Ferðir skólanna kosta ríflega tvö hundruð þúsund krónur og í boði er að vera í allt að tvær vikur. Einhverjir kjósa þó þann kost að fara að viku liðinni til að ná inntökuprófum í Háskóla Íslands. Matur og áfengi er innifalið í verðinu síðari hluta ferðarinnar.

> ➜ Dýrasta ferðin er 57% dýrari en sú ódýrasta.

Magaluf á spænsku eyjunni Mallorca er áfangastaður þeirra sem útskrifast frá Menntaskólanum við Sund. Þeir, líkt og nemar MR og MA, fara í sína ferð áður en þeir hefja nám á lokaári. Er það gert til að þétta hópinn og búa til ný vinabönd, auk þess að treysta þau gömlu, fyrir síðasta skólaárið. Nemendum stendur til boða að vera annaðhvort í viku eða tvær og veltur kostnaður hvers og eins á því hve lengi hann dvelur.

Nemendur Menntaskólans á Akureyri komast í burtu með minnstan ferðakostnað. Ferð þeirra kostar 175.000 krónur en aðeins morgunmatur er innifalinn í verðinu. Hundrað þúsund krónum munar því á þeirri ferð sem dýrust er og hinni ódýrustu.

Hvert svo sem ferðinni er nú heitið og hvað sem hún mun kosta er morgunljóst að nemar munu skemmta sér.



**Á TÓGAKVÖLDI** Stjórn Hugins, nemendafélags Menntaskólans á Akureyri, úti á Krít síðasta haust. MYND/KRISTÍN RELEENA JÓNASDÓTTIR


Mjúka fermingargjöfin
20 rúmfatasett á tilboði
Verð 7.990 - 9.990 kr
Íslensk hönnun
100% Pima bómull
Rauði krossinn
Í samstarfi við Rauða krossinn tökum við á móti notuðum vörum frá Lín Design. Við skil á vöru bjóðum við þér 20% afslátt af nýrri vöru. Rauði krossinn kemur notaðri vöru áfram til þeirra sem þarfnast hennar. Þannig vinnum við saman að endurnýtingu og minni endurvinnslu.
Sendum frítt
Lín DESIGN
Lín Design • Laugavegi 176 • Glerártorgi Akureyri • Sími 533 2220 • lindesign.is

## TÍST VIKUNNAR #STELPURATWITTER, TÍSKUVIKA OG JAFNRÉTTI


**Árni Vilhjálmsson**
@Cottontopp
Jafnrétti á að vera jafn normcore og ýsa og kartöflur með smjöri á mánudegi.


**Bergur Ebbi**
@BergurEbbi
Silfur er of líkt current macbook. Golden er of mikið eins og maður sé egypskur. Er ekki space grey málið?


**Berglind Festival**
@ergblind
Ég hækka alltaf ógeðslega mikið í útvarpinu þegar það kemur Quarashi lag.


**Manuela Ósk**
@manuelaosk
Hæ Anna Wintour – gaman að sjá þig. Ok. Núna get ég bara dáið or some ...


**Unnur Eggertsdóttir**
@UnnurEggerts
Mér finnst að #stelpuratwitter ættu að hittast einu sinni í viku og faðmast og ákveða hvernig við eigum að bjarga landinu (og/eða heiminum).

# Gott að taka áhættu og mistakast

**Internet-verkefnið 40 Days of Dating kom grafíska hönnuðinum Jessicu Walsh svo sannarlega á kortið. Samnefnd bók hefur verið gefin út og Warner Brothers hafa keypt réttinn á handritinu. Jessica er stödd á Íslandi til að flytja erindi á DesignTalks á HönnunarMars.**

Jessica Walsh er grafískur hönnuður, listrænn stjórnandi og meðeigandi hönnunarfyrirtækisins Sagmeister & Walsh í New York. Á DesignTalks í dag mun Walsh tala um mikilvægi þess að leyfa sér að taka áhættu, mistakast, gera tilraunir og uppgötva, en það er eitthvað sem hún sjálf hefur tileinkað sér þrátt fyrir að það hafi ekki alltaf verið auðvelt. Meðal annars hafnaði hún starfstilboði frá Apple þegar hún var nýútskrifuð og ákvað að fylgja innri sannfæringu frekar.

„Ég elska Apple og heimspeki þeirra og ég hef heyrt að það sé dásamlegur vinnustaður. Samt sem áður var eitthvað innra með mér sem sagði mér að ég yrði hamingjusamari og myndi finna fleiri áskoranir af því að vinna á vinnustofu þar sem þú þarft að takast á við ólíkar gerðir viðskiptavina og áskoranir á hverjum degi," segir Walsh en í kjölfarið fór hún í starfsnám hjá hönnuðinum Paula Scher hjá fyrirtækinu Pentagram. „Mér fannst vera mikið sem ég gæti lært þar og var tilbúin til þess að taka mikla launaskerðingu til að byrja með til þess að ég gæti unnið þá vinnu sem ég vil vinna til lengri tíma. Það var mikil áhætta en borgaði sig."



**40 DAYS OF DATING** Jessica Walsh og vinur hennar, Timothy Goodman, fóru á stefnumót hvort með öðru í fjörutíu daga og gerðu stefnumótunum og tilfinningum sínum skil á vefsíðunni Forty Days of Dating. Verkefnið sló í gegn og síðan það hófst hafa Walsh og Goodman fengið yfir tíu þúsund gesti á heimasíðuna og þeim hafa borist þúsundir tölvupósta alls staðar að úr heiminum. MYND/SAGMEISTERWALSH.COM

**Fór á stefnumót í 40 daga**

Í mars árið 2013 hófu Walsh og vinur hennar, Timothy Goodman, verkefnið 40 Days of Dating, internet-verkefni þar sem þau fóru á stefnumót hvort með öðru í fjörutíu daga og gerðu stefnumótunum og tilfinningum sínum skil á samnefndri vefsíðu. Verkefnið sló í gegn og vakti mikla athygli. Í kjölfarið var gefin út samnefnd bók og Warner Brothers keyptu réttinn á handritinu.

Walsh og Goodman hafa fengið þúsundir tölvupósta víðs vegar að úr heiminum frá einstaklingum sem verkefnið snerti við á einn eða annan hátt. „Eitt af mínum aðalmarkmiðum er að snerta fólk á einhvern hátt í gegnum vinnuna mína, það að hljóta þessi viðbrögð hefur því verið ótrúlegt og gert mig auðmjúka," segir Walsh en líkt og áður kemur fram stendur til að gera sögu þeirra skil á hvíta tjaldinu. Lorene Scafaria skrifar handritið og leikstjórn er í höndum Michael Sucy.

**Hefur hannað frá barnsaldri**

40 Days of Dating markaði þó ekki upphaf ferils Walsh, sem hefur kóðað og hannað vefsíður frá ellefu ára aldri, þótt verkefnið hafi vissulega gert hana þekktari meðal almennings.

„Fyrir fjórum árum stofnaði ég Sagmeister & Walsh ásamt Stefan Sagmeister. Verkefni okkar voru vel þekkt innan hönnunarheimsins en ekki eins þekkt af almenningi. 40 Days of Dating-verkefnið breytti því og gerði okkur kleift að tala við áheyrendur utan hins skapandi samfélags. Það var mjög spennandi og við vonumst til þess að gera meira af því í framtíðinni," segir hún en á meðal viðskiptavina þeirra eru Levis, Red Bull, Museum of Modern Art, The New York Times og Adobe.


**HÖNNUÐURINN** Jessica Walsh hefur tileinkað sér að taka áhættu, mistakast, gera tilraunir og uppgötva. Það hefur komið henni ansi langt á ferli hennar. MYND/HENRY HARGREAVES

**Karlaklúbbur hönnuða**

Hún segir hönnun að ákveðnu leyti hafa verið karlaklúbb í gegnum tíðina þar sem mest áberandi einstaklingar innan geirans hafi í flestum tilfellum verið karlkyns.

„Það getur haldið aftur af ungum konum, þú þarft fyrirmyndir og einstaklinga til þess að líta upp til á þínum vettvangi til þess að öðlast trú á það að þú getir skapað þér lifibrauð í hinum skapandi heimi. Ég lít upp til svo margra hæfileikaríkra kvenna, til dæmis Paulu Scher, Mairu Kalman, Ray Eames, listinn heldur áfram og áfram."

Walsh segir jafnframt að fleiri ungar og hæfileikaríkar konur séu að ryðja sér til rúms og skapa sér nafn. „Af minni kynslóð og á meðal þeirra sem eru yngri sé ég marga hæfileikaríka unga kvenkyns hönnuði sem eru að skapa sér nafn. Það er mjög spennandi."

Erindi Walsh hefst klukkan þrjú í Hörpu, Silfurbergi.






# Litríkri lesningu fagnað úti á Granda

**Útgáfuhóf HA, nýs tímarits um hönnun og arkitektúr á Íslandi, var haldið í gær á Mat og drykk á Granda. Það fjallar um allt frá skarti og keramiki til borgarskipulags.**

„Þetta er skemmtileg og litrík lesning, efnið snýst um allt frá fatahönnun yfir í keramik, og skart yfir í borgarskipulag," segir Arnar Fells, ritstjóri nýs tímarits sem heitir HA. Það fjallar um hönnun og arkitektúr og er gefið út af Hönnunarmiðstöðinni sem níu aðildarfélög standa að.

Tímaritið er veglegt, 128 síður að stærð og prentað á mjúkan pappír, skrifað á tveimur tungumálum, íslensku og ensku, og skreytt mörgum myndum úr hinum ýmsu kimum hönnunar, eins og Arnar ritstjóri bendir á.

Æ fleiri skilja nú mikilvægi hönnunar því vitundarvakning hefur orðið á því sviði, eins og segir í formála ritsins. Þaðan er líka eftirfarandi setning: „Við viljum efla almennan áhuga á hönnun og arkitektúr með því að sýna áhrif greinanna og mikilvægi þeirra. HA mun verða vettvangur gagnrýninnar hugsunar og stuðla að aukinni þekkingu á hönnun og arkitektúr. Hvað er meira viðeigandi en að tengja nafn slíks tímarits við spurnarorðið ha? Hið sérkennilega íslenska orð sem lýsir undrun og fróðleiksfýsn, sem eru einmitt dyggðir skapandi fólks."

- gun


**STOLTIR** Arnar Fells ritstjóri og Arnar Ingi Viðarsson efnisstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


**KJARNAKONUR** Guðrún Margrét Ólafsdóttir húsgagnahönnuður og Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar.




eva

Laugavegi 26 | s.512 1715 | ntc.is | facebook / verslunin.eva | Instagram / verslunineva




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FOCUS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| FOCUS VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 8 - 10:20 | |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 8 - 10:40 | |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 8 | |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 5:20 - 10:10 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| FOCUS | KL. 5:40 - 8 - 10 | |
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 8 - 10:20 | |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 10:40 | |
| KINGSMAN: THE SECRET SERVICE | KL. 5:20 - 8 - 10:10 | |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 5:20 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:20 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| FOCUS | KL. 8 - 10:40 | |
| INTO THE WOODS | KL. 5:20 - 8 | |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 5:20 - 8 - 10:20 | |
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 | |
| AMERICAN SNIPER | KL. 10:40 | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| FOCUS | KL. 8 - 10:20 | |
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 8 | |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 10 | |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FOCUS | KL. 8 - 10:20 | |
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 8 | |
| INTO THE WOODS | KL. 5:20 | |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 10:20 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE DUFF | KL. 3.30 - 5.45 - 8 | 12 |
| CHAPPIE | KL 8 - 10.40 | 12 |
| CHAPPIE LÚXUS | KL 5 - 8 -10.40 | 12 |
| ANNIE | KL 5 | L |
| HRÚTURINN HREINN | KL 3.30 | L |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL 10.20 | 16 |
| KINGSMAN | KL 8 - 10.45 | 16 |
| PADDINGTON | KL 5.45 - ÍSL TAL | L |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE GRUMP | KL. 5.30 - 8 | L |
| CHAPPIE | KL. 10.20 | 12 |
| VEIÐIMENNIRNIR | KL. 5.30 | L |
| BIRDMAN | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| ÖMURLEG BRÚÐKAUP | KL 5.30 - 8 - 10.20 - ÍSL TEXTI | 12 |

LAUGARÁS BÍÓ

ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE DUFF | 5:50, 8 | 12 |
| CHAPPIE | 8, 10:30 | 12 |
| STILL ALICE | 5:50, 8 | L |
| VEIÐIMENNIRNIR | 10:10 | 16 |
| HRÚTURINN HREINN | 5:50 | L |
| KINGSMAN | 10:10 | 16 |




**VILL BREYTINGU** Kutcher er þreyttur á að geta ekki skipt á dóttur sinni.

## Ósáttur við skiptiaðstöðu

Leikarinn Ashton Kutcher lýsti yfir óánægju sinni með skiptiaðstöðu fyrir börn á Facebooksíðu sinni. „Það er aldrei skiptiaðstaða inni á karlaklósettum. Fyrsta almenningssalernið sem breytir þessu fær auglýsingu frá mér á Facebook,“ skrifaði Kutcher og merkti færsluna með #BeTheChange. Hann á fimm mánaða gamla dóttur, Wyatt, með unnustu sinni Milu Kunis. Þau hafa sagt frá því í fjölmiðlum að þau ætli ekki að ráða barnfóstru fyrir dóttur sína, líkt og vinsælt er í Hollywood, heldur sinna uppeldinu sjálf.

# Siðblindur og trúlaus

**BAKÞANKAR**
Frosta Logasonar



Ósjaldan lendi ég í því að fólk vilji ræða við mig um Guð. Mér þykir það ekkert leiðinlegt. Ég kemst hins vegar ekki hjá því að greina oft mikil vonbrigði hjá viðmælendum mínum með samskiptin og virðast þeir yfirleitt frekar ófullnægðir þegar spjall okkar tekur enda.

**OFT** byrja þessir aðilar samræðurnar á því að vilja undirstrika skynsemi sína og segja mér að þeir trúi sjálfir ekki á einhvern Guð á himnum, í hásæti með sítt hvítt skegg. Þeir séu nú ekki svo vitlausir. En þeir hins vegar viti vel að einhver kraftur sé þarna úti. Án þess að vilja útskýra það eitthvað nánar.

**ÞEGAR** ég segist ekki deila þessari skoðun er ég oft sakaður um þröngsýni og mér bent á að það sé sjálfum mér óhollt að sýna lífinu ekki meiri auðmýkt en þetta. Að líf mitt gæti verið miklu innihaldsríkara og jafnvel betra í alla staði ef ég mundi láta af þessum dæmalausa hroka. Þegar ég reyni að útskýra að fyrir mig persónulega sé ákveðinn ómöguleiki í þessu er mér oft bent á frábæra afsláttarleið.

**ÉG** þurfi nefnilega ekkert endilega að trúa á guð. Ég þurfi bara að vera til í að reyna það, þá muni líf mitt strax verða auðveldara. Ég eigi bara að hætta að pæla í því hvort Guð sé til eða ekki til.

**STAÐREYNDIN** er hins vegar sú að ég hugsa aldrei um þetta. Ekki nokkurn tíma. Ég veit í alvöru ekki hversu mörg ár eru síðan hugmyndin hvarflaði síðast að mér að hugsanlega gæti verið til einhver guð þarna úti. Ég veit að það er aðeins styttra síðan en þegar hugmyndin um tilvist jólasveinsins var mér enn óljós. En það er alltént mjög langt síðan.

**ÉG** hef enn ekki séð neitt sem bendir til þess að Guð, jólasveinninn, tannálfar og annað huldufólk séu að leynast þarna úti fyrir öllum öðrum en þeim sem á það vilja trúa.

**ÞETTA** þýðir þó ekki að ég sé algerlega siðblindur og trúlaus. Ég trúi nefnilega eins og svo margir svokallaðir trúleysingjar meðal annars á mannréttindi, mannúð, þekkingu, dugnað, þrautseigju, heiðarleika, samstöðu, sanngirni, umburðarlyndi og reyndar margt fleira. Það virkar fínt fyrir mig.

# Einn af hápunktum ferilsins

Síðustu helgi stilltu Bubbi Morthens og Dimma saman strengi sína í Eldborg og fluttu lög Utangarðsmanna og Das Kapital.



**Á SVIÐINU** Bubbi ásamt meðlimum þungarokksveitarinnar Dimmu í Eldborgarsalnum í Hörpu. Hér sýnir Ingó Geirdal gítarleikari snilldartakta. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Rokkkóngur Íslands og ein vinsælasta þungarokksveit landsins um árabil komu saman síðustu helgi á tónleikum í Hörpu. Bubbi Morthens er ánægður með útkomuna og segir tónleikana hafa verið sögulega. „Þessir tónleikar voru galdur og af öllum mínum ferli set ég þessa tónleika í topp fjóra.“

Á tónleikunum voru spiluð lög af plötunni Geislavirkir með Utangarðsmönnum, sem kom út árið 1980. Meðal laga á plötunni eru Hiroshima og Kyrrlátt kvöld við fjörðinn. Einnig voru lög af plötunni Lily Marlene spiluð sem hljómsveitin Das Kapital gaf út, og má þar nefna lögin Blindsker og Leyndarmál frægðarinnar.

„Dimma tók þessi lög og setti þau í þannig búning að þau öðluðust nýtt líf – það má segja að lögin hafi farið að heiman í fullorðinsfötum. Bæði kvöldin voru í einu orði sagt mögnuð og þetta er ein af mínum stóru stundum í rokkinu,“ segir Bubbi um upplifun sína af tónleikunum.



**FERSKUR** Bubbi Morthens lék á als oddi á tónleikunum, fullur af krafti og naut sín í botn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**BRÆÐUR Á TÓNLEIKUM** Hafsteinn, Egill og Sigurjón Magnússynir voru á tónleikunum ásamt Kristbjörgu og skemmtu sér vel. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hannar þjóðfána fyrir ímynduð lönd og ríki

Ef Kóreuríkin myndu sameinast Ísrael í einu ríki, hvernig liti fáninn út? Háskólanemi hefur svarið við því.



„Mér þykir ótrúlega leiðinlegt að það sé ekki verið að stofna ný ríki og þjóðir daglega. Ég væri til í að vinna við þetta,“ segir íslenskuneminn Atli Jasonarson. Í frítíma sínum hefur hann dundað sér við að búa til fána fyrir alls kyns ímyndaðar þjóðir og aðstæður.

„Ég hafði mikinn áhuga á fánum þegar ég var yngri og hann kviknaði aftur þegar Quiz-Up-leikurinn kom út kom út.“ Hann byrjaði að hanna fána fyrir alvöru fyrir um þremur vikum.

„Ég var annars hugar og að velta hollenska fánanum fyrir mér. Af hverju er appelsínugulan, lit konungsfjölskyldunnar og landsliðsins, ekki að finna í fánanum? Hvernig ætli hann liti út ef Holland væri hluti af Skandinavíu?“

Í kjölfarið bjó hann fánann til og þá varð ekki aftur snúið. Á annan tug fána hafa litið dagsins ljós og fleiri eru í vinnslu. Afrakstrinum deilir Atli með umheiminum í myndaalbúmi á Facebook en hluta fánanna má sjá hér til hliðar.



**HIÐ NÝJA KALMARSAMBAND** Ef Ísland, Finnland, Svíþjóð, Danmörk og Noregur myndu sameinast.

Vinir Atla, og fólk sem hann rekst á á förnum vegi hefur verið duglegt við að senda honum beiðnir um mögulega fána sem hægt væri að teikna upp. Þeir muni líta dagsins ljós en fólk verði að bíða rólegt eftir þeim. „Ég óska í raun eftir fleiri ríkjum og byltingum svo ég geti haft þetta að atvinnu,“ segir Atli að lokum í gríni. - jóe



**KÓREUÍSRAEL** Ísrael, Norður-Kórea og Suður-Kórea í einni sæng.



**SJÁLFSTÆÐAR** Vilji Vestmannaeyingar kljúfa sig frá Íslandi gætu þeir notað þennan fána.



**SÁ NÝJASTI** Botsvana og Namibía sameinuð sem Pokémon-nýlenda.





BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | |
|---|---|
| Wild tales | 18.00 |
| Óli prik | 18.00 |
| Whiplash | 18.00 |
| What we do in the shadows | 20.00, 22.00 |
| Blowfly park | 20.20 |
| The trip to Italy | 20.00 |
| Íslenska krónan | 22.00 |



Nicotinell

# NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

## Ertu að hætta að reykja?
## Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?




**Fæst í 6 bragðtegundum!**

Nicotinell, lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Hætta skal alfarið reykingum meðan á meðferð með Nicotinell stendur. Upphafsskammtur skal ákvarðaður út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Verði vart við aukaverkanir þegar hærri styrkleiki er notaður skal íhuga að skipta yfir í lægri styrkleika. Meðferðarlengd er einstaklingsbundinn. Samtímis neysla á súrum drykkjum, eins og t.d. kaffi og sódavatni, getur minnkað frásog nikótíns í munni. Forðast skal þessa drykki í 15 mínútur fyrir notkun lyfjatyggigúmmís. Tyggja skal eitt stykki Nicotinell lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggigúmmíi og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Vegna eiginleika lyfjatyggigúmmís sem lyfjaforms getur nikótínþéttni í blóði verið mismunandi á milli einstaklinga. Því skal miða tíðni skammta við einstaklingsþörf, innan uppgefinna hámarksskammta. Tyggja skal eitt lyfjatyggigúmmí þar til finnst sterkt bragð. Lyfjatyggigúmmíið skal því næst hvíla á milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal byrja að tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mínútur. Í flestum tilfellum skal meðferðin standa í a.m.k. 3 mánuði. Eftir 3 mánuði skal draga smám saman úr notkun. Venjulega er ekki mælt með notkun Nicotinell lyfjatyggigúmmís lengur en í eitt ár. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Þeir sem reykja ekki og þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna eiga ekki að nota Nicotinell. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota Nicotinell ef þú: ert þunguð, með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi. Einstaklingar undir 18 ára aldri mega ekki nota Nicotinell nema að læknisráði. Nikótín sem er gleypt getur valdið versnun einkenna hjá sjúklingum sem eru með bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgu eða magasár. Einstaklingum með gervitennur, eiga við vandamál í liðamótum kjálka og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform en lyfjatyggigúmmí. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfjatyggigúmmíið. Athuga ber að lyfjatyggigúmmíið og munnsogstöflurnar innihalda natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321) sem getur valdið staðbundinni ertingu slímhúðar en sumar bragðtegundir innihalda að auki sorbitól (E420), maltitól (E965) eða aspartam (E 951) sem ekki allir mega taka. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

## „Íslendingarnir voru erfiðir“



FH-ingar gerðu 1-1 jafntefli í æfingaleik á móti norska úrvalsdeildarliðinu Vålerenga í gær en FH-liðið er í æfingaferð til Marbella á Spáni. Atli Guðnason skoraði mark FH-liðsins á 15. mínútu en Norðmenn jöfnuðu úr víti á 69. mínútu. FH-liðið lék mjög vel framan af leik og var óheppið að bæta ekki við mörkum en svo dró verulega af Hafnfirðingum. „Þetta var erfiður leikur. Íslendingarnir eru harðir af sér og gáfu allt í návígin,“ sagði Kjetil Rekdal, **þjálfari** Vålerenga á heimasíðu félagsins eftir leikinn. Elías Már Ómarsson spilaði fyrstu 65 mínúturnar með liði Vålerenga.
Nýi maðurinn hjá FH, Senegalinn Amath André Diedhiou, kom inn á sem varamaður eftir að Norðmennirnir jöfnuðu metin en FH gerði tveggja ára samning við félagið í gær. Þetta var fyrsti leikur FH af þremur í æfingaferðinni en þeir spila einnig við norska liðið Molde FK og finnska liðið SJK Seinäjoen.

## Guðmundur Steinn æfir með Valsliðinu

**FÓTBOLTI** Guðmundur Steinn Hafsteinsson, framherji Fram sem leikur í 1. deild karla í sumar, hefur á síðustu dögum æft með Pepsi-deildarliði Vals þrátt fyrir að vera samningsbundinn Fram.

Guðmundur Steinn var einn af fáum leikmönnum sem Fram fékk til sín í „verkefnið“ á síðustu leiktíð sem var ekki með klásúlu í samningi sínum sem gerði honum kleift að fara eftir tímabilið. Flóttinn úr Safamýri var rosalegur eftir síðasta sumar en í heildina eru ellefu leikmenn farnir.

„Guðmundur var eitthvað að æfa með Val,“ staðfestir Sverrir Einarsson, formaður knattspyrnudeildar Fram, við Fréttablaðið. „Hann langar til að vera í efstu deild og fékk að prófa að æfa með þeim svona ef eitthvað skyldi gerast.“

Hvorki Valur né önnur félög hafa gert Fram kauptilboð í Guðmund Stein, sem skoraði fimm mörk í tólf leikjum í Pepsi-deildinni í fyrra. Eina von hans um að spila í deild þeirra bestu í sumar er ef hann verður keyptur.

„Hann er leikmaður Fram í dag og það verður að kaupa hann ef hann ætlar að fara. Það hafa verið einhverjar þreifingar en okkur hefur ekki borist neitt tilboð enn þá,“ segir Sverrir Einarsson. - tom



**UPP** Guðmundur Steinn vill spila áfram í efstu deild. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## DOMINOS KVENNA

**KEFLAVÍK-KR 85-77 (38-30)**
**Keflavík:** Sara Rún Hinriksd. 20, Sandra Lind Þrastard.13/10 fráköst/6 stoðs., Ingunn Embla Kristínard. 12, Marín Laufey Davíðsd. 10 Birna Valgarðsd.9, Hallveig Jónsd. 7, Bryndís Guðmundsd.7, Lovísa Falsd.5, Bríet Sif Hinriksdóttir 2.

**KR:** Björg Guðrún Einarsd. 27, Simone Holmes 19/6 stoðs. Bergþóra Holton Tómasd. 13/5 fráköst, Þorbjörg Friðriksd. 8, Sara Mjöll Magnúsd. 6, Perla Jóhannsd.2, Helga Einarsdóttir 2/15 fráköst.

**GRINDAVÍK-HAUKAR 69-80 (38-31)**
**Grindavík:** Kristina King 22/7 frák., Petrúnella Skúladóttir 12/10 frák./6 stoðs. Pálína María Gunnlaugsdóttir 12, Guðlaug Júlíusdóttir 11, María Ben Erlingsdóttir 8, Ingibjörg Jakobsd. 4.

**Haukar:** LeLe Hardy 36/22 frák./7 stoðs., Sólrún Inga Gísladóttir 12, Auður Ólafsdóttir 11, Guðrún Ósk Ámundadóttir 10/11 fráköst, Sylvía Rún Hálfdanardóttir 6/8 fráköst, Þóra Kristín Jónsdóttir 5.

**HAMAR-BREIÐABLIK 75-69 (37-40)**
**Stigahæstar:** Sydnei Moss 32/10 fráköst/7 stoðsendingar/5 stolnir, Þórunn Bjarnadóttir 17/5 fráköst, Heiða B. Valdimarsdóttir 15 - Arielle Wideman 21/11 frák./7 stoðs./5 stolnir, Aníta Rún Árnadóttir 13, Berglind Karen Ingvarsdóttir 9.

**SNÆFELL-VALUR 86-70 (49-46)**
**Snæfell:** Kristen McCarthy 35/17 fráköst, Gunnhildur Gunnarsd. 13, Berglind Gunnarsd. 12, Helga Björgvinsd. 9, Hildur Sigurðard. 9/7 frák./7 stoðs., Hugrún Valdimarsd. 4, Rósa Indriðad. 2, María Björnsd. 2. **Valur:** Taleya Mayberry 19, Kristrún Sigurjónsd. 16/4 fráköst, Guðbjörg Sverrisd.9, Sara Diljá Sigurðard. 8, Ragna Margrét Brynjarsd. 7, Ragnheiður Benónísd. 6, Sóllilja Bjarnad. 3, Regína Ösp Guðmundsdóttir 2.

### STAÐAN Í DEILDINNI

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Snæfell | 23 | 21 | 2 | 1775-1418 | 42 |
| Keflavík | 24 | 19 | 5 | 2012-1554 | 38 |
| Grindavík | 24 | 15 | 9 | 1752-1688 | 30 |
| Haukar | 23 | 14 | 9 | 1607-1525 | 28 |
| Valur | 24 | 14 | 10 | 1772-1685 | 28 |
| Hamar | 24 | 6 | 18 | 1332-1752 | 12 |
| KR | 24 | 4 | 20 | 1444-1713 | 8 |
| Breiðablik | 24 | 2 | 22 | 1463-1822 | 4 |



**FRÁBÆR** Lele Hardy var með 36 stig, 22 fráköst og 7 stoðsendingar fyrir Hauka í gærkvöldi.

# Ekkert mark á 360 mínútum

Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins, var ánægður með margt í varnarleik liðsins á Algarve-mótinu. Ísland skoraði ekki á mótinu og þjálfarinn segir að markaleysið valdi honum áhyggjum.



**HEIMSMEISTARARNIR FAGNA** Japanska liðið hafði öll völd á vellinum í seinni hálfleik og skoraði þá tvö mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið lauk leik á Algarve-mótinu í Portúgal í gær þegar liðið tapaði 2-0 fyrir heimsmeisturum Japans í leik um 9. sætið á mótinu. Staðan var markalaus í hálfleik en í þeim seinni tóku heimsmeistararnir yfir, skoruðu tvö mörk á ellefu mínútna kafla og tryggðu sér 9. sætið.

„Við tökum heilan helling með okkur úr þessu móti, fullt af jákvæðum hlutum og svo eru líka nokkur áhyggjuefni,“ sagði Freyr Alexandersson, þjálfari Íslands, í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn gegn Japan. Hann sagði japanska liðið hafa spilað frábæran fótbolta í seinni hálfleiknum.

### Það magnaðasta sem ég hef séð

„Við spiluðum mjög góðan varnarleik í fyrri hálfleiknum þar sem þær fengu aðeins eitt færi. En í seinni hálfleik sýndu þær japönsku ótrúleg gæði og fannst mér vera þreyta í okkar liði. Við áttum mjög erfitt uppdráttar í seinni hálfleik og það var í raun eini hálfleikurinn á mótinu þar sem við áttum ekki möguleika. Þetta var eiginlega það magnaðasta sem ég hef séð í kvennafótbolta, hvernig þær spila,“ sagði Freyr um heimsmeistarana.

Ísland fékk því aðeins eitt stig úr fjórum leikjum á mótinu, skoraði ekki mark og fékk á sig fimm. Ísland tapaði 2-0 fyrir Sviss, 1-0 fyrir Noregi og gerði markalaust jafntefli við Bandaríkin í lokaleik riðilsins á mánudaginn.

Fyrir mótið gaf Freyr það út að íslenska liðið ætlaði að nota aðrar áherslur í varnarleiknum til að eiga fleiri ása uppi í erminni. Hann sagði að varnarleikurinn hefði að mestu leyti gengið vel á mótinu.

„Við ætluðum að fá svör við því hvort við gætum blandað varnarafbrigðum saman, spila bæði lágog hápressu almennilega í sama leiknum,“ sagði Freyr og bætti við að leikmenn íslenska liðsins hefðu verið mjög móttækilegir fyrir þessum áheyrslubreytingum.

„Lágpressan gekk frábærlega og ég er hrikalega ánægður með það. Þær náðu þessu mjög fljótt og það fengu allar að spreyta sig í henni. Lágpressan var einn af jákvæðustu punktunum í mótinu,“ sagði landsliðsþjálfarinn.

### Föstu leikatriðin illa framkvæmd

Sem áður sagði mistókst Íslandi að skora á mótinu og Freyr sagði markaleysið valda sér hugarangri: „Ég ekkert ánægður með að hafa ekki skorað og við sköpuðum okkur ekki nógu mörg opin færi. Við teljum okkur samt vita hvað það er sem þarf að laga. Og sem betur fer spilum við ekki á hverjum degi við liðin sem við spiluðum við á Algarve sem eru öll mjög sterk,“ sagði Freyr sem var ósáttur með slaka nýtingu Íslands á föstum leikatriðum á mótinu.

„Ég var sérstaklega óánægður með föst leikatriði, en Ísland hefur í gegnum tíðina verið sterkt í þeim þætti leiksins. Við höfum alltaf verið ógnandi í föstum leikatriðum en við framkvæmdum þau mjög illa á mótinu.“

Freyr gaf mörgum leikmönnum tækifæri á Algarve en allir leikmenn liðsins fengu að minnsta kosti einn í byrjunarliði. Aðspurður hvort einhverjir leikmenn hafi heillað hann á mótinu nefndi Freyr Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur og Hólmfríði Magnúsdóttur.

### Hólmfríður á allt öðrum stað

„Við erum að fá Gunnhildi Yrsu inn í feiknalega góðu formi. Hún hefur ekki spilað mikið með landsliðinu en er komin í mjög háan gæðaflokk,“ sagði Freyr og vék talinu að Hólmfríði.

„Hún er komin á allt annan stað en hún var á fyrir ári. Hún átti mjög dapurt ár með félagsog landsliði í fyrra en er í hörkustandi núna og það er gaman að sjá hana. Það er mikið fagnaðarefni fyrir okkur,“ sagði Freyr en næsta verkefni landsliðsins er vináttulandsleikur gegn Hollandi í Kórnum, laugardaginn 4. apríl. Rúmri viku síðar verður dregið í riðla í undankeppni EM 2017 í Hollandi. ingvithor@365.is

### ALDREI VERRI ÁRANGUR Á ALGARVE-MÓTINU

**SÆTI ÍSLANDS Í ALGARVE-BIKARNUM:**

| | |
|---|---|
| 2. sæti | 2011 |
| 3. sæti | 2014 |
| 6. sæti | 1996, 2009, 2012 |
| 7. sæti | 2007, 1997 |
| 9. sæti | 2007, 2010, 2013 |
| 10. sæti | 2015 |

**FÆST MÖRK Í ALGARVE-BIKARNUM:**

| | |
|---|---|
| 0 mörk | 2015 |
| 1 mark | 1997 |
| 3 mörk | 2012 |
| 4 mörk | 1996, 2009 |
| 5 mörk | 2013, 2014 |

# Hef fulla trú á liðinu og vona að menn séu sammála mér

Sveinbjörn Claessen segir stöðu ÍR í Dominos-deildinni vera vonbrigði en liðið hélt sæti sínu með naumindum á mánudagskvöldið.

**KÖRFUBOLTI** ÍR hefur að engu að keppa þegar liðið mætir Stjörnunni í Dominos-deildinni í kvöld. Það tryggði tilverurétt sinn í deild þeirra bestu á mánudagskvöldið þegar liðið valtaði yfir Skallagrím á heimavelli. Fimmtán ára vera þessa sigursælasta liðs sögunnar heldur því áfram næsta vetur.

„Við mætum í þennan leik til að vinna hann,“ segir Sveinbjörn við Fréttablaðið aðspurður hvort ekki megi búast við spennufalli hjá Breiðhyltingum í kvöld.

„Auðvitað er þetta miklu þægilegri staða að vera í, verandi búnir að tryggja sætið. Við reynum samt að vinna leikinn þótt hann skipti engu máli. Svo er líka bara svo gaman að spila á móti Justin Shouse,“ segir Sveinbjörn og hlær við.

Þessi kraftmikli bakvörður viðurkennir fúslega að tímabilið hjá ÍR hafi verið vonbrigði: „Ef ég segði annað væri ég að skrökva. Þetta er ekki það sem lagt var upp með,“ segir hann.

Því verður þó að halda til haga að ÍR-ingar misstu tvo lykilmenn út fyrir tímabilið; Hjalta Friðriksson og Björgvin Hafþór Ríkharðsson.

„Hjalti spilaði eins og kóngur í fyrra en hélt nú á vit ævintýranna í heimsreisu sem er auðvitað öllum hollt. Ekki datt okkur í hug að fara að stöðva hann. Bjöggi slítur svo krossband og auðvitað munar um þessa gaura. Það er endalaust hægt að afsaka sig en það verður að taka við, af því að þetta eru byrjunarliðsmenn,“ segir Sveinbjörn, sem vill þó líka sjá stöðugleika í þjálfara- og leikmannamálum.

„Við höfum verið með fjóra þjálfara á síðustu þremur árum og sex á síðustu fimm árum. Stöðug þjálfaraskipti hafa sitt segja. Svo er ég eini maðurinn eftir í liðinu frá 2010. Nú bind ég vonir við að við höldum hópnum saman, fáum Hjalta og Bjögga aftur inn í þetta og verðum með sama þjálfara.“

ÍR hefur aldrei hafnað ofar en í 6. sæti síðan liðið kom aftur upp 2001 og ekki verið fyrir ofan níunda sæti síðustu fjögur tímabil. Þrátt fyrir það leitar hugur Sveinbjarnar, sem er með betri leikmönnum deildarinnar, sérstaklega í vörn, aldrei út fyrir Breiðholtið.

„Ég hef engan áhuga á að spila fyrir annað lið en ÍR og það mun ég aldrei gera,“ segir hann ákveðinn aðspurður hvort hann ætli að fylgja fordæmi annarra öflugra ÍR-inga eins og Eiríks Önundarsonar og Hreggviðar Magnússonar sem freistuðu gæfunnar í KR.

„ÍR er mitt félag. Það hefur aldrei hvarflað að mér að fara og það mun ég aldrei gera. Ég trúi því að við munum gera góða hluti með þetta lið. Ég vænti þess að menn séu á sömu blaðsíðu og ég og þeir vilji vinna titla með sínu félagi,“ segir Sveinbjörn Claessen, hdl. - tom



**AÐ EILÍFU** Sveinbjörn spilar ekki fyrir annað félag en ÍR. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Lagersala
á boddýhlutum
50%
afsláttur
á ljósum og boddý-
hlutum í bíla
Vinsamlegast sendið fyrir-
spurnir á boddy@stilling.is
eða hringið í síma 520 8000
Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

# Mjög margt getur breyst á lokakvöldinu í Dominos-deild karla

**KÖRFUBOLTI** 22. og síðasta umferð Dominos-deildar karla í körfubolta fer fram í kvöld. Átta lið hafa þegar tryggt sér sæti í úrslitakeppninni en fimm þeirra geta hoppað upp um sæti með hagstæðum úrslitum. Fréttablaðið veltir fyrir sér mögulegum útkomum eftir leiki kvöldsins.

KR og Tindastóll verða í efstu tveimur sætunum og sæti níu til tólf eru klár. Það er samt sem áður mikil spenna í loftinu fyrir lokaumferðina þar sem sum lið geta tryggt sér heimavallarrétt í átta liða úrslitunum en önnur dottið alla leið niður í áttunda sæti sem myndi þýða afar erfiðar viðureignir á móti Íslands- og deildarmeisturum KR.

Staðan er líklega einföldust hjá nágrönnunum úr Reykjanesbæ. Vinni Njarðvík og Keflavík nefnilega sinn leik þá eru þau örugg með þriðja (Njarðvík) og fjórða sætið (Keflavík) sama hvernig fer í öðrum leikjum. Hin liðin sem geta hækkað eða lækkað í töflunni þurfa hins vegar að treysta líka á önnur úrslit til að komast sem hæst.

Fjórir af sex leikjum kvöldsins skipta máli fyrir lokastöðuna í deildinni eða allir nema leikur Skallagríms og Tindastóls í Borgarnesi og leikur Fjölnis og KR í Grafarvogi. Spennan verður því á Ásvöllum (Haukar-Keflavík), í Þorlákshöfn (Þór-Njarðvík), í Garðabæ (Stjarnan-ÍR) og í Stykkishólmi (Snæfell-Grindavík). Allir leikirnir hefjast klukkan 19.15.

Toppilið KR og Tindastóll fylgjast samt örugglega með stöðu mála í öðrum íþróttahúsum. KR-ingar fá nefnilega þá að vita hvort mótherjinn verði Þór, Stjarnan eða Grindavík í átta liða og Stólarnir bíða spenntir eftir því hvort mótherjinn í fyrsta úrslitakeppnisleiknum á Króknum í þrjú ár verði Keflavík, Stjarnan, Grindavík eða Þór.

Hér á síðunni má sjá möguleika kvöldsins, þó í einfaldari útgáfu því möguleikarnir eru vissulega fleiri ef við eltum öll hugsanleg úrslit í lokaumferðinni. Strákarnir á karfan.is skrifuðu skemmtilega grein um „32 ef“ en hér höfum við tekið saman bestu og verstu úrslitin fyrir liðin fimm sem eiga möguleika á því að fara upp eða niður í töflunni í leikjum kvöldsins. - óój



**GETA HÆKKAÐ SIG Í TÖFLUNNI** Justin Shouse hjá Stjörnunni reynir að komast framhjá Emil Barja í Haukum í leik liðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ






## STAÐAN Í DEILDINNI FYRIR LOKAUMFERÐINA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **21** | **19** | **2** | **2077-1734** | **38** |
| **Tindastóll** | **21** | **16** | **5** | **1979-1806** | **32** |
| Njarðvík | 21 | 13 | 8 | 1857-1763 | 26 |
| Haukar | 21 | 12 | 9 | 1868-1770 | 24 |
| Keflavík | 21 | 11 | 10 | 1791-1814 | 22 |
| Stjarnan | 21 | 11 | 10 | 1863-1862 | 22 |
| Grindavík | 21 | 11 | 10 | 1864-1842 | 22 |
| Þór Þ. | 21 | 10 | 11 | 1938-2000 | 20 |
| **Snæfell** | **21** | **8** | **13** | **1822-1879** | **16** |
| **ÍR** | **21** | **6** | **15** | **1762-1867** | **12** |
| **Fjölnir** | **21** | **5** | **16** | **1746-1956** | **10** |
| **Skallagrímur** | **21** | **4** | **17** | **1708-1982** | **8** |

*Feitletruðu liðin hreyfast ekkert í kvöld.*

## Á UPPLEIÐ EÐA NIÐURLEIÐ …

### NJARÐVÍK 3.-4. SÆTI

**BESTU ÚRSLITIN** 3. SÆTI
Sigur á Þór

**VERSTU ÚRSLITIN** 4. SÆTI
Tap á móti Þór
Haukar vinna Keflavík

### HAUKAR 3.-6. SÆTI

**BESTU ÚRSLITIN** 3. SÆTI
Sigur á Keflavík
Njarðvík tapar fyrir Þór

**VERSTU ÚRSLITIN** 6. SÆTI
Tap fyrir Keflavík með 7 stigum eða meira
Stjarnan vinnur ÍR
Grindavík tapar fyrir Snæfelli

### KEFLAVÍK 4.-7. SÆTI

**BESTU ÚRSLITIN** 4. SÆTI
Sigur á móti Haukum

**VERSTU ÚRSLITIN** 7. SÆTI
Tap á móti Haukum
Grindavík og Stjarnan vinna sína leiki

### STJARNAN 5.-8. SÆTI

**BESTU ÚRSLITIN** 5. SÆTI
Sigur á móti ÍR
Grindavík og Keflavík vinna bæði eða tapa bæði

**VERSTU ÚRSLITIN** 8. SÆTI
Tap á móti ÍR
Þór vinnur Njarðvík
Grindavík og Keflavík vinna sína leiki

### GRINDAVÍK 5.-8. SÆTI

**BESTU ÚRSLITIN** 5. SÆTI
Sigur á móti Snæfelli
Keflavík og Stjarnan tapa sínum leikjum

**VERSTU ÚRSLITIN** 8. SÆTI
Tap á móti Snæfelli
Þór vinnur Njarðvík
Keflavík og Stjarnan vinna sína leiki

### ÞÓR ÞORL. 6.-8. SÆTI

**BESTU ÚRSLITIN** 6. SÆTI
Sigur á móti Njarðvík
Grindavík og Stjarnan tapa sínum leikjum

**VERSTU ÚRSLITIN** 8. SÆTI
Tap á móti Njarðvík



**KVEÐUR Í KVÖLD** Pálmi Freyr Sigurgeirsson spilar sinn síðasta leik á ferlinum í kvöld þegar Snæfell tekur á móti Grindavík í Stykkishólmi. Pálmi Freyr verður 37 ára gamall í haust en hann hefur leikið 331 deildarleik með Breiðabliki, Snæfelli og KR. Pálmi varð þrisvar sinnum Íslandsmeistari, með KR 2007 og 2009 og svo með Snæfelli 2010 þar sem hann náði því að vinna titilinn með tveimur félögum tvö ár í röð.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## STÖÐ 2 kl. 20.10
### Matargleði Evu



Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu á að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni. Í hverjum þætti verður sérstakt þema tekið fyrir og verður farið um víðan völl í matargerðinni.

## Í KVÖLD



### TWO AND A HALF MEN
**STÖÐ 2 KL. 19.45** Í þessari elleftu seríu hinna geysivinsælu gamanþátta Two and a Half Men fylgjumst við áfram með þeim Alan, Jack og Walden, milljónamæringnum sem kom óvænt inn í líf feðganna.



### AMERICAN IDOL
**STÖÐ 3 KL. 20.00** Fjórtánda syrpa þessara vinsælu þátta en allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu. Dómnefndin samanstendur af Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr. Kynnir er hinn kunni Ryan Seacrest.



### THE MENTALIST
**STÖÐ 2 KL. 20.35** Sjöunda þáttaröðin um Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.

## Bylgjan kl. 19.15
### Erna Hrönn



Erna Hrönn og góð tónlist á Bylgjunni.





„Takk elsku Edda mín fyrir að gefa okkur endalausan hlátur og gleði!...Eddan var algjört æði!"
**Vala matt**

NÆSTU SÝNINGAR
11. MARS **örfá sæti**
13. MARS **UPPSELT**
19. MARS **laus sæti**
26. MARS **laus sæti**
1. APRÍL **laus sæti**
2. APRÍL **laus sæti**
4. APRÍL **laus sæti**

Miðasala: **midi.is** í síma 563 4000
hópasala í síma 786 3060 • Miðasala er opin í Gamla bíó frá 15-18 virka daga og 15-20 sýningardaga


## STÖÐ 2
**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** iCarly
**08.05** The Middle
**08.30** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Make Me a Millionaire Inventor
**11.45** Cougar Town
**12.05** Enlightened
**12.35** Nágrannar
**13.00** 13 Going on 30
**14.45** The O.C.
**15.30** iCarly
**15.55** Impractical Jokers
**16.20** Up All Night
**16.45** Raising Hope
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður 18.30 Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Fóstbræður
**19.45** Two and a Half Men
**20.10** Matargleði Evu
**20.35** The Mentalist
**21.20** The Blacklist
**22.05** The Following
**22.50** Person of Interest
**23.35** Rizzoli & Isles
**00.20** Broadchurch
**01.10** Banshee
**02.00** NCIS New Orleans
**02.45** Louie
**03.05** Machine Gun Preacher
**05.10** The Mentalist
**05.50** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*
**07.00** Meistaradeildin - Meistaramörk
**07.30** Meistaradeildin - Meistaramörk
**08.00** Meistaradeildin - Meistaramörk
**10.20** San Antonio - Chicago
**11.55** ÍR - Skallagrímur
**13.35** Spænsku mörkin 14/15
**14.05** Bayern München - Shakhtar
**15.45** Chelsea - Paris St. Germain
**17.25** Meistaradeildin - Meistaramörk
**17.55** Wolfsburg - Internazionale Bein útsending
**20.00** Meistaradeildin í hestaíþróttum 2015 Bein útsending
**23.00** Kiel - Berlín
**00.20** Everton - Dynamo Kiev

## SPORT 2 *enski boltinn*
**11.10** Aston Villa - WBA
**12.55** Stoke - Everton
**14.40** QPR - Arsenal
**16.25** Tottenham - Swansea
**18.15** Liverpool - Burnley
**20.00** Premier League World 2014
**20.30** Fulham - Bournemouth
**22.15** Football League Show 2014/15
**22.45** Southampton - Crystal Palace
**00.25** Premier League World 2014

## ÍNN
**20.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum
**21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3
**19.10** Community
**19.35** Last Man Standing
**20.00** American Idol
**20.45** Hot in Cleveland
**21.10** Supernatural
**21.55** True Blood
**22.50** Community
**23.10** Last Man Standing
**23.35** American Idol
**00.20** Hot in Cleveland
**00.40** Supernatural
**01.25** True Blood
**02.15** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin
**07.00** Strumparnir **07.25** Skógardýrið Húgó **07.47** Tommi og Jenni **07.53** Sumardalsmyllan **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaska **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Latibær **09.55** UKI **10.00** Brunabílarnir **10.22** Kalli á þakinu **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Strumparnir **11.25** Skógardýrið Húgó **11.47** Tommi og Jenni **11.53** Sumardalsmyllan **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Latibær **13.55** UKI **14.00** Brunabílarnir **14.22** Kalli á þakinu **14.47** Ævintýraferði**15.00** Strumparnir **15.25** Skógardýrið Húgó **15.47** Tommi og Jenni **15.53** Sumardalsmyllan **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór**16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Latibær **17.55** UKI **18.00** Brunabílarnir **18.22** Kalli á þakinu **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Ljóti andarunginn og ég **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN
**18.45** Friends
**19.10** New Girl
**19.35** Modern Family
**20.00** Two and a Half Men
**20.20** 1600 Penn
**20.45** Ally McBeal
**21.30** Vice
**22.00** Game of Thrones
**22.55** Prime Suspect 4
**00.40** 1600 Penn
**01.00** Ally McBeal
**01.45** Vice
**02.15** Game of Thrones
**03.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN
**11.50** James Dean
**13.25** Jane Eyre
**15.25** Africa United
**16.55** James Dean
**18.30** Jane Eyre
**20.30** Africa United
**22.00** Romeo and Juliet
**00.00** Her
**02.05** 12 Rounds 2: Reloaded
**03.40** Romeo and Juliet

## RÚV
**16.35** Matador
**17.20** Stundin okkar
**17.45** Kungfú Panda
**18.07** Nína Pataló
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Dýralæknaskólinn
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**19.55** Fljótlegt og ferskt með Lorraine Pascale
**20.25** Ættartré
**20.55** Handboltalið Íslands *(karlalið KA 1996)*
**21.10** Fortitude
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð
**23.00** Heiðvirða konan
**23.55** Kastljós
**00.15** Fréttir
**00.30** Dagskrárlok

## SKJÁREINN
**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**12.00** The Voice
**13.30** The Voice
**15.00** Cheers
**15.20** Benched
**15.40** Survivor
**16.25** Top Chef
**17.15** Svali & Svavar
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.10** The Biggest Loser – Ísland
**21.20** Scandal
**22.05** How to Get Away with Murder
**22.50** The Tonight Show
**23.35** Law & Order
**00.20** Allegiance
**01.05** The Walking Dead
**01.55** Scandal
**02.40** How to Get Away with Murder
**03.25** The Tonight Show
**04.10** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin
**08.00** World Golf Championship 2015
**12.50** PGA Tour 2015 - Highlights
**13.45** World Golf Championship 2015
**18.35** Inside the PGA Tour 2015
**19.00** PGA Tour 2015
**22.00** Golfing World 2015
**22.50** Inside the PGA Tour 2015
**23.15** Golfing World 2015

## HRINGBRAUT
**11.00** Mannamál *(e)* **11.30** Heimsljós *(e)* **12.00** Mannamál *(e)* **12.30** Heimsljós *(e)* **13.00** Mannamál *(e)* **13.30** Heimsljós *(e)* **14.00** Mannamál *(e)* **14.30** Heimsljós *(e)* **17.00** Mannamál *(e)* **17.30** Heimsljós *(e)* **18.00** Mannamál *(e)* **18.30** Heimsljós *(e)* **19.00** Mannamál *(e)* **19.30** Heimsljós *(e)* **20.00** Mannamál *(e)* **20.30** Heimsljós *(e)* **21.00** Þjóðbraut **22.00** Þjóðbraut *(e)* **23.00** Þjóðbraut *(e)*

## ÚTVARP
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# VÁ!

## ÞÝSK GÆÐI FRÁ OPEL!

**Opel Corsa**
Verð frá: **2.490.000 kr.**
Útborgun frá aðeins: **249.000 kr.**
Hægt er að velja um fjölbreytt úrval af aukabúnaði.




## Ný Corsa

## Heitasti bíllinn í bænum

Það er komin ný Corsa og hún er heit. Hún fæst vel græjuð, jafnvel fyrir köldustu mánuði ársins. Þú nýtur þess að sitja í upphituðum sætum og halda utan um upphitað stýrið. En hitinn er bara einn kosturinn við Corsa – þú getur fengið þá miklu fleiri. Kynntu þér Corsa á opel.is.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Reykjavík**
**Tangarhöfða 8**
**590 2000**

**Reykjanesbær**
**Njarðarbraut 9**
**420 3330**

**Opið virka daga frá 9 til 18**
**og laugardaga frá 12 til 16.**
**Verið velkomin í reynsluakstur.**

OPEL

Bíll á mynd er Corsa Enjoy fimm dyra. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði. Birt með fyrirvara um texta og myndabrengl.

Lykill

Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

**UPPÁHALDSSKYNDIBITINN?**



**„Uppáhaldsskyndibitinn er pitsa með öllu.“**

Guðmundur Ingi Úlfarsson leturhönnuður.

# Neyðin kennir nöktum nemum að selja dót

Fátækir námsmenn gera það gott með fatasölusíðu á netinu. Vinsældirnar komu skemmtilega á óvart.

Magnús Máni Hafþórsson, sautján ára menntaskólanemi, fékk hugmyndina að sölusíðunni dressed.is þegar hann tók til í skápunum heima hjá sér og vissi ekki hvað hann ætti að gera við heilu pokana af fötum. Hann kom svo síðunni á fót í síðustu viku með aðstoð kærustunnar, Unnar Óskar Burknadóttur.

„Ég sá gat í markaði og fór í að búa til síðuna. Unnur Ósk hefur svo séð um textagerðina,“ segir Magnús en síðan er hugsuð sem vettvangur fyrir fólk úr öllum áttum til að selja og kaupa notuð föt án endurgjalds. Vinsældirnar létu ekki á sér standa. Á fimm dögum hafa fimm þúsund einstakar IP-tölur verið skráðar.

„Flettingarnar á þessum tíma eru rúmlega nítján þúsund. Ég vonaðist til að ná til kannski tvö hundruð manns á dag svo þessar tölur koma rosalega á óvart,“ segir Magnús himinlifandi með viðtökurnar. „Þetta er fullkomin leið til að nýta frítímann í eitthvað uppbyggilegt. Ætli við höfum ekki bara aðeins of mikinn frítíma.“ - ga

**Fyrir okkur Unni er þetta fullkomin leið til að nýta frítímann í eitthvað uppbyggilegt.**



**KÆRUSTUPARIÐ** Magnús og Unnur reka sölusíðuna saman meðfram námi í Menntaskólanum við Sund. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






**NÓG AÐ GERA** Edda býr í New York og starfar þar og í Los Angeles.

# Stíliseraði Taylor Swift í myndbandi

Edda Guðmundsdóttir var fengin til þess að stílisera poppstjörnuna fyrir tónlistarmyndband. Næst á dagskrá hjá henni er sýning Hildar Yeoman í kvöld.

„Leikstjóri myndbandsins, Joseph Kahn, bað mig um að koma og stílisera með teyminu hennar,“ segir Edda Guðmundsdóttir stílisti.

Edda vann með poppstjörnunni Taylor Swift í myndbandi við lagið Blank Space, af nýjustu plötunni stjörnunnar 1989.

„Ég hef unnið töluvert mikið með Kahn, en hann hefur leikstýrt yfir fimm hundruð tónlistarmyndböndum erlendis. Hann fékk meðal annars MTV Europe Icon-verðlaunin fyrir vinnu sína í tónlistarbransanum.“

Edda segir það hafa verið mjög gaman að vinna með Swift og að hún og allt hennar teymi hafi verið einstaklega faglegt.

„Það er alltaf mikið af fólki með í ákvarðanatökum fyrir verkefni af svona stærðargráðu. Fyrir Taylor í þessu tilfelli snerist þetta líka mikið um að koma með nýja ímynd fyrir hana, án þess að það hefði áhrif á aðdáendahóp hennar.“

Edda er búsett í New York og vinnur mestmegnis þar og í Los Angeles. Taylor Swift er ekki eina stóra nafnið sem hún hefur unnið með, Edda hefur einnig unnið með Alicia Keys og Barbra Streisand. Nýlega vann hún með fatahönnuðinum Bernhard Wilhelm fyrir stóra sýningu á MOCA-safninu í Los Angeles.

„Núna fyrir stuttu vann ég með Kahn að Power Ranger-stuttmynd. Sú stuttmynd varð svo vinsæl að síðan hrundi,“ segir Edda en í myndinni léku þau Katee Sackhoff og James Van Der Beek, sem flestir þekkja sem Dawson úr Dawson's Creek.

Hún hefur lítið unnið hér heima og segir það mjög ólíkt því að vinna vestan hafs. „Verkefnin úti eru stór og oft er mikið fjármagn að baki. En hér heima er svo mikið af spennandi hæfileikaríku fólki sem er svo opið og tilbúið að prófa alls konar hluti.“

Edda er komin hingað til lands til þess að stílisera nýjustu línu Hildar Yeoman, Flóra. „Hildur er með seiðkonuþema á sýningunni í ár. Grös, galdrar og sterkar kvenfyrirmyndir verða í aðalhlutverki. Þetta er ótrúlega spennandi uppsetning sem við erum að vinna að og mikið af hæfileikaríku fólki sem kemur að þessari sýningu.“



**TAYLOR SWIFT**



**HILDUR YEOMAN**

**Fyrir Taylor í þessu tilfelli snerist þetta líka mikið um að koma með nýja ímynd fyrir hana, án þess að það hefði áhrif á aðdáendahóp hennar.**

*Edda Guðmundsdóttir stílisti.*

Sýningin verður haldin í Vörðuskóla á Skólavörðuholti í kvöld og er hluti af HönnunarMars. „Það verður eitthvað þarna fyrir alla, hvort sem þú hefur áhuga á tónlist, dansi, arkitektúr, tísku eða töfrum.“

adda@frettabladid.is




JACK & JONES®

KRINGLUNNI OG SMÁRALIND

FACEBOOK.COM/JACKANDJONESICELAND

INSTAGRAM @JACKANDJONESICELAND

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, **ritstjorn@frettabladid.is** **AUGLÝSINGADEILD** **auglysingar@frettabladid.is** **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177

*Opið allan sólarhringinn*
*í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka*
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bróderaði andlitið og færir að gjöf

**Tanja Huld Levý**, fata- og textílhönnuður, varð ótrúlega glöð þegar hún frétti að Walter Van Beirendonck, uppáhaldsfatahönnuður hennar, væri á leið til landsins vegna HönnunarMars en hann mun tala á Design talks í dag. „Ég varð jafn spennt og ef ég hefði frétt að Spice Girls væru á leið til landsins, þegar ég var átta ára.“ Tanja tók sig til og bróderaði mynd af átrúnaðargoðinu í pappír og ætlar hún að færa honum gjöfina í dag. „Ég var í Japan í vetur og þar voru allir alltaf að gefa manni gjafir. Og mér fannst það svo sætt og gestrisið af þeim að ég ákvað að taka Japana til fyrirmyndar.“ **- ebg**



### Sunnlendingar gleðjast

Á árvissu balli í Hvíta húsinu á Selfossi undir formerkjum „Inghóls reunion“ verður því fagnað um næstu helgi að 30 ár eru liðin frá stofnun skemmtistaðarins sögufræga. Allmörg ár eru síðan Inghóll leið undir lok, en hann var á efri hæðum hússins sem nú hýsir meðal annars KFC á Selfossi. Sunnlendingar sem nálgast miðjan aldur og þar yfir halda hins vegar enn í góðar minningar um skemmtanahald þar. Í tilefni merkra tímamóta treður Sálin hans Jóns míns upp og sérstakir heiðursgestir eru þeir **Einar Bárðarson** framkvæmdastjóri höfuðborgarstofu, **Birnir Ásgeirsson** bílasali og **Þórir Jóhannsson**, framkvæmdastjóri og eigandi Stúdíós Sýrlands. Fólki undir þrítugu verður meinaður aðgangur að skemmtaninni. **- óká**



## Mest lesið VÍSIR

1. „Það á enginn að segja mér hvað barnið mitt á að heita“
2. „Vill hann láta afhausa sig?“
3. Schalke skoraði fjögur mörk á Bernabéu en Real komst áfram | Sjáið mörkin
4. Landsbjörg þarf að greiða Ofur-Baldri: Sala tertu ársins 2012 hefði átt að vera bönnuð
5. Sölvi: Veit ekkert hvað er að gerast fyrr en túlkurinn mætir

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

